

LEIKARABÖRN Í LEIKLISTARSKÓLANN ▶20



Bryndís Björgvinsdóttir og Egill Ólafsson
BREYSKAR FYRIRMYNDIR BESTAR ▶28

NÝR SUMAR-
BÆKLINGUR
FYLGIR MEÐ
BLAÐINU Í DAG



Ú
ÓRVAL ÚTSÝN

FRÉTTABLAÐIÐ

HELGARBLAÐ
24. janúar 2015
20. tölublað 15. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt þrenniáskömum Landcent Gellura apríl-júní 2014



LEIKURINN Í LÍFINU

Í áraradír snerist lífið hjá Ólafi Stefánssyni og fjölskyldu um hann og handboltann. Síðustu ár hefur lífið mikið breyst eftir að hann sagði skilið við atvinnumennsku. ▶ 24



KAUPAKONAN SEM GIFTIST BÓNDANUM Pórunn Egilsdóttir reynir að sameina þingstörf og sauðfjárrækt. ▶ 34



ÞINGKOSNINGAR Í GRIKKLANDI ▶ 36



BRÁ ROSALEGA ÞEGAR APINN STÖKK Á MIG Hekla Gauksdóttir fór í dýragarð í Svíþjóð. ▶ 42

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

OPIÐ
um helgina
KOLAPORTIÐ

LAGERSALA
Á KORPUTORGI
the PIER 20%–90%
AFSLÁTTUR

ÚTSALA
ALLT AÐ 70%
AFSLÁTTUR

SMÁRALIND

GLEÐIFRÉTTIN

Jafntefli við Evrópu-meistara

Strákarnir okkar gerðu jafntefli við Ólymíu- og Evrópu-meistara Frakka í Heimsmeistarakeppninni í handbolta í Katar og voru hársbreidd frá því að landa sigrinum. Leikurinn var æsispennandi og stuðningsmenn íslenska landsliðsins í handbolta létu vel í sér heyra á áhorfendapöllum og hoppuðu af kæti þegar úrslitin lágu fyrir.



FIMM Í FRÉTTUM KATTAPJÓFNAÐUR OG ÁFENGISMEÐFERÐ



Ólafur Njálsson varð fyrir því að nokkrum Bengal-köttum hans var stolið frá ræktun hans í Náttuga í Ölfusi. Á vettvangi fundust brjóstahaldari og buxur með blettatígursmynstri. Ólafur biðlaði til þjófanna að skila köttunum.



Einar Torfi Finnsson náði á suðurpólnum á þriðjudag eftir 57 daga ferðalag. Hann sagði síðasta daginn hafa verið fljótan að líða en ferðalagið strangt. Hann var með sömu þremur einstaklingunum allan tímann, fyrir utan einn klukkutíma þegar þeir mættu öðru fólki.



Skúli Helgason. Sagt var frá því að börn í Reykjavík mættu ekki þiggja hjálma og tannbursta sem gjafir á skólatíma. Skúli, sem er formaður skóla- og frístundasviðs borgarinnar, sagði reglur borgarinnar skýrar en þær væru til þess að vernda börn fyrir markaðssetningu á skólatíma.



Gústaf Niélsen var skipaður af Framsókn sem varamaður í mannréttindaráði borgarinnar. Ýmsir brugðust ókvæða við þar sem Gústaf hefur sætt harðri gagnrýni fyrir ummæli sín í garð múslíma og samkynhneigðra. Framsókn viðurkenni mistök og sama dag var skipun hans dregin til baka.

→ Björgvini G. Sigurðssyni var sagt upp störfum sem sveitarstjóra Ása-hrepps vegna þess að hann dró sér fé í opinberu starfi. Björgvin hafnaði á sökunum um fjárdrátt en viðurkenni að hafa átt að óska eftir heimild til að greiða sér laun fyrirfram og taka út vörur og þjónustu til einkanota á debetkort sveitarfélagsins. Eftir að fréttir birtust um málið ákvað Björgvin að fara í áfengismeðferð sem hann byrjaði í á miðvikudag.



RIKSKOÐAÐUR Mohamedou Slahi hefur gefið út dagbók sem hann hélt í Guant-anamo-fangabúðunum. NORDICPHOTOS/AFP

Dagbók fanga um lífið í fangelsinu í Guantanamo komin út: Stjórnvöld ritskoðuðu dagbókina

BRETLAND Mohamedou Slahi er 44 ára og hefur verið í haldi í Guant-anamo-fangabúðunum á Kúbu síðan árið 2002. Í nýrri dagbók sem hefur verið gefin út lýsir hann lífinu í fangabúðunum og þeim hrottafengnu pyntingum sem hann hefur þurft að þola. Mohamedou var sakaður um að vera meðlimur í al-Kaída samtökunum og að hafa verið viðriðinn hryðjuverkaárásina á Tvíburaturturnana í New York. Mohamedou skrifaði dagbókina árið 2005 og það hefur tekið sjö ár fyrir lögfræðinga hans að fá hana samþykkt til útgáfu. Stór hluti bókarinnar er ritskoðaður vegna bandarískra hagsmuna. Í bókinni er ritskoðunin sýnd á prenti. - kbg

Geðheilsustöð verðlaunuð: Færri innlagnir á geðdeildir

HEILBRIGÐISMÁL Geðheilsustöðin í Breiðholti hlaut í gær nýsköpunarverðlaunin 2015 í opinberri þjónustu og stjórnsýslu, sem afhent voru á ráðstefnu á Grand hóteli. Með Geðheilsustöðinni er ætluð að veita fullorðnum einstaklingum sem greint hafa með geðraskanir heilðræna þjónustu og draga með því m.a. úr innlögnum á geðsvið Landspítalans. Verkefnið hefur m.a. leitt til þess að innlögnum frá íbúum í Breiðholti á geðsvið Landspítalans hefur fækkað um 28 prósent frá því að Geðheilsustöðin tók til starfa. - kbg

Samið um skuldauppgjör: Sættir í máli Björgvins G.

SVEITARSTJÓRNARMÁL Ásahreppur og Björgvin G. Sigurðsson, fyrrverandi sveitarstjóri, hafa gert samkomulag um fjárhagslegt uppgjör vegna starfsloka Björgvins. Þau sendu sameiginlega yfirlýsingu í gær vegna samkomulagsins. Björgvin viðurkenni að hafa brotið gegn starfsskyldum með því að ráðstafa fjármunum sveitarfélagsins án heimildar. Björgvin mun greiða féð til baka með ógreiddum launum og orlofi. - ih

Ein kæra borist vegna Hagaskóla

Nemendum við Hagaskóla hefur verið hótað og ógnað á ýmsan hátt. Aðstoðarskólustjóri segir skólayfirvöld gera allt til þess að tryggja öryggi nemenda.

SKÓLAMÁL „Að sjálfsgöðu gerum við það sem við getum til að tryggja öryggi nemenda í skólanum og teljum það hafa gengið þrýðilega. Þegar svona stendur á þurfa önnur verkefni að víkjja,“ segir Ómar Örn Magnússon, aðstoðarskólustjóri Hagaskóla. Eins og Fréttablaðið sagði frá í vikunni hefur mikil hræðsla verið meðal barna í skólanum vegna hóps sem hefur ógnað og hótað nemendum þar um nokkurra mánaða skeið. Í byrjun vikunnar kom svo til rýsinga milli foreldris nemanda og annars nemanda sem hafði ógnað barni hans. Faðirinn mætti í skólann til þess að ræða við meintan geranda á skólatíma og endaði það með rýsingum þeirra á milli en ekki er vitað hversu alvarlegar þær voru. Ómar segist ekki geta tjáð sig um tiltekið atvik og segir það hafa farið í ákveðið ferli.

Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að ein kæra hafi borist tengd ástandinu í Hagaskóla. Kristján Ólafur Guðnason aðstoðaryfir-lögregluþjónn staðfestir það. Verið sé að vinna í málinu í samstarfi við skóla- og barnaverndaryfir-völd. „Það er unnið að því að leysa þessi mál og reynt að koma þeim til aðstoðar sem þess þurfa.“

Ómar segir málin sem upp hafa komið ekki einskorðast við skólann sem slíkan, mörg atvikin sem um ræðir eigi sér stað utan skóla en snúi engu að síður að nemendum hans.

Margir foreldrar hafa haft samband við skólann í vikunni og lýst yfir áhyggjum sínum vegna ástandsins. „Við höfum fengið miklar upplýsingar og líka ábendingar um atvik sem eiga að hafa



HAGASKÓLI Ástand hefur verið í skólanum undanfarna mánuði vegna hótana og ógnana ákveðins hóps. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ógnunum beitt með ýmsum hætti

Um er að ræða fámennan hóp gerenda sem stendur að ógnunum. „Þær upplýsingar sem ég hef benda til þess að þetta séu fáir einstaklingar sem eru virkir sem gerendur en þeir koma líka upplýsingum sem geta valdið ótta áfram í gegnum millilið eða einhvern sem þeir vita að hefur aðgang að viðkomandi.“ Ómar segir ýmsum aðferðum beitt við hótanirnar. „Ástæður hótana og ógnana eru mjög misjafnar. Allt frá því að vera eitthvað sem einhver átti að hafa sagt fyrir mörgum árum eða tilbúinn árekstur eða orð sem eiga að hafa fallið.“

átt sér stað að undanförmu. Við viljum auðvitað geta fylgst með þeim börnum sem við vitum að eru óttaslegin og þurfa sérstakt eftirlit. Mörg börn eru hrædd og óttaslegin en það er samt þannig að flest börn hafa ekki lent í neinu,“ segir Ómar.

„Það sem setti þetta mál á þann stað að okkur fannst við þurfa að upplýsa foreldra um stöðuna var

að við fengum núna um áramótin upplýsingar um börn sem vildu síður taka þátt í tómstundastarfi í hverfinu. Þá af ótta við að lenda í aðstæðum eða hitta einhvern af þessum gerendum á förmum vegi, þar sem þeir hafa vanið komur sínar á staði þar sem þeir vita að eru börn fyrir,“ segir Ómar og tekur fram að unnið sé að því að leysa málið. viktoria@frettabladid.is

Stórfjölskyldan í Portúgal

Verð frá 104.200 kr.*
og 12.500 Vildarpunktur

Á mann m.v 3 fullorðna og 2 börn á Clube Albufeira
26. maí í 2 vikur.
*Verð án Vildarpunkta 114.200 kr.
Verð fyrir 2 fullorðna: 129.300 kr. / 139.900 kr.

Flugið með Icelandair

Skráðu þig í netklúbbin - VITA.is
VITA - Skógarhlíð 12 - Sími 570 4444

Páll Winkel segir grundvallaratriði að fangar eigi kost á námi eða vinnu: Staða námsráðgjafa fullmönnuð

SAMFÉLAGSMÁL Staða námsráðgjafa sem sinnir fögnum á Suðurlandi er nú fullmönnuð. Fjallað var um niðurskurð í málaflokknum í desembermánuði á síðasta ári þegar staða námsráðgjafa sem sinnir sérstaklega fögnum sem stunda nám, var síðasta haust skorin niður úr 100 prósent stöðu í 50 prósent.

Niðurskurðurinn hafði mikil áhrif á gæði náms fanga. Brotinn námsferill fanga krefst oft greiningar og menntunarsaða íslenskra fanga er verri en annars staðar á Norðurlöndum.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar 2008 kom fram að námsárangur fanga hafði batnað töluvert á milli ára og var það rakið til starfs námsráðgjafa sem þá starfaði í fullri stöðu. Mælti Ríkisendurskoðun með því að hlúa að því

“Menn eru betur undirbúnir til þess að taka þátt í samfélaginu. Hvort sem það er að læra að lesa og skrifa eða fara í háskólanám.”

*Páll Winkel
forstöðumaður Fangelsismálastofnunar*

fyrirkomulagi til frambúðar. Páll Winkel, forstöðumaður Fangelsismálastofnunar, segir ánægju með fyrirkomulagið og segir algjört grundvallaratriði að menn hafi góðan kost á námi eða vinnu meðan þeir afplána dóm sinn.

„Menn eru betur undirbúnir til þess að taka þátt í samfélaginu. Hvort sem það er að læra að lesa og skrifa eða fara í háskólanám.“



BETUR UNDIRBÚNIR Páll Winkel, forstöðumaður Fangelsismálastofnunar, segist ánægður með að búið sé að fullmanna stöðu námsráðgjafa sem mun sinna fögnum sem vilja stunda nám.



Besti smábíllinn - aftur...

➤ Ford Fiesta var valinn besti smábíllinn tvö ár í röð af sérfræðingum virta bílblaðsins Bilmagasinet.

Evrópubúar eru sammála þessari niðurstöðu því síðustu tvö ár hefur Ford Fiesta selst betur en nokkur annar smábíll í Evrópu.

Í tilefni 20 ára afmælis Ford hjá Brimborg fylgja ný Nokian vetrardekk að verðmæti 120.000 kr. öllum Ford Fiesta í janúar. Nýttu tækifærið.

FORD FIESTA

FRÁ **2.390.000** KR.

**ATHUGIÐ: LÆKKIÐ VERÐ
Á ÖLLUM NÝJUM FORD**



ford.is



Brimborg Reykjavík Brimborg Akureyri
Bíldshöfða 6 Tryggvabraut 5
Sími 515 7000 Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16.

Kynntu þér nánar mest selda smábíl Evrópu:

Hiti er í framsætum og 3,5 tommu upplýsingaskjári í mælaborði. Farangursrýmið er einstaklega rúmt (290 lítra). CO₂ gildin eru óvenju lág fyrir bensínvél og hann fær frítt í stæði í miðborg Reykjavíkur. Ford MyKey, brekkuadstoð og EasyFuel er staðalbúnaður. Öryggisúðarnir eru óvenju margir eða 7 talsins, þar af einn fyrir hné ökumanns. Sérstakt hitaelement er í miðstöð og er hann því mjög fljótur að hitna sem er afar hentugt á köldum vetrarmorgnum!

Ford Fiesta, bensín 65 hð, beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,3 l/100 km. CO₂ 99 g/km.

Ford Fiesta, EcoBoost bensín 100 hð, sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,9 l/100 km. CO₂ 114 g/km.

Tökum allar tegundir bíla uppí nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

19.1.2015 → 25.1.2015

HUNDRAD PRJÁTÍU OG EIN BEIÐNI



barst lögreglu í fyrra um leit að börnum á aldrinum 11 til 18 ára. Slíkar beiðni voru 219 árið 2010.



2.300

fasteignir eru í eigu íbúðalánasjóðs, 889 þeirra eru leigðar út.

421.486 krónur

tók Björgvin G. Sigurðsson, fyrrverandi ráðherra, sér án heimildar yfirboðara í Ásahreppi.



8,2

milljarðar króna runnu í Framkvæmdasjóð aldræðra 2010–2014.



150

leysibendlar voru gerðir upptækir af Tollstjóra á síðasta ári.

88.000

tonnum meira veiðist í dag af þorski en árið 2008 þegar þorskveiðar voru í sögulegu lágmarki.



90

einstaklingar fá líffsnaúðsynleg lyf með tilstyrk ríkisins vegna óþímufiknar.



135

hreindýrum fleira er veiðimönnum heimilt að fella á komandi veiðitímabili en því síðasta.



Samskiptin brutu í bága við reglur

Umboðsmaður Alþingis skilaði álitinu á samskiptum Hönnu Birnu Kristjánsdóttur, þáverandi innanríkisráðherra, og Stefáns Eiríkssonar, fyrrverandi lögreglustjóra, í gær. Segir hana hafa gerst brotlega við lög, samskiptin hafi verið ósamrýmanleg stöðu hennar og tafið málið.

STJÓRN MÁL „Að framan hef ég lýst því álitinu mínu að fyrrverandi innanríkisráðherra hafi sett fram við lögreglustjóran athugasemdir og gagnrýni á rannsókn sakamáls sem voru verulega umfram það sem gat samrýmst því að um væri að ræða efnislegar fyrirsurnir til að greiða fyrir rannsókn málsins eða meðferð gagna ráðuneytinu,“ segir í álitinu Tryggva Gunnarssonar, umboðsmanns Alþingis, á samskiptum Hönnu Birnu Kristjánsdóttur, þáverandi innanríkisráðherra, og Stefáns Eiríkssonar, fyrrverandi lögreglustjóra á höfuðborgarsvæðinu, við rannsókn lekamálsins.

Veitti ekki upplýsingar

Álit umboðsmanns var birt í gær og mætti Tryggvi ásamt öðrum starfsmönnum embættisins á opinn fund stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis þar sem hann gerði grein fyrir álitinu og svaraði spurningum nefndarmanna.

Samrýmdist ekki reglum

Í álitinu kemur fram að samskiptin hafi falið í sér ítrekaða gagnrýni og beinar athugasemdir ráðherra við það hvernig lögreglustjórn stóð að rannsókninni, vinnubrögð lögreglunnar og einstakar rannsóknarathafnir.

„Það er óásættanlegt af hálfu umboðsmanns ef að stjórnvöld neituðu að segja til um hverjir væru réttir málavextir í því máli sem umboðsmaður hafði ákveðið að taka til skoðunar. [...] Það var auðvitað algjörlega útilokað að takast á við svona mál ef að það væru ekki réttar upplýsingar.“

Tryggvi tók ítrekað fram að ef Hanna Birna hefði veitt honum þær upplýsingar sem hann óskaði eftir í upphafi hefði málið ekki tekið þann tíma sem raun bar vitni.

Mistök

Hann hafi tvívegis óskað eftir upplýsingum um málavexti án árangurs en hann greindi frá samtali sínu við Stefán um það hvernig samskiptum hans og Hönnu Birnu var háttað meðan á rannsókn málsins stóð.

Í bréfi sem Hanna Birna sendi umboðsmanni þann 8. janúar síðastliðinn segir hún samskiptin hafa verið mistök. „Það voru mistök af minni hálfu að eiga samskipti við lögreglustjóran vegna rannsóknarinnar meðan hún stóð yfir. [...] Ég sé nú að samskipti okkar voru hvorki fyllilega samrýmanleg stöðu minni sem yfirstjórnanda lögreglumála né því að lögreglustjórnin var forstöðumaður þess embættis sem vann að rannsókninni.“

Hanna Birna vildi ekki tjá sig um málið við Fréttablaðið í gær umfram það sem fram kemur í svari hennar til umboðsmanns.

fanney@frettabladid.is
heidakristin@frettabladid.is



SETIÐ FYRIR SVÖRUM Tryggvi Gunnarsson, umboðsmaður Alþingis, gerði grein fyrir álitinu sínu um samskipti ráðherra og lögreglustjóra við rannsókn lekamálsins á þingnefndarfundi í gær.

LÆTUR ATHUGA ÁBENDINGAR

Ólöf Nordal innanríkisráðherra hefur beðið Hafstein Pór Hauksson, lektor við laga-deild HÍ, að rýna þær ábendingar sem fram koma í niðurstöðu umboðsmanns Alþingis og snúa að ráðuneytinu. Hann mun koma með ábendingar um hvort ástæða sé til að grípa til sérstakra ráðstafana varðandi reglur og góða siði í ráðuneytinu. Aðspurð vildi hún ekki tjá sig um annað sem fram kom í niðurstöðum umboðsmanns né hvort hún telji Hönnu Birnu sætt á að snúa aftur á þing.

Krefst svara frá forsætisráðherra fyrir 1. september 2015



HANNA B. KRISTJÁNSDÓTTIR



SIGMUNDUR D. GUNNLAUGSSON

Í kjölfar álits umboðsmanns á samskiptum Hönnu Birnu Kristjánsdóttur, þáverandi innanríkisráðherra, og Stefáns Eiríkssonar, þáverandi lögreglustjóra, sendi umboðsmaður Alþingis Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra bréf. Í bréfinu spyr umboðsmaður sérstaklega út í samþykkt síðareglna ráðherra, framkvæmd laga og reglna um skyldu til að skrá formleg samskipti og fundi og stöðu aðstoðarmanna ráðherra að lögum og útgáfu leiðbeinandi erindisbréfs fyrir aðstoðarmann.

Umboðsmaður telur í bréfinu að síðareglur, sem ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur setti sér, gildi um núverandi ríkisstjórn. Til þess hefði ríkisstjórnin öll þurft að samþykkja reglurnar sem slíkar. Í svari sem Sigmundur hafði sent umboðsmanni sagði hins vegar að birtar síðareglur gildi þar til þeim sé eytt. Umboðsmaður telur þar af leiðandi að síðareglurnar hafi ekki getað gilt um samskipti innanríkisráðherra og lögreglustjórans.

Þá telur umboðsmaður að huga þurfi að reglum um skráningu formlegra samskipta í

Stjórnarráðinu og framkvæmd þeirra. Er þar vísað til þess að samskipti ráðherra við lögreglustjóran hafi verið skráningarskyld en þeirri skyldu ekki sinnt. Umboðsmaður telur reglurnar ekki skýrar og tilefni kunnari að vera til endurskoðunar á þeim.

Að endingu telur umboðsmaður Alþingis að tilefni sé til að endurskoða leiðbeiningar fyrir aðstoðarmenn ráðherra, einkum með það að markmiði að tryggja aðgreiningu á milli hlutverks ráðherra með hliðsjón af þeim verkefnum sem fela má aðstoðarmönnum.

Mögulega þurfi að koma fram afstaða til þess hvort og hvernig aðstoðarmenn megi hafa beinum samskiptum sínum við forstöðumenn og starfsmenn undirstofnana og um heimildir þeirra til að fá aðgang að gögnum um einstök stjórnsýslumál.

Umboðsmaður óskar eftir svörum ráðherra, fyrir 1. september 2015, um hvort ábendingar hans verði ráðuneytinu tilefni til viðbragða og þá hvaða. Hann muni síðan taka afstöðu til þess hvort hann taki þessi atriði til frekari athugunar.

Minningarsjóður
Kjartans B. Kjartanssonar auglýsir
NÁMSSTYRK

3. grein skipulagsskrár Minningarsjóðs Kjartans B. Kjartanssonar hljóðar svo:
Tilgangur sjóðsins er að veita námsstyrki til þeirra, sem leggja í framhaldsnám vegna geðverndarstarfa eða meðferðar geðsjúkra, svo sem lækna, hjúkrunarkvenna, félagsráðgjafa, sálfræðinga og sjúkravinnukennara. Stjórn sjóðsins auglýsir hér með eftir umsóknum um styrki. Umsóknum skal skila til Geðverndarfélags Íslands, Hátúni 10, 105 Reykjavík, fyrir 1. febrúar 2015.

Úthlutun fer fram á aðalfundi Geðverndarfélags Íslands í mars 2015.
Stjórn Minningarsjóðs Kjartans B. Kjartanssonar

Veðurspá

Alicante 14°	Friedrichshafen 3°	New York 3°
Ápøna 16°	Gautaborg 1°	Orlando 25°
Basel 10°	Kaupmannahöfn 1°	Ósló -7°
Berlín 1°	Las Palmas 19°	París 3°
Billund 0°	London 7°	San Francisco 16°
Frankfurt 3°	Mallorca 13°	Stokkhólmur -3°

Á MORGUN
Vaxandi SA-átt síðdegis með úrkomu, fyrst suðvestan til.

SUNNUDAGUR
Hvasst sunnan og vestan til, jafnvel stormur með S-ströndinni.

Ingibjörg Karlsdóttir veðurfréttamaður

UMHLEYPINGAR verða á landinu um helgina. Það kólnar og frýstir í dag en síðdegis á morgun hvesst af suðaustri með hlýnandi veðri. Talsverð úrkomu verður um tíma, snjókomu í fyrstu en síðan slydda og rigning. Á sunnudag kólnar aftur með eljum.

SÍMAR AUGLÝSINGAÐEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Svanur Valgeirsson svanur@365.is **ALMENNAR AUGLÝSINGAR:** SÍMI 512-5401: Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Pór Steingrímsson hlynur@365.is, Hjalti Egilsson hjalti@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrir@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÖLK/LÍFID/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Gunnhildur Geira Dan Þorlákssdóttir geira@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Jónatan Atli Sveinsson jonatan@365.is, **FÖLK OG SÉRBLÖÐ EFNÍ:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarssdóttir vera@365.is **RÁÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hranar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **PIJÓNSTUUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrun@365.is

JO NESBØ

Ávanabindandi
spennutryllir

Harry Hole dregst inn í miskunnarlausa undirheima Oslóarborgar, þar sem nýtt og háskalegt eiturlyf er komið í umferð. Lögreglan vill ekki hleypa Harry nálægt rannsókn málsins ...

„Besta skáldsaga Nesbø.“
EVENING STANDARD



VILDARKLÚBBUR
EYMUÐSSON



Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 14b, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Flugstöð Leifs Eiríkssonar

PENNINN

Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval er mismunandi eftir verslunum. Vildarverð gildir til og með 26. janúar. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.

Efnahagsbrot í Svíþjóð: Peningabætti rannsakað

SVÍÞJÓÐ Peningabætti fer nú fram í gegnum fyrirtæki sem handla reidufé, eins og gjaldeyrisskiptistöðvar, ferðaskrifstofur og tóbakssölur. Þetta segir Eva Fröjelin, yfirmaður sænsku efnahagsbrotastofnunarinnar.

Á vef DN segir að breyting á lögum á miðju síðasta ári hafi veitt fjármálastofnunum möguleika á að frysta fé væri ekki hægt að skýra uppruna þess. Fröjelin vænti þess að miklu fleiri tilkynningar um fryst fé myndu berast. - ibs

Aðskilnaðarsinnar í austanverðri Úkraínu segjast vera í sókn og friðarviðræður tilgangslausar:

Uppreisnarleiðtogi vill ekki vopnahlé

ÚKRAÍNA „Af okkar hálfu verða ekki gerðar neinar tilraunir til viðræðna um vopnahlé,“ sagði Alexander Sakhartsjenkó, einn af helstu leiðtogum uppreisnarmanna í austanverðri Úkraínu.

Hann sagði uppreisnarmenn vera í sókn þessa dagana og hafa því engan hag af friðarviðræðunum. Þeir myndu halda áfram að reyna að ná stærra svæði á sitt vald. Donetsk-borg væri þegar á valdi þeirra og nánast allt Donetsk-hérað sömuleiðis.

Úkraínski herinn yfirgaf í vikunni flugstöðvarbygginguna í Donetsk eftir hörð átök þar, en uppreisnarmenn höfðu lengi haft flugvöllinn sjálfan á sínu valdi. Uppreisnarmenn segja samt

að stjórnarherinn sé enn að gera árásir á flugvöllinn.

Þrettán almennir borgarar létu lífið á fimmtudag þegar sprengjuflug sprakk á strætisvagnastöð þar í miðborginni. Uppreisnarmenn saka stjórnarherinn um að bera ábyrgð á þessari árás, og Vladimir Pútín Rússlandsforseti hefur tekið undir það.

Atlantshafsbandalagið segir margt benda til þess að hörð átök séu í uppsiglingu í austanverðri Úkraínu.

Sameinuðu þjóðirnar segja að átök þar hafi til þessa kostað meira en fimm þúsund manns lífið. - gb



ALEXANDER SAKHARTSJENKÓ Leiðtogi uppreisnarmanna, fyrir miðri mynd, umkringdur lífvörðum.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP



Í BÓNUS Tollar eru helmingur af innfluttu fuglakjöti. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hægt að bæta við tollkvóta:

Tollar halda kjötverði háu

LANDBÚNAÐUR Tollar eru helmingur af verði á innfluttu alifuglakjöti og milli 40 og 26 prósent af verði á annarri innfluttri kjötvöru. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu starfshóps um tollamál á sviði landbúnaðar.

Þá bendir Félag atvinnurekenda á að stjórnvöld geti aukið innflutning á landbúnaðarafurðum á lægri tollum verulega samkvæmt samningnum um Alþjóðaviðskiptastofnunina án viðræðna við önnur ríki. Til að mynda er heimilt að hækka tollkvóta á alifuglakjöti úr 59 tonnum í 412 tonn. - ih

Ný frístundabyggð í Lóni:

Hafna kröfu um stöðvun

SKIPULAGSMÁL Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála hafnar kröfu um stöðvun framkvæmda við frístundabyggð í Stafafellsfjöllum í Lóni.

Eigendur sumarhúsa í Stafafellsfjöllum kærðu ákvörðun bæjarstjórnar Hornafjarðar um nýtt deiliskipulag á svæðinu og kröfðu úst þess að hún yrði felld úr gildi. Þangað til myndu framkvæmdir verða stöðvaðar. Sveitarfélagið segir kröfuna ómálfnalega og ósanngjarna. - gar

Hundrað þúsund tonnnum bætt við loðnukvótann

Hafrannsóknastofnun boðar að aflarágjöf í loðnu verði aukin verulega. Meira sést af veiðanlegri loðnu en mörg undanfarin ár. Mælingar í haust bentu til þess að hrygningarstofninn yrði tæp 700 þúsund tonn.

SJÁVARÚTVEGUR Loðnuleiðangur Hafrannsóknastofnunar eftir áramótin sýnir hvað mestu útbreiðslu loðnu fyrir Vestfjörðum og að Norðurlandi um langt árabíl. Þegar liggur fyrir að aflarágjöf Hafrannsóknastofnunar verður aukin um 100 þúsund tonn hið minnsta.

Rannsóknaskipið Árni Friðriksson hefur frá 5. janúar verið við loðnumælingar og mælt loðnu sem fundist hefur frá Vestfjörðum og að Norðurlandi. Jafnframt leitaði og mældi Birtingur NK loðnu frá Austfjörðum og að Norðurlandi síðustu daga.

Loðna hefur fundist mjög víða í leiðangrinum á öllu rannsóknasvæðinu nema úti fyrir Austurlandi.

Í kjölfar mælinga á stærð loðnustofnsins í september og október síðastliðnum lagði stofnunin til að heildaraflamark vertíðarinnar yrði 260 þúsund tonn – en þar af var hlutdeild Íslands 127.000 tonn. Í tilkynningu Hafró í gær sagði að enda þótt endanlegum mælingum á stærð veiðistofns loðnu ljúki ekki fyrr en í næstu viku „telur Hafrannsóknastofnun rétt að fram komi að mælingin mun leiða til þess að stofnunin leggi til aukningu í aflamarki fyrir vertíðina 2014/2015. Miðað við varfærnar forsendur á þessari stundu, mun sú aukning að minnsta kosti verða um 100 þúsund tonn.“

Jóhann Sigurjónsson, forstjóri Hafrannsóknastofnunar, vill ekki sýna á spilin um hversu mikil aukning verði hugsanlega gerð á ráðgjöfinni til viðbótar við þau 100 þúsund tonn sem eru í hendi. „En þetta lítur alveg þokkalega út og við töldum rétt að gefa mönnum upplýsingar um það. Eftir því sem líður á vertíðina skiptir hver dagur máli í því



Á VEIÐUM Mikilvægi uppsjávarveiða er gríðarlegt og gætu fréttirnar komið fram í hagvísunum á næstunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

að menn viti hver staðan er og menn geti skipulagt veiðarnar í samræmi við það,“ segir Jóhann og bætir við að frekari mælingar taki nú við en loðnan sé mjög dreifð og frekari mælinga því þörf.

Hafrannsóknastofnun veitir lokaráðgjöf sína um aflamark að afloknum leiðangrinum. Mælingar á stofninum í haust bentu til þess að hrygningarstofninn yrði um 660 þúsund tonn á hrygningartíma. Aflaregla gerir ráð fyrir að 400 þúsund tonn séu skilin eftir til hrygningar. svavar@frettabladid.is

GÆTI SKILAÐ UM ÁTTA MILLJÖRÐUM KRÓNA

Í svari Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi til Fréttablaðsins er útflutningsverðmæti loðnuafurða úr þessum auknu aflaheimildum, að tilteknum fyrirvörum um ráðstöfun, gengi gjaldmiðla og ástand á mörkuðum, um átta milljarðar króna.



„En þetta lítur alveg þokkalega út og við töldum rétt að gefa mönnum upplýsingar um það.“

Jóhann Sigurjónsson,
forstjóri Hafrannsóknarstofnunar



Ábyrgð fylgir!

Allt að 7 ára ábyrgð fylgir notuðum Kia*

*Ábyrgð er í 7 ár frá skráningardegi bifreiðar



KIA Picanto EX

Árgerð 6/2014, ekinn 6 þús. km, bensín, 1285 cc, 85 hö, sjálfskiptur, eyðsla 5,6 l/100 km.

2.390.000 kr.



KIA Cee'd LX

Árgerð 5/2013, ekinn 73 þús. km, dísil, 1396 cc, 90 hö, beinskíptur, eyðsla 4,4 l/100 km.

2.590.000 kr.



KIA Sportage EX

Árgerð 11/2012, ekinn 29 þús. km, dísil, 1995 cc, 136 hö, beinskíptur, fjórhjóladrifinn, eyðsla 5,7 l/100 km.

4.690.000 kr.



KIA Sorento EX Luxury

Árgerð 5/2012, ekinn 76 þús. km, dísil, 2199 cc, 198 hö, sjálfskíptur, fjórhjóladrifinn, eyðsla 6,7 l/100 km.

5.190.000 kr.



NOTAÐIR BÍLAR
www.notadir.is

Kletthálsi 2
110 Reykjavík
590 2160

Opnunartímar:
Virka daga 10–18
Laugardaga 12–16



FRUMSÝNING NÝR DACIA DOKKER

"tæplega milljón kílómetrar og ekki ein einasta bilun."

Opið í dag frá kl. 12-16



UMMÆLI

Fáir viðskiptavinir gera meiri kröfur um rekstraröryggi og rekstrarhagkvæmni og bílaleigur. KúKú Campers er Íslensk bílaleiga sem sérhæfir sig í rekstri ferðabíla sem hægt er að ferðast í og gista.

"Við keyptum nýjar Dacia Dokker sendibílfreiðar til prufu á síðasta ári. Þær eru nú keyrðir samanlagt tæplega milljón kílómetra. Enn hefur ekki komið upp ein einasta bilun. Frábær kaup og við pöntuðum fleiri fyrir þetta ár."

Steinarr Lár, annar eigandi
KúKú Campers ehf.

DACIA DOKKER 1,6 BENSÍN BASE

1.823.580 án vsk.

2.260.000

Dacia Dokker 1,5 AMBIANCE dísil / Kr. 2.660 þús. / 2.145 þús. án vsk.
Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri aðeins 4,5l/100km*

STAÐALBÚNAÐUR DOKKER AMBIANCE

Hiti í bílstjórásæti - Sex aðgerða aksturstölva - Pokuljós að framan - Aðgerðarhnappar við stýri - Handfrjáls símabúnaður - Bluetooth Útvarp, CD, 4 hátalarar og MP3 tenging - Útíhitamælir - USB tengi fyrir MP3 spilara/ipod - Rúður í afturhurðum - Upphituð afturrúða Rúðupurrka á afturrúðu - Rafknúnar rúður - Rafknúnir speglar - Hæðarstilling á stýri - 15" hjólkoppar - Fjarstýrðar samlæsingar - Rennihurð á hægri hlið Litaðar rúður - 180° opnun á afturhurðum án glugga - Geymsluhólf í framhurðum - ABS hemlakerfi - Stöðugleikastýring ESC - Loftpúði fyrir ökumann - Forstrekki á sætisbeltum - Hæðarstilling á höfuðpúðum - Ræsiörn - Varadekk - Gólfmottur frammi í - Áminningarljós fyrir sætisbelti - Priggja hraða rúðupurrkur - Priðja hemlajósið - Þægindaljós við framsæti - Ljós í farangursrými - 4ra hraða miðstöð með kælarásam



www.dacia.is

*Mikil við uppgæfna eldsneytisnotkun framleiðanda í blönduðum akstri.



BL ehf
Sævarhófa 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

GE bílar
Reykjanesbæ
www.bilahusid.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

Eignir seldar fyrir 650 milljónir: Reginn selur þrjár eignir

VIÐSKIPTI Reginn hefur selt eignir að Hringbraut 121, Lóuhólum 6 og Þverbrekku 8. Salan er í samræmi við stefnu Regins um sölu á minni eignum sem falla undir þann flokk að vera „verslunarhúsnæði á jaðarsvæðum“.

Í húsnæðinu að Hringbraut var Nóatúnsverslun, að Lóuhólum var pitsustaður og í Þverbrekku var matvöruverslun. Söluverð eignanna nam samtals 650 milljónum.

- jhh

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar setur ofan í við byggðasamlagið Strætó bs.:

Mótmæla uppsögnum fatlaðra

HAFNARFJÖRDUR Bæjarstjórn Hafnarfjarðar gagnrýnir uppsagnir Strætó bs. á fötluðum starfsmönnum sínum rétt fyrir áramót og beinir því til stjórnar byggðasamlagsins að endurskoða starfsmannastefnu fyrir tækisins. Þetta segir í ályktun bæjarstjórnar sem samþykkt var samhljóða á bæjarstjórnarfundum í gær.

„Í ljósi fréttu af uppsögnum starfsmanna Strætó við yfirfærslu akstursþjónustu fatlaðs fólks áréttar bæjarstjórn Hafnarfjarðar mikilvægi þess að hæfileikar allra séu

virkaðir og réttur allra til virkrar þátttöku í samfélaginu sé tryggður,“ segir í ályktun bæjarstjórnar.

Fatlaðir einstaklingar höfðu unnið lengi við Ferðaþjónustu fatlaðra í hlutastörfum en var sagt upp á þeim kjörum og boðið fullt starf. Hins vegar gat enginn fyrrverandi starfsmanna tekið við fullu starfi sökum fötlunar sinnar.

Segir í ályktuninni að tryggja verði ákvæði Sameinuðu þjóðanna um að réttindi fatlaðs fólks séu uppfyllt.

- sa



HARALDUR LÍNDAL BÆJARSTJÓRI Bæjarstjórn Hafnarfjarðar telur Strætó þurfa að fara vel yfir starfsmannamálin.

Börn á tveimur heimilum: Jafna á aðstöðu foreldranna

FÉLAGSMÁL Innanríkisráðuneytið hefur sett á laggirnar starfsþóp sem á að kanna hvernig jafna megi stöðu foreldra sem fara með sameiginlega forsjá barna sinna. Taka á tillit til réttinda, skyldna og skráningar lögheimilis.

Vísad er í ályktun Alþingis frá í maí um að „eyða eigi þeim mikla aðstöðumun sem er á heimilum þegar foreldrar sem búa ekki saman ákveða að ala börn sín upp saman á tveimur heimilum“.

- gar

Enn er teikningum af Múhamed mótmaelt



ENN MÓTMÆLT Félagar í marokkósku Salafist-hreyfingunni mótmaeltu í gær myndbirtingu Charlie Hebdo. Þeim þykir ritstjórn blaðsins hafa smánað spámanninn með því að birta mynd af honum. Víða í heiminum hefur ritstjórninni verið mótmælt.

Baltasar leggur Siglufjörð undir sig

Baltasar Kormákur kvikmyndagerðarmaður og hans fólk, 70 manna hópur, eru mætt á Siglufjörð en tókur á sjónvarpsþáttaseríunni Ófærð hefjast á mánudag. Sigurjón Kjartansson segir Siglufjörðinga hafa tekið hópnum vel.

KVIKMYNDAGERÐ Kvikmyndagerðarmenn, undir forystu Baltasars Kormáks leikstjóra og Sigurjóns Kjartanssonar sem nú er titlaður „show runner“, hafa lagt undir sig Siglufjörð. Á þeirra vegum er nú staddur í bænum hátt í 70 manna hópur kvikmyndagerðarmanna og leikara og setur svip sinn á bæjarbraginn. Enda stendur mikið til. Tókur á umfangsmestu sjónvarpsþáttaseríu sem gerð hefur verið á Íslandi hefjast á mánudaginn.

Fjórir leikstjórar koma að verkinu.

„Við erum hér úti um allt en höfum ekki orðið vör við annað en afskaplega hlýlegar móttökur,“ segir Sigurjón sem er að vonum spenntur að sjá þetta verkefni verða að veruleika en það hefur verið í undirbúningi í um þrjú ár. Til stendur að taka upp efni sem á að duga í tíu klukkutíma þætti, sem er á við fimm bíómyndir.

Sjónvarpsþáttagerð hefur færst mjög í aukana um heim allan og þá hefur orðið til þetta hlutverk sem heitir „show runner“, sem felst í því að hafa yfirumsjón með verkinu, að allt hangi saman og að samræmis sé gætt en fjórir leikstjórar koma að verkinu: Baltasar, Baldvin Zophoníasson (Vonarstræti), Óskar Þór Axelsson (Svartur á leik) og Börkur Sigþórsson sem helst hefur gert garðinn frægan í auglýsingagerð.

„Já, ég á að vera maðurinn með svörin. Eg er spenntur að sjá þetta allt verða að veruleika. Handrit er eftir fjóra, ég byrjaði á því að vinna þetta með Ólafi Egilssyni og Jóhanni Ævari Grímssyni, byrjuðum 2012 og síðan tók ég þetta lengra með bresk-



SIGURJÓN Á VETTvangi Handritshöfundurinn segir að Siglufjörðinga hafi tekið kvikmyndagerðinni afskaplega vel.

MYND/ATLI GEIR GRÉTARSSON

um handritshöfundu sem heitir Clive Bradley,“ segir Sigurjón.

En, það er svo Baltasar Kormákur sem á frumhugmyndina að verkefninu og segir Sigurjón það hafa verið afskaplega ánægjulegt að vinna þetta áfram með honum. RVK-stúdíós og Baltasar Kormákur eru aðalframleiðendur. Til stendur að sýna þættina um heim allan. „Já, það er svona í burðarliðnum. Við erum að gera þetta í samvinnu við þýsku sjónvarpsstöðina ZDF, sem er sú stærsta sinnar tegundar í Þýskalandi. Og einnig eru skandinavískar ríkisstöðvar í samvinnu með okkur. Frakkar jafnframt, France2, en þetta verður hljóðsett bæði á þýsku og frönsku.“

Aðalleikari er Ólafur Darri, en aðrir leikarar í þessari seríu sem nú er að fara í tókur eru svo Ilmur

„Við erum hér út um allt en höfum ekki orðið vör við annað en afskaplega hlýlegar móttökur.“

Sigurjón Kjartansson
handritshöfundur

Kristjánsdóttir og Ingvar E. Sigurðsson. „Þetta er stórskotalið landsins. Síðan má nefna menn eins og Jóhann Sigurðarson og Pálma Gestsson, Þorstein Bachmann,“ segir Sigurjón. Verkið er frumsamið. „Þetta er: Glæpur er framinn og hver sá seki? Það er grynnta skýring á verkinu. En, það er ýmislegt fleira sem fléttast þarna inn í. Og við vörpum fram stórum pólitískum og samfélagslegum spurningum,“ segir Sigurjón Kjartansson.

jakob@365.is



LYFJA
- Lífið heil

www.lyfja.is

Lægra verð í Lyfju



Nicorette lyfjatyggi

Allar pakningastærðir, 2 og 4 mg

20% afsláttur

Gildir til 31. janúar 2015



Umbylting í þvotti

Miele hefur sett á markað eigið þvottaefni til að tryggja besta mögulega þvottaárangur á umhverfisvænan hátt.

Um er að ræða þýskt hugvit, hönnun og smíði þar sem fara saman þvottavél með vaxkókumynstri og einstök þvottaefni. Samspil sem tryggir orkusparnað, lengri endingu og bestu mögulegu þvottaummönnun sem völ eru á.

Þetta er það sem við köllum umbyltingu í þvotti.

- ✓ Íslenskt stjórnborð
- ✓ Íslenskar leiðbeiningar

TILBOÐ - Sportlínan
Þvottavél, verð frá kr. 169.900
Þurrkari, verð frá kr. 134.900



Miele

EIRVÍK

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

FIND NEW ROADS™

CHEVROLET



AÐEINS 10% ÚTBORGUN LÆKKAÐ VERÐ

Nú er ennþá auðveldara að eignast nýjan Chevrolet



AÐEINS 10% ÚTBORGUN:

295.000 KR.

VERÐ FRÁ: 2.955.000 KR.

CHEVROLET CRUZE

Glæsilegur Cruze með staðalbúnaði sem setur ný viðmið. Hann er einn sá fallegasti á götunum í dag og er betur búinn en margir mun dýrari bílar.

Lækkað verð á öllum nýjum bílum

AÐEINS 10% ÚTBORGUN:

176.900 KR.

VERÐ FRÁ: 1.769.000 KR.



CHEVROLET SPARK

Spark er skynsamlegt sparnaðarrád sem verður að veruleika í minni útgjöldum heimilisins. Hann er sparneytinn, umhverfsvænn og fæst á afar hagstæðu verði.

AÐEINS 10% ÚTBORGUN:

542.000 KR.

VERÐ FRÁ: 5.424.000 KR.



CHEVROLET CAPTIVA

Captiva er sjö sæta, rúmgóður fjórhjóladrifinn sportjeppi sem hentar vel fyrir alla fjölskylduna. Hann er með öflugri díselvél og hlaðinn staðalbúnaði. Komdu og skoðuðu fjölbreyttan jappa á frábæru verði.

AÐEINS 10% ÚTBORGUN:

434.000 KR.

VERÐ FRÁ: 4.338.000 KR.



CHEVROLET TRAX

Trax þjónar kröfum nútímabólks með fjölbreyttan lífsstíl. Komdu og mátaðu þig við ríkulega búinn, sparneytinn og sprækan Trax - þið eigið örugglega margt sameiginlegt.

Lykill

Bílabúð Benna og Lykill gera þér kleift að eignast nýjan Chevrolet á þægilegan máta. Útborgun er að lágmarki 10% af verði bílsins og Lykill lána þér afganginn til allt að sjö ára. Þú velur þér nýjan bíl hjá Bílabúð Benna og sölumenn sjá um að ganga frá láninu. Lánshlutfall ræðst af lánshæfis- og/eða greiðslumati hvers umsækjanda og getur hæst orðið 90%. Skyld er að kaskótryggja bifreiðina á lánstímanum.

Opið alla virka daga frá 9 til 18
og laugardaga frá 12 til 16.
Verið velkomin í reynsluakstur.

benni.is | chevrolet.is | Finndu okkur á Facebookk

Reykjavík
Tangarhófa 8
Sími: 590 2000

Reykjanesbær
Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330

Akureyri
Glerárgötu 36
Sími: 461 3636

**Bílabúð
Benna**
Sérfræðingar í bílum



HAFRÉTTARSTOFNUN
ÍSLANDS

Styrkir til náms í hafrétti

Hafréttarstofnun Íslands er rannsókn- og fræðslustofnun á sviði hafréttar við Háskóla Íslands og er meginmarkmið stofnunarinnar að treysta þekkingu á réttarreglum á sviði hafréttar. Að stofnuninni standa Háskóli Íslands, utanríkisráðuneytið og atvinnuvega- og nýsköpunar-ráðuneytið.

Hafréttarstofnun auglýsir hér með eftirfarandi styrki til náms í hafrétti til umsóknar:

1. Styrk til framhaldsnáms í hafrétti á háskólaárinu 2015 - 2016.
2. Styrki til þátttöku í sumarnámskeiði Ródos-akademíunnar í hafrétti 5.-24. júlí 2015.

Umsóknir sendist Tómasi H. Heiðar, forstöðumanni stofnunarinnar, með tölvupósti, tomas.heidar@utn.stjr.is fyrir **10. febrúar 2015**.

Sama stefnan áfram

Salman, nærri áttæður hálfbróðir Abdúllah konungs, tók við völdum í gær, strax eftir andlát hins níræða konungs sem stjórnað hafði landinu í tvo áratugi.

SÁDI-ARABÍA Salman bin Abdul-Aziz al Saud tók í gær við konungstign í Sádi-Arabíu eftir að hálfbróðir hans, Abdúllah konungur, lést níræður að aldri.

Salman gaf strax út yfirlýsingu um að áfram yrði haldið á sömu braut og hingað til: „Við munum áfram fylgja þeirri réttu stefnu sem Sádi-Arabía hefur fylgt frá stofnun,“ sagði hann.

Eitt af fyrstu verkum Salmans konungs var svo að taka ákvörðun um að arftaki hans yrði annar hálfbróðir þeirra, Muqrin, sem verður sjötugur á þessu ári. Muqrin er yngsti eftirlifandi sonur ættföðurins Ibn Sauds, sem var fyrsti konungur Sádi-Arabíu og ríkti frá árinu 1932 til 1953.

Salman er sjálfur nýorðinn 79 ára, og þar með níu árum eldri en Abdúllah var þegar hann tók við völdum fyrir tuttugu árum.

Alls eignaðist Ibn Saud 45 syni með 22 eiginkonum, en 36 þessara sona komust til fullorðinsára. Ibn Saud eignaðist auk þess fjölmargar dætur.

Saud-fjöskyldan hefur ráðið ríkjum í Sádi-Arabíu frá árinu 1932, og haldið þessum völdum ekki síst í krafti olíuauðs fjölskyldunnar, en olía fannst í Sádi-Arabíu árið 1938.

Hin stöðin undir veldi Saud-fjölskyldunnar hefur verið bandalag hennar við strangtrúaða múslima, sem hafa allra náðarsamlegast látið það eiga sig að gera uppreisn gegn henni þótt ekki séu þeir sagðir beinlínis sáttir við lifnaðarhætti hennar.



SALMAN KONUNGUR Arftakinn er 79 ára hálfbróðir hins látna.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hinir strangtrúðu hafa verið til friðs vegna örlætis Saud-fjölskyldunnar gagnvart þeim, en olíuauðurinn hefur óspart verið notaður til að styrkja trúarstarfsemi hinna heittrúðu, bæði í Sádi-Arabíu sjálfri og utan hennar.

Hugmyndafræði hinna heittrúðu Sádi-Araba hefur ráðið ríkjum meðal annars í strangri refsilöggjöf landsins, sem jafnan vekur furðu á Vesturlöndum þegar fréttir berast af opinberum aftökum og limlestingum. Þessi sama hugmyndafræði hefur einnig orðið ein helsta fyrirmynd herskárna íslamistahreyfinga á borð við talibana, al-Kaída og Íslamska ríkið.

→ Eitt af fyrstu verkum Salmans konungs var svo að taka ákvörðun um að arftaki hans verði hálfbróðir þeirra Abdúllah.

Fjölmargir þjóðhöfðingjar og stjórnmalaleiðtogar hafa lýst yfir samúð sinni og söknuði vegna fráfalls Abdúllah, þar á meðal bandarískir ráðamenn á borð við Barack Obama forseta, John Kerry utanríkisráðherra, Chuck Hagel varnarmálaráðherra og George W. Bush, fyrrverandi forseta.

gudsteinn@frettabladid.is

Ábendingahnappinn má finna á
www.barnaheill.is



SIMPLY CLEVER



Eyðsla frá
3,8 l/100 km



CO₂ frá
99g/km



ÖRYGGI
★★★★★
5 stjörnur í árekstrarprófi EuroNcap

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

Tók fjóra mánuði að fá niðurstöður

Krufning staðfestir að konunni sem lést í september í fyrra var ráðinn bani. Lögmaður segir undarlegt að það taki svo langan tíma að fá niðurstöðu krufningar.

LÖGREGLUMÁL Konan sem fannst látin í heimahúsi að Stelkshólum í Reykjavík í september á síðasta ári lést af mannavöldum. Þetta er niðurstaða krufningar á konunni.

Tæpa fjóra mánuði tók að fá endanlega niðurstöðu krufningar í málinu. Sveinn Andri Sveinsson, hæstaréttarlögmaður og sérfræðingur í refsirétti, segir með ólíkindum hversu langan tíma taki að fá niðurstöðu krufningar.

„Þetta er alveg með ólíkindum. Auðvitað er það ljóst að það er mjög bagalegt, bæði fyrir sakborning og auðvitað fyrir rannsakendur og ákærvald, að krufning skuli taka svona langan tíma. Lögregla og saksóknari verða að gefa viðhlítandi skýringar á því hvers vegna krufning, sem ætti ekki að taka mikinn tíma, gerir það samt. Þetta er mjög undarlegt,“ segir Sveinn Andri.

Tæplega þrítugur eiginmaður konunnar var handtekinn samdægurs grunaður um morðið. Hann sætir nú öryggisgæslu á réttargeðdeild Landspítalans á Kleppi.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur maðurinn staðfastlega neitað sök í málinu.

Konan lést eftir að þrengt hafði verið að öndunarvegi hennar, en Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að notað hafi verið einhvers konar band eða snæri við verknaðinn. Hélt maðurinn því



GRUNAÐUR Maðurinn sem grunaður er um að hafa orðið konu sinni að bana í Breiðholti í september í fyrra er nú á réttargeðdeild Landspítalans á Kleppi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

fram að konan hefði tekið sitt eigið líf.

Ríkissaksóknari hefur málið til meðferðar og tekur ákvörðun um hvort ástæða sé til að gefa út ákæru í málinu.

Í tilkynningu frá lögreglu kom fram að maðurinn hafði samband við annan aðila sem lét lögreglu vita skömmu eftir miðnætti umrædda nótt í september. Við komu lögreglu á vettvang vaknaði strax grunur um að andlát konunnar hefði borið að með sagnæmum hætti. Börn hjónanna, tveggja og fimm ára, voru á heimilinu nóttina sem konan

„Auðvitað er það ljóst að það er mjög bagalegt, bæði fyrir sakborning og auðvitað fyrir rannsakendur og ákærvald, að krufning skuli taka svo langan tíma

Sveinn Andri Sveinsson, lögmaður.

lést. Í kjölfarið voru þau send í umsjá barnaverndaryfirvalda sem komu þeim í vistun hjá vinafólki hjónanna. fanney@frettabladid.is



MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Innritun fatlaðra nemenda á starfsbrautir í framhaldsskólum 2015

Innritun fatlaðra nemenda, sem óska eftir skólavist á starfsbrautum framhaldsskóla, fer fram fyrir innritun almennt í framhaldsskóla. Þetta er gert til þess að framhaldsskólar, nemendur og foreldrar fái meira svigrúm til að undirbúa framhaldsskólavistina.

Innritað verður frá **2. febrúar til 28. febrúar 2015**. Tímamörk almennrar innritunar gilda þó fyrir þær umsóknir sem berast seinna.

Umsækjendur sækja veflykil á slóðinni menntagatt.is. Þegar umsækjendur hafa fengið veflykil opnast þeim aðgangur að innrituninni. Nánari leiðbeiningar um rafræna innritun er að finna í bréfi til nemenda og forráðamanna nemenda sem afhent verða í grunnskólum landsins og einnig má finna á menntagatt.is.

Upplýsingar um starfsbrautir er að finna á vefsíðum framhaldsskóla, hjá forsvarsfólki starfsbrauta og á menntagatt.is

Nánari upplýsingar um rafræna innritun á starfsbrautir í framhaldsskólum veitir Svanhildur Steinarsdóttir hjá Námsmatsstofnun. Fyrirspurnir má senda á netfangið innritun@namsmat.is

Vissir þú að...
Það er bannað að krismanna börnum eftir liur hetti



ŠKODA



SKEMMTILEGUR Á ALLA VEGU

Nýr ŠKODA Octavia frá 3.740.000 kr.

Íslendingar elska Škoda enda eru vandfundnari bílar sem henta íslenskum fjölskyldum betur. Þeir eru einstaklega rúmgóðir, sparneytnir, öruggir og endingargóðir og þess vegna sérlega vinsælir í endursölu. **Komdu og prófaðu skemmtilega Škoda hjá okkur í HEKLU í dag milli kl. 12 og 16.**

www.skoda.is

Sakar stjórnvöld um alvarleg brot

Fyrirverandi eigandi BM Vallar telur að fjölmörg lög hafi verið brotin við endurreisn íslensks bankakerfis. Málið verður tekið fyrir í stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd. Steingrímur J. Sigfússon, fyrirverandi fjármálaráðherra, segir áskanir Víglundar ekki eiga sér raunverulega stoð.

Sveinn Arnarsson
sveinn@frettabladid.is

STJÓRN MÁL Stjórnmalamenn, embættismenn og starfsmenn Fjármálaeftirlitsins frömdu margvísleg lög brot á árinu 2009 við endurreisn íslenska bankakerfisins að mati Víglundar Þorsteinssonar. Lánasöfn hafi farið inn í nýju bankana með helmingsafslætti og íslensk stjórnvöld hafi gengið hagsmunum erlendra kröfuhafa á kostnað íslenskrar alþýðu.

Alvarlegustu áskanir Víglundar eru þær að við ríkisstjórnarskipti í febrúar 2009 hafi vinstri stjórnin hafist handa við að breyta stofnúrskurðum FME frá haustinu 2008 þegar nýir efnahagsreikningar bankanna voru gerðir. Á endanum hafi fjármálaráðherrann Steingrímur J. Sigfússon haft milligöngu um að hleypa skilaneftendum gömlu bankanna inn í nýju bankana.

Brynjari Nielsyni var falið af stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd að skoða kvörtunarefni Víglundar. „Ég skoðaði hvernig menn gerðu hlutina og mátu þessar eignir í því skyni að reyna að finna hvort það hefði verið gert í samræmi við neyðarlögin,“ sagði Brynjar. „Það kann að vera ástæða til að skoða ákveðna hluti í þessu samhengi.“ Brynjar vildi ekki fara út í það nánar við blaðamann hvað fælist í skýrslu hans.

Steingrímur J. Sigfússon telur þessar áskanir fáheyrðar og fráleitir og eiga sér sem betur fer

enga stoð í raunveruleikanum. „Það vill svo vel til að Alþingi heimilaði, og staðfesti, þessa samninga milli nýju og gömlu bankanna í desember 2009. Einnig var skilað ítarlegri skýrslu í mars 2011 um þessa stóru og mikilvægu aðgerð að byggja upp nýtt bankakerfi. Við höfum greint vel frá þessu opinberlega,“ segir Steingrímur. „Málatilbúnaður Víglundar hrynur til grunna strax á fyrstu metrunum vegna þess miskilnings að bráðabirgðaeftnahagur bankanna haustið 2008 var aðeins hrátt mat og hrein ágiskun á þeim tíma og átti aldrei að vera endanlegt mat.“

Vigdís Hauksdóttir, þingmaður Framsóknarflokksins, segir þau gögn sem birst hafa landsmönnum sýna að málflutningur Framsóknarflokksins síðustu sex ár hafi verið réttur. Skuldaleiðrétting Framsóknarflokksins sé bein afleiðing þess að svigrúm hafi orðið til við endurreisn bankakerfisins.

„Nú eru þessi skjöl uppi á borðum og þetta er afgerandi. Þetta sýnir þann grafalvarlega gjörning fyrri ríkisstjórnar að hagsmunir erlendra kröfuhafa hafi verið framfar en landsmanna. Þetta er áfelligdómur yfir fyrri ríkisstjórn. Þetta er það stórt mál og grafalvarlegt að það má ekki kyrrt liggja,“ segir Vigdís.

Arni Páll Árnason, formaður Samfylkingarinnar, telur sjálfsgætt að kanna allar slíkar ábendingar og ávirðingar sem birtast í bréfi Víglundar Þorsteinssonar. „Til þess



PUNGAR ÁSKANIR Endurreisn bankanna eftir hrun verður tekin fyrir af stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis. Víglundur Þorsteinsson sakar ríkisstjórnina um að ganga erinda erlendra kröfuhafa.

höfum við réttarkerfi og það er fullkomlega eðlilegt ef menn telja eitthvað misjafnt hafa gerst að fá þá þar til bæra aðila til að leggja mat á það. Það er hins vegar ekki alþingismanna að fara með rannsóknarvald í því efni. Það hlýtur að vera þannig að lögregla og eftir atvikum ríkissaksóknari gangist fyrir rannsókn ef menn grunar eitthvað misjafnt.



ARNI PÁLL ÁRNASON



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON



VIÐÍÐ HAUKSDÓTTIR

7 ára ábyrgð á öllum nýjum Kia bílum.

www.kia.com

Kominn í vetrarbúning

The Power to Surprise

Veglegur vetrarpakki fylgir

Vetrarpakki að verðmæti 390.000 kr. fylgir öllum Kia Sportage fram til 15. febrúar, **vetrardekk, dráttarbeisli og skottmotta** — fyrir utan allt hitt. Hiti í stýri, hiti í fram- og aftursætum, leðurinnrétting, bakkmyndavél, 7" snertiskjár, íslenskt leiðsögukerfi, 7 ára ábyrgð og margt fleira. Komdu og kíktu í pakkann.

Kia Sportage bíður þín í Öskju, Krókhálsi 11. Komdu og prófaðu, við tökum vel á móti þér.

ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili KIA á Íslandi.

Verð **6.490.777 kr.**

Eða **59.777 kr.** á mánuði í 84 mánuði*

Kia Sportage World Cup Edition 2,0

*M.v. 2.950.000 kr. útborgun og bílalan í 84 mánuði, 8,5 % óverðtryggðir vextir. Árleg hlutfallstala kostnaðar 10,10 %

Fylgdu okkur á facebook.
facebook.com/kiamotorsisland



Verið velkomin á Joe & the Juice í flugstöð Leifs Eiríkssonar

Frá og með deginum í dag getur þú komið við á Joe & the Juice á jarðhæð flugstöðvarinnar, fyrir eða eftir flug, og hresst þig við.

Joe & the Juice býður upp á ferska djúsa gerða á staðnum, kaffi og úrval af samlokum. Staðurinn er opinn öllum, hvort sem þú ert að koma heim, fara erlendis, fylgja farþegum eða vilt koma sérstaklega í flugstöðina til þess að grípa þér gómsætan bita.



Betri flugstöð í vændum! Við erum að breyta og bæta í flugstöðinni. Í maí 2015 opnum við nýtt verslunar- og veitingasvæði. Allar frekari upplýsingar á www.kefairport.is/betterairport



KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR

ÚTSAKA

furninova

SOUL
SPIRIT OF ULTIMATE LIFESTYLE

woodpoint

IDesign

LAZBOY

HJORT
KNUDSEN

CONFORM

skovby

Broyhill

OREGON HORNTUNGUSÓFI



Hægri- eða
vinstri tunga

Stærð: B:310 D:240 H:88 cm
Dökkgrátt áklæði.

ÚTSALA
30%
AFSLÁTTUR

265.993
FULLT VERÐ: 379.990

OREGON TUNGUSÓFI



Stærð: B:240 D:153 H:88 cm Dökkgrátt áklæði.

149.993

FULLT VERÐ: 199.990

Hægri- eða vinstri tunga

ÚTSALA
25%
AFSLÁTTUR

DURANGO U-SÓFI



Hægri- eða vinstri tunga

Stærð: 292 x 160 cm. H: 70 cm.
Svart, bundið leður.

ÚTSALA
40%
AFSLÁTTUR

179.994
FULLT VERÐ: 299.990

AVIO TUNGUSÓFI



Stærð: 268 x 162 cm. H: 82 cm.
Slitsterkt grátt áklæði.

109.995

FULLT VERÐ: 219.990

ÚTSALA
50%
AFSLÁTTUR

LARAMIE SÓFAR OG STÓLL



Sófasett microfíber áklæði. Stærð: 2 sæta sófi 170x95 H:95 cm.
3 sæta 220x95 H:95 cm. Stóll 110x95 H:95 cm.

3 SÆTA SÓFI
167.992

FULLT VERÐ: 209.990

2 SÆTA SÓFI
159.992

FULLT VERÐ: 199.990

STÓLL
135.992

FULLT VERÐ: 169.990

ÚTSALA
20%
AFSLÁTTUR

LAZBOY
líklega besta sæti í heimi!

104.993

FULLT VERÐ: 149.990

IBIZA ELDHÚSBORÐ



Eik og hvítt með hvítum fæti

ÚTSALA
25%
AFSLÁTTUR

37.492

FULLT VERÐ: 49.990

Vandaðir og fallegir
kertaarnar.
Fáanlegir í nokkrum
gerðum bæði
viðarlitir og hvítir.

17.596

FULLT VERÐ FRÁ: 43.990

ÚTSALA
60%
AFSLÁTTUR



ÚTSALA
30%
AFSLÁTTUR

EMPIRE La-z-boy stóll. Svart leður. B:80
D:70 H:102 cm. Einnig til í áklæði,
fullt verð: 79.990 – útsöluverð: 55.993.

SÍÐUSTU
DAGAR

ALLT AÐ
70%
AFSLÁTTUR



UMBRIA TUNGUSÓFI

199.992
FULLT VERÐ: 249.990

ÚTSALA 20% AFSLÁTTUR

Steingrátt slitsterkt áklæði. Stærð: 245 x 163 H: 78 cm. Hnakkapúði seldur sér. Hægri- eða vinstri tunga

VESTA TUNGUSÓFI

299.993
FULLT VERÐ: 399.990

ÚTSALA 25% AFSLÁTTUR

Stærð: 295 x 160 cm. H: 80 cm. Slitsterkt áklæði. Hátt bak. Dúnfylltur. Einnig fánlegur í leðri. Hægri- eða vinstri tunga

BRIGHTON SÓFI

30% AFSLÁTTUR

Vandað svart leður. Stærð: 3ja 204 x 80 cm. 2ja sæta 150 x 80 H: 77 cm.

BRIGHTON 3 SÆTA SÓFI
223.993
FULLT VERÐ: 319.990

BRIGHTON 2 SÆTA SÓFI
188.993
FULLT VERÐ: 269.990

KATO HORN-TUNGUSÓFI Hægri- eða vinstri tunga (hægri tunga á mynd)

30% AFSLÁTTUR

244.993
FULLT VERÐ: 349.990

Ljós- og dökk-grátt slitsterkt áklæði. Stærð: 320 x 223 cm. Tungu: 163 H: 81 cm. Hnakkapúðar seldir sér.

CROSS BORÐ

40% AFSLÁTTUR

Cross borð Ferköntuð og hringlaga. Margir litir. Stærð: 50x50 cm

7.194
FULLT VERÐ: 11.990

ÚTSALA 50% AFSLÁTTUR

PÚÐAR FRÁ MARS & MORE
FULLT VERÐ 5.990 NÚ 2.995

8.990
FULLT VERÐ: 11.990

25% AFSLÁTTUR

SYLVESTER borðstofustólar. Svartir, hvítir og gráir. Með svörtum löppum

MARCUS ELDHÚSSTÓLL Margir litir

5.593
FULLT VERÐ: 7.990

30% AFSLÁTTUR

50% AFSLÁTTUR

AROS BARSTÓLL Turkis blár

7.995
FULLT VERÐ: 15.990

HÚSGAGNAHÖLLIN
– fyrir lifandi heimili

Fyrirverandi ráðherrar eru bornir þungum sökum:

Þungar ásakanir gegn Steingrími

Víglundur Þorsteinsson lögfræðingur, sem var meðal mest áberandi viðskiptamanna á árunum fyrir hrun, hefur lagt á sig vinnu til að upplýsa hvað gerðist þegar lánasöfn gömlu bankanna voru færð í þá nýju og þeir urðu til. Víglundur ber einkum Steingrím J. Sigfússon þungum sökum í málflutningi sínum. Víglundur, sem hefur sent gögn um málið til allra alþingismanna, segir meðal annars: „Með bréfi þessu og afriti sem ég sendi öllum öðrum þingmönnum legg ég það á herðar ykkar alþingismanna að taka viðeigandi ákvarð-

anir um nauðsynlega rannsókn þessa máls sem ef til vill er stórfelldasta svika- og blekk-ingarmál sem sögur fara af hér á landi. Nú gefst ykkur tækifæri til að endurheimta traust.“

Sigurjón Magnús Egilsson

sme@frettabladid.is



Sem fyrr segir er Steingrímur J. Sigfússon borinn þungum sökum í greinargerðinni:

„Þetta starf leiddi til þess að fjármálaráðherra gerði árið 2009 samninga við skilanefndir gömlu bankanna um að hleypa þeim inn í nýju bankana í þeim tilgangi að taka upp stofnúrskurði FME frá haustinu 2008 til ábata fyrir kröfuhafa gömlu bankanna. Þátt-takendur í þessu starfi voru fjölmargir starfsmenn ráðuneyta, skilanefnda og hinna nýju banka og á hliðarlínunni stóðu Fjármálaeftirlitið og Seðlabankinn. Allt fór þetta leynt og viðskipta-vinir bankanna skipulega leyndir því og blekkir um það hver þeirra staða væri gagnvart hinum nýju bönkum.“

Steingrímur J. Sigfússon hóf vörnina í fréttum Stöðvar 2 í gærkvöld þar sem hann vísar ásökunum á bug og segir þær fráleitir. Víglundur misskilji málið og það falli í raun á fyrstu metrunum. Steingrímur J. Sigfússon, Jóhanna Sigurðardóttir og það fólk annað sem mestu skipti og mestu réð í tíð síðustu ríkis-stjórnar verður að svara ítarlegar en nú hefur verið gert. Þau verða að fullvissa okkur um að þau hafi ekki unnið gegn hagsmunum íslensks almennings, gegn hagsmunum Íslands. Það verður eflaust gert, en hvar og hvernig?

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra var í viðtali á Bylgjunni í gærmorgun, þar sem hann sagði málið vera ástæðuna fyrir skuldaleiðréttingunni. „Þetta var mikið átakamál þannig að þetta á sér langa sögu og þetta er auðvitað ástæðan fyrir því að skuldaleiðréttingin varð þetta stóra mál. Við töldum það ekki aðeins skynsamlegt heldur líka beinlínis réttlætismál gagnvart heimilunum. Þetta var tekið af fólk í stað þess að láta það eðlilega gerast, að fólk myndi njóta að einhverju leyti þessarar niðurfærslu.“

En hvað gerist næst? Þáverandi stjórnvöld eru sökuð um að hafa farið fram hjá neyðarlögum, með ávinning kröfuhafa bankanna að leiðarljósi. Forsætisráðherra sagði í fréttum Stöðvar 2 í gærkvöld að málið krefðist rannsókna. „Kröfuhöfum voru gefnir peningar,“ sagði Sigmundur Davíð í samtali á Bylgjunni. Enn vantar ótal mörg svör. Þau munu koma fram við rannsóknina. Fram undan eru hörð átök um þetta mál. Í stjórnálfunum hafa þeir Steingrímur J. og Sigmundur Davíð skipað sér í fremstu röð fylkinganna. Forsætisráðherra hefur nánast gert málflutning Víglundar að sínum. Þar stendur málið nú.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Pránsón ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is FRÉTTASTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson sme@frettabladid.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



Minningarsjóður Ólafíu Jónsdóttur auglýsir

STYRK TIL RANNSÓKNA á sviði geðverndar.

Umsóknum skal skila til Geðverndarfélags Íslands, Hátúni 10, 105 Reykjavík, fyrir 1. febrúar 2015. Úthlutun fer fram á aðalfundi Geðverndarfélags Íslands í mars 2015.

Stjórn Minningarsjóðs Ólafíu Jónsdóttur

SPOTTIÐ



MÍN SKOÐUN: HEIÐA KRISTÍN HELGADÓTTIR

Umræða um umræðuna

Heimurinn fer stöðugt batnandi samkvæmt flestum hlutlægum mælikvörðum. Það skiptir eiginlega ekki máli hvar gripið er niður, jafnrétti eykst, glæpum fækkar, menntunarsstig hækkar og svo mætti lengi telja. Umræðan er þar engin undantekning. Það er kannski skiljanlegt að margir séu hugsi yfir umræðunni en það á ekki að vera vegna þess að hún fari versnandi. Þvert á móti er umræðan að batna, líkt og flest annað í þessum heimi. Orsökina má finna í tækniframförum



og opnun samfélagsins. Umræðan er einungis að fara að aukast vegna þess að stöðugt fleiri fá tækifæri til að tjá sína skoðun sem áður höfðu það ekki. Samskipti milli fólks eru að fara að aukast og þau eru meira og minna að fara að eiga sér stað á opinberum vettvangi í gegnum fjölmiðla, spjallsíður og endalaus samskiptaforrit og annað sem

enn hefur ekki verið fundið upp. Þannig verða mörkin milli þess sem er einka og opinbert sífellt óljósari. Samfélagið er að opnast og leyndarhyggja, bak-tjaldamakk og lygar sem þrífast í myrkrinu eiga erfiðara með að malla þegar fleiri augu eru opin. Fólk í ábyrgðarstöðum á erfiðara með að gefa af sér eina mynd opinberlega og svo aðra inni í lokuðum rýmum, eða hagræða sannleikanum án þess að það verði rifjað upp síðar meir. Sannleikurinn er það sem koma skal. Hvernig svo sem hann blasir við hverjum og einum.

Saurugar hugsanir ekkert nýtt

Flest lifum við í sátt við þennan veruleika, höldum úti Facebook-, Twitter-, og Instagramsíðum, svo ekki sé minnst á Snapchatíð sem um þessar mundir er að veita for-eldrum ómetanlega innsýn í hugarheim unglínganna okkar. Það er ekkert minna af saurugum hugsunum í gangi í dag heldur en þúsund árum fyrir Krist, eini munurinn er að í dag er til opinber farvegur fyrir þær sem áður var ekki.

Þar með ætti foreldrum og

öðrum fullorðnum að gefast tækifæri til þess að eiga samtal við börnin sín um brenglaðar staðal-ímyndir, hugsanavillur, mörk og markaleysi. Börn og unglíngar hafa og munu alltaf leita leiða til að stuða fullorðið fólkíð óháð öllum samskiptamiðlum og tækni. Það er okkar að uppfærða þau og beina þeim í uppbyggilegri áttir.

Aukin samskipti og umræða er vandmeðfarinn hluti af lífi okkar. Auknum samskiptum fylgir hávaði og það getur reynst

erfitt að greina kjarnann frá hisminu og hvað þá heyrja í sjálfum sér. Rasistarnir, hommahatararnir, kvenhatarar og allir hinir hafa alltaf verið þarna úti. Það er hins vegar fyrst núna sem þeir eru dregnir fram í dagsljósið án þess að eiga sér neina undankomuleið. Það sama gildir um stjórnálfamenn og -konur sem ljúga og unglíngar sem stunda ógrandi hegðun. Það hefur ekkert breyst annað en að við vitum meira um náungann en við gerðum áður.

Fólk talar og svo talar það um eitthvað annað

Kjarninn í umræðunni um umræðuna er ef til vill sá að þeir sem vilja „taka umræðuna“ verða gjarnan óánægðir og kvartarárir þegar hún endar ekki í þeim farvegi sem þeir vilja og neita þannig að axla ábyrgð á sjálfum sér í samskiptum við aðra. Það hefur ekkert með umræðuna að gera. Það er ábyrgðarhluti að láta skoðun sína í ljós hvort sem það er í samskiptum manna á milli eða á opinberum vettvangi.

Umræðan getur verið snörp, djúp, grunn, óvæginn, áhugaverð

og stundum óhugnanleg allt eftir því hvaða miðill er skoðaður hverju sinni og hverjir eiga í hlut. Umræðan og magn hennar endurspeglar samfélagið sem við lifum í þar sem ótal raddir fá að heyrast og í kjölfarið eru þær gagnrýndar eða þeim hampað. Það er veruleikinn. Að vera sífellt að barma sér yfir umræðunni er tilgangslaus. Ef þú vilt taka þátt í umræðunni þá er ekki gefið að innlegginn þínu verði tekið sem salómónsdómi og himnarnir opnast. Það gerist bara í bókum og bíómyndum.

Umboðsmaður Alþingis sagði á fundi stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar í gær að lokinni frumkvæðisathugun sinni á samskiptum fyrirverandi inn-anríkisráðherra og lögreglustjórans í Reykjavík að þeir sem gegna opinberum störfum verði að búa við það að samskipti þeirra séu opinber. Þeir sem kjósa að tjá sig opinberlega verða líka að búa við það að samskipti þeirra eru opinber. Besta leiðin til þess að fótta sig í þeim veruleika er að segja satt og óttast ekkert.

RISA- ÚTSALA

ELLINGSEN

DIDRIKSONS
25%
AFSLÁTTUR



MUCKBOOT RUGGED
STÍGVÉL
Stærðir 31-37
7.395 KR.
VERÐ ÁÐUR 14.790 KR.



TATONKA TASKA XL
Svört og gul
19.383 KR.
VERÐ ÁÐUR 27.690 KR.

20-70%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM VÖRUM

OPÍÐ Á
SUNNUÐAGINN
KL. 12-16
Í REYKJAVÍK

POWDERBUG
KULDASKÖR
60%
AFSLÁTTUR



COLUMBIA
ALPINE ÚLPA
KVK stærðir S-XL
KK stærðir M-2XL

29.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 68.990 KR.

ALLIR GRILL-
AUKAHLUTIR
30%
AFSLÁTTUR



CAMPINGAZ
FERÐAGASGRILL
1 brennari

29.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 49.390 KR.



47%
AFSLÁTTUR

COLUMBIA GO TO ÚLPA
KVK stærði S-XL
KK stærðir M-2XL
Ýmsir litir

12.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 24.690 KR.



49%
AFSLÁTTUR

MERIDA MERIDA
BIG SEVEN 40

64.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 128.990 KR.



DIDRIKSONS
KEBNATS KULDAGALL
Stærðir 80-140

9.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 16.790 KR.



55%
AFSLÁTTUR

COLUMBIA GLOBAL AD.
GÖNGUBUXUR
Stærðir 6-16

8.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 19.790 KR.



EASTON GÖNGUSTAFIR
TRAIL AL3

6.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 12.890 KR.



50%
AFSLÁTTUR

SOREL
CHEYANNE
KULDASKÖR
Stærðir 40-48

17.295 KR.
VERÐ ÁÐUR 34.590 KR.



BROWNING DIRTY
BIRD VEIÐIJAKKI
Stærðir M-3XL

29.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 49.390 KR.



DEVOLD
30%
AFSLÁTTUR



CAMPINGAZ
HELLUBORÐ 400 SG

19.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 29.690 KR.



TATONKA
LEGGHLÍFAR
30%
AFSLÁTTUR


COLUMBIA PEAKFREAK
GÖNGUSKÖR
Stærðir 41-47

11.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 22.690 KR.




BROWNING DIRTY BIRD
VEIÐIBUXUR
Stærðir M-3XL

24.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 39.490 KR.



COLUMBIA
ALPINE BARNAÚLPA
Stærðir XS-XXL
Nokkrir litir

9.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 15.790 KR.



MUCKBOOT
CHORE VINNUSTÍGVÉL
Stærðir 39-47

9.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 21.790 KR.



SJÓNAUKI PANORAMA
3-9X40
Fyrir veiðiriffla

19.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 32.590 KR.

Leitaðu ráða hjá okkur. Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.-föstud. 10-18 • laugard. 10-16
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • mánud.-föstud. 10-18 • laugard. 10-16 • ellingsen.is

Ellingsen
- FULLT HÚS ÆVINTÝRA

Sjálfboðið er góðum gesti

Við upphaf efnahags-hrunsins haustið 2008 var atvinnuleysi svipað meðal Íslendinga og erlendra ríkisborgara. Fljótlega dró í sundur og allt frá 2009 hefur bilið á milli Íslendinga og erlendra ríkisborgara sem eru hluti af íslenska vinnuafsláttum aukist. Skráð atvinnuleysi á Íslandi telst nú vera af vísiráðanlegri stærðargráðu. Atvinnuleysi sérstaklega meðal útlendinga var að meðaltali 7,5% á síðasta ári miðað við 3,6% almennt. Þetta er áhyggjuefni.

Flæði erlends vinnuafsláttar til landsins og starfskraftar fólksins voru vel metnir þegar illa gekk að manna störf á uppgangstímanum 2004–2008. Sérstaklega dró byggingariðnaðurinn, og mannvirkjagreinar almennt, til sín mikið af starfsfólki. Löng og góð reynsla er af störfum útlendinga í fiskiðnaði og nú er svo komið að stærsti hluti þeirra sem starfa í fiskiðjuverum landsins er fólk af erlendu bergi brotið.

Vinnuafsláttur hefur leitast eftir fremsta megni við að styðja erlenda íbúa sem misst hafa vinnuna og skráð sig atvinnulausa. Allra mikilvægasta skrefið fyrir þá til að auka starfshæfni sína á vinnuafsláttum hér innanlands er að læra að tala íslensku. Þar eru margir möguleikar í boði og símenntunarmiðstöðvar landsins eru með fjölbreytt tilboð til íslenskunáms, til að nálgast þá sem áhuga hafa. Sá áhugi er ekki alltaf fyrir hendi og þar bera

INNFLYTTJENDUR



Gissur Pétursson
forstjóri Vinnuafsláttstofnunar

einstaklingarnir sjálfir stóra ábyrgð.

Samfélagið ber einnig mikla ábyrgð við að skapa jákvætt viðmót gagnvart þeim sem hingað hafa flust m.a. til að sjá gagnseminna í því að læra málið okkar. Samfélag sem býður fólk velkomið og mætir nýjum íbúum með virðingu og vinsemið örvar fólk til dáða til að gerast virkir samfélagsþegnar og setjast að til frambúðar. Í þessum efnunum þurfum við Íslendingar að taka okkur á.

Augljós hættumerki

Það er margt sem ber að varast í þessum efnunum. Ef við tökum ekki vel á móti fólki og hjálpum því að aðlagast nýjum kringumstæðum heldur höldum því ávallt í ákveðinni fjarlægð þá skapast gagnkvæm tortryggnir. Tortryggnir getur leitt af sér fordóma og ranghugmyndir. Fordómar ala á mannfyrirlitningu og þessar samfélagsaðstæður eru kjörlendi fyrir stjórnmál sem höfða til útlendingahaturs og trúarofstækis.

Til skamms tíma höfum við Norður-Evrópubúar talið okkur víðsýnar og menntaðar þjóðir sem byggja samfélag sitt á lýðræði og umburðarlyndi. Niðurstöður kosninganna í Svíþjóð

→ Samfélag sem býður fólk velkomið og mætir nýjum íbúum með virðingu og vinsemið örvar fólk til dáða til að gerast virkir samfélagsþegnar og setjast að til frambúðar. Í þessum efnunum þurfum við Íslendingar að taka okkur á.

frá í haust þar sem Svíþjóðardemókratar fengu 12,9% fylgi og 49 þingmenn á sænska þinginu, segir okkur að boðskapur eins og þeirra, sem byggir á þróingsýni og útlendingafjandskap, á sér hættulega mikinn stuðning. Svipuð þróun hefur átt sér stað í nokkrum öðrum ríkjum Evrópu og fær aukið fylgi í kjölfar fjöldamorðanna í París.

Það er afar mikilvægt að sjónarmið af þessu tagi fái ekki skotid rötum hér á landi. Sókn okkar til betri lífskjara og mannvænlegra samfélags byggist á því að hér á landi sé gott fyrir alla að lifa, fólk sé velkomið hingað til búsetu og starfa og að við virðum skoðanir og bakgrunn fólks, þ. á m. trúarlegan og menntunarlegan. Vitaskuld gerist þetta ekki af sjálfu sér og við þurfum að vera opin fyrir nýjum starfsaðferðum og skipulagi, sjá hvað virkar í öðrum löndum og hvað ekki og hvað við getum gert betur. Margt hefur verið gert sem er til fyrirmyndar t.d. skipulag á móttöku smærri hópa flóttamanna undanfarin ár. En betur má ef duga skal og þar verðum við öll að leggja hönd á plóg. Hættumerkin eru of augljós.

Rétt skal vera rétt

Þessi grein er skrifuð til að mótmæla því opinberlega sem lesa má á vef Borgarskjalasafns Reykjavíkur að faðir minn, Ingi R. Helgason hrl., sé höfundur dagbókar, e.k. njósnaskýrslu um nafngreinda féлага sína í hreyfingu ungra sósíalísta og stúdenta, dagbók sem rataði í einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar, fyrrverandi forsætisráðherra. Jafnframt fer ég fram á að Borgarskjalasafnið birti opinberlega leiðréttingu á þessum aðdróttunum.

Nú keppast hægri menn við að endurskrifa söguna og einstaka gengur jafnvel svo langt að hreykja sér af því að hafa borið fé á menn og skrifað njósnaskýrslur á næturþeli fyrir Bjarna Benediktsson, Morgunblaðið og bandaríska sendiráðið. Ég hef megnustu skömm á slíku hátterni og ég veit fyrir vísit að faðir minn var sömu skoðunar. Mér brá því verulega í brún að sjá að á vef Borgarskjalasafns Reykjavíkur er ein slík njósnadagbók úr einkasafni Bjarna Benediktssonar eignuð föður mínum. Þetta er ekki einhver vefur úti í bæ: Borgarskjalasafn er héraðsskjalasafn Reykjavíkur, undir faglegu eftirliti Þjóðskjalasafns, og því ber m.a. að safna og tryggja vörslu gagna „með... varðveislu sögu íslensku þjóðarinnar að leiðarljósi“. Gögn í vörslu safnsins eru tiltæk til fræðilegra rannsókna.

Dagbók njósnara

Ritari dagbókarinnar fylgist grannt með samferðamönnum sínum um borð í Dronning Alexandrine frá Reykjavík til Kaupmannahafnar 27. júlí til 1. ágúst 1951. Um borð var m.a. 40 manna hópur féлага úr Æskulýðsfylkingunni, Íðnnemasambandi Íslands og Félagi róttækra stúdenta, á leið til Berlínar á heimsleika og heimsmót æskunnar sem þar var haldið. Í dagbókinni lýsir njósnarinn því hvernig hann kemur sér inn undir hjá mönnum eins og Ólafi Jenssyni, Magnúsi Kjartanssyni, Eiði Bergmanni, Gísli Ásmundssyni, Högna Ísleifssyni, Jóni Norðdahl, Láru Helgadóttur – svo nokkur nöfn séu nefnd – en allt voru þetta vinir og félagar föður míns til margra ára.

Ritariinn gægist í farangur samferðamanna sinna, kemur auga á merki með mynd Jóns Sigurðssonar í skjalatösku Jóns Norðdahl, skráir niður hvað Ólafur og Högni eru að lesa, að Magnús hittir „kommúnistann“ Erlend Patursson í Þórshöfn og tíundar að hópurninn sé að æfa Bí, bí og blaka og Ríðum ríðum. Honum þykir miður að heyra ekki orðaskil þegar þeir Magnús, Ólafur, Gísli og Högni spjalla saman á næsta borði. Hann gumar af því að hafa áunnid sér trúnað hópsins, segist kominn „allvel inni klíkuna“ og spyr húsbóndann eftir hverju hann eigi sérstaklega að slægjast, gott væri að fá „tipp“ þar um.

Bréfið um Huseby

Á sömu vefslóð Borgarskjalasafns er að finna bréf frá föður mínum til fararstjóra íslensku frjálsþróttamannanna sem fóru til keppni á leikunum í Berlín. Í bréfinu, sem er ritað á hans ritvél, með hans vandaða orðafari og venjubundinni undirskrift, lýsir faðir minn áhyggjum af fréttalutningi Albýðublaðsins um Gunnar Huseby sem þá var Evrópumeistari í kúluvarpi og

STJÓRN MÁL



Alfreður Ingadóttir
fv. alþingismaður

→ Atburðir undanfarinna daga og missera sýna hins vegar að það dugir ekki að láta hægri menn í friði við að ljúga upp á lifandi menn og látna.

segist treysta fararstjóranum og Finnbirni Þorvaldssyni frjálsþróttamanni til að gæta þess að Huseby misstigi sig ekki í þessari ferð; hann eigi mannorð sitt undir því að hann fái góða keppni og lenti ekki á fyllerí. Er þar vísað til þess að Gunnar sem átti við áfengisvanda að stríða varð sjálfum sér og löndum sínum til minnkunar eftir keppni í London fyrr á þessu sama sumri. Til stóð að banna Huseby að keppa á erlendri grund en stjórn Frjálsþróttasambandsins felldi þá til lögu með þeim afleiðingum m.a. að formaðurinn sagði af sér. Er greinilegt að faðir minn bar hag Gunnars Husebys fyrir brjósti eins og reyndar flestir landsmenn, en hann var einn mesti og ástsælasti íþróttamaður landsins á þessum tíma. Bréfið skrifaði faðir minn á 27 ára afmælisdegi sínum, sama dag og Drottningin kom til Færeyja, og sendi það til Kaupmannahafnar, líklega með þeim Finnbirni og Gunnari, sem flugu til Hafnar og sameinuðust Berlínarforum þar.

Það er með ólíkindum

Ekki veit ég hvernig þetta bréf föður míns til nafngreinds manns komst í hendur Bjarna Benediktssonar, en hitt er algerlega óskiljanlegt hvers vegna það er tengt á vef Borgarskjalasafnsins við dagbók njósnarans í Drottningunni.

Einfaldur samanburður á ritvélum, rithætti og málfari hefði dugað hvaða skjalaverði sem er til að sjá að hér er ekki um sama bréfitara að ræða. En vefjist það samt fyrir einhverjum má á upphafsorðum dagbókarinnar sjálfra sjá að faðir minn skrifaði hana ekki – því þar segir frá því að á bryggjunni í Reykjavík hafi „nokkrir kommúnistar“ kvatt ferðalangana, „einsog Ingi R. Helgason, Helga Rafnsdóttir og Jón Múli“.

Það er með ólíkindum ef Borgarskjalasafn Reykjavíkur tekur það sem að því er rétt og birtir opinberlega án athugunar, og ber upp á föður minn láttinn að hann hafi lagst í ferðalag til að njósna um féлага sína og senda helsta pólitíska andstæðingi sínum og þeirra skýrslu þar um. Slíkt er í mínum huga alvarlegur áburður og upploginn en – gæti sannarlega nýst einhverjum hægri þursinum við endurskrift sögunnar, væri honum ekki mótmælt.

Um þetta tímabil í sögu pólitískra átaka á Íslandi mætti hafa mörg orð. Faðir minn var í fararbroddi sósíalísta og í framvarðaveit Albýðubandalagsins um árabíl. Hann fór ekki frekar en aðrir vinstri menn varhluta af árásum Sjálfstæðisflokksins og Morgunblaðsins. Og fráleitt er að halda því fram að hann hefði valið sér einmitt þann miðil til viðtals um ævi sína og stjórnmálaríf. Atburðir undanfarinna daga og missera sýna hins vegar að það dugir ekki að láta hægri menn í friði við að ljúga upp á lifandi menn og látna. Og allra síst ef opinberar stofnanir eru látnar taka á sig ábyrgð á óhróðrinum eins og hér er gert.

#halfleikur

Strákarnir okkar stjórna afslættinum

Vertu klár með lykilinn!

Markafjöldi Íslands í fyrri hálfleik stýrir afslættinum hjá ÓB og Olís daginn eftir sigurleiki íslenska landsliðsins á HM í Katar.

PIPAR TBVA - SÍA - 144729



Vissir þú að...



Foreldrar bera meginábyrgð á að senda af líkamlegum, andlegum og félagslegum þroska barna sinna.

SAMSUNG

Njóttu boltans - áfram Ísland

SAMSUNG SMART TV

H6475 LÍNAN

400 CMR skjár

Screen mirroring.

Upptaka og afspilun á USB

T2 móttakari

55" verð: 269.900.-

65" verð: 449.900.-



SAMSUNG SMART TV

H6675 LÍNAN

600 CMR skjár

með Micro dimming

Upptaka og afspilun á USB

T2 móttakari

48" verð 199.900.-

SAMSUNG

H5005 LÍNAN

100 CMR (riða) skjár.

Afspilun af USB.

T2 móttakari

32" verð: 86.900.-

40" verð: 99.900.-

48" verð: 149.900.-



FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · ormsson.is

SAMSUNG SETRIÐ

SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900 · samsungsetrid.is

ORMSSON
KEFLAVÍK
SÍMI 421 1535

ORMSSON
PRISTUR-ÍSAFIRÐI
SÍMI 456 4751

KS
SAUÐÁRKRÓKI
SÍMI 455 4500

SR · BYGG
SIGLUFIRÐI
SÍMI 467 1559

ORMSSON
AKUREYRI
SÍMI 461 5000

ORMSSON
HÚSAVÍK
SÍMI 464 1515

ORMSSON
VÍK-EGILSSTÖÐUM
SÍMI 471 2038

ORMSSON
PAN-NESKAUPSTAÐ
SÍMI 477 1900

ORMSSON
ÁRVIRKINN-SELFOSSI
SÍMI 480 1180

GEISLI
VESTMANNAEYJUM
SÍMI 481 3333

HELGIN



Steinunn Jónsdóttir, söngkona í Amabadama og Reykjavíkurdætrum

Myndband og fjölskyldu-afró

Ég er að fara að leikstýra og taka upp myndband fyrir tvær systur mínar úr Reykjavíkurdætrum sem kalla sig Cyber. Við ætlum að dunda okkur við að taka það upp um helgina, en á laugardaginn fer ég líka í afró fyrir foreldra og börn í Kramhúsinu með Magga og Jóni Braga syni mínum.



Hrafn Jónsson, kvikmyndagerðarmaður

Sófakúr og sannfæring

Ég er orðinn svo miðaldra að mig langar bara að liggja uppi í sófa. Við erum með tvo sófa og markmið helgarinnar er að sannfæra konuna um að ýta þeim saman og hafa einn stóran sófa.



Birgitta Haukdal, söngkona

Tónleikar og rólegheit

Á laugardaginn er ég að syngja á styrktartónleikum hjá Herkastalanum hjá Hjalpræðis-hernum í Reykjavík. Annars eru bara rólegheit með strákunum og fjölskyldu og svo spænsku-tími á Skype.



Daniel Geir Moritz, ritstjóri stúdentablaðsins

Verkefnayfirferð, fótbolti og bíó

Helgin fer í að fara yfir verkefni hjá sjötta bekknum sem ég var að taka að mér. Síðan stendur til að skella sér á Ólver að sjá Eið Smára skora á Anfield og bíóferð er á teikniþorðinu.

FARÐU HLUSTAÐU LESTU HORFÐU...



Á HEIMILISLEGA SUNNUGAGA á Kexi á morgun. Þar munu Agnar Jón og María Heba taka alla fjölskylduna í leiklistartíma.



Á NÝJA PLÖTU BJARKAR VULNICURA sem tónlistargagnrýnendur keppast við að lofa.



HEILSUBÓK RÖGGU NAGLA og hættu að fara í skyndiáttak og gerðu heilbriggt lífferni að varanlegum líffstíl.



Á JUNO á Stöð 2 í kvöld klukkan átta. Yndisleg mynd um unglingsstúlkur sem verður barnshafandi og samband hennar við barnsföðurinn.

Feta í fótspor foreldranna

Hlynur Þorsteinsson, Elísabet Skagfjörð og Eygló Hilmarsdóttir fengu að vita í vikunni að þau hefðu komist inn í leiklistarskólann. Þau eiga það sameiginlegt að vera með leiklistarbakteríuna í blóðinu enda alin upp af leikurum og vita því alveg hvað þau eru búin að koma sér út í.

Erla Björg Gunnarsdóttir
erlabjorg@frettabladid.is

Hlynur, Elísabet og Eygló eru þrjú af níu sem komust inn á leikarabrátt Listaháskólans. Þau eru

rétt að ná sér niður á jörðina eftir miklar tilfinningasveiflur síðustu daga, biðina og svo spennufallið við að komast inn. Leiklistargyðjan er þeim alls ekki ókunnug enda öll alin upp af listafólki. Þau segja það þó engan bagga að vera leikarabörn, nema ef til vill að mæta í viðtöl eins og þetta.

Foreldrar Hlynur eru Þorsteinn Guðmundsson, leikari og uppistandari, og Jóhanna Halldórsdóttir söngkona. Elísabet er dóttir Guðrúnar Gunnarsdóttur söngkonu og Valgeirs Skagfjörð leikara og Eygló Hilmarsdóttir er dóttir Sóleyjar Elíasdóttur og Hilmars Jónssonar, sem bæði eru leikarar.

Hafið þið alltaf stefnt að leiklistarnámi?

Elísabet: „Það var erfitt að komast hjá því. Maður var alltaf í leikhúsinu að fylgjast með.“

Hlynur: „Nei, raunar ekki. Ég er af stórra leikaraætt og þau héldu mér eiginlega bara frá þessu. Mér var bókstaflega haldið frá leikhúsinu og bannað að fara á sýningar. Ég uppgötvaði samt sjálfur með tímanum að þetta væri rétta skrefið fyrir mig.“

Eygló: „Umhverfið mótar mann svo sannarlega.“

Þannig að þið vitið alveg hvað þið eruð búin að koma ykkur út í?

Hlynur: „Já. Lág laun og svolítið hark. Það er bara skemmtilegt. En það sýnir líka að við völdum þetta nám út frá einskærum áhuga.“

Þeim líst öllum mjög vel á bekkinn. Segja þetta vera eðalmanneskjur og hlakka óskaplega til að byrja í náminu næsta haust.

Elísabet: „Það eru níu mánuðir í þetta. Þetta er heil eilífð. Heil meðganga.“

Eygló: „Við þekkjumst mörg og það eru alls kyns tengsl í hópnum. Við Elísabet erum að vinna saman og hinar þrjár stelpurnar sem komust inn eru allar að leika með mér í Konubörnum.“

Hlynur: „Svo eru tvö pör í þessum hópi.“

Elísabet: „Þú sérð það. Leikarabörnin í þessum hópi eru langt frá því að vera það merkilegasta!“

Hlynur og Elísabet komust inn í skólann í fyrstu tilraun en Eygló var að reyna í annað sinn. „Það er gott að fá að berjast fyrir því sem maður vill gera,“ segir hún og Hlynur grípur orðið: „Já, þetta er ekki sjálfgefið, þótt við séum leikarabörn.“



LEIKLISTARNEMAR Eygló, dóttir Sóleyjar Elíasdóttur og Hilmars Jónssonar, Elísabet, dóttir Guðrúnar Gunnarsdóttur og Valgeirs Skagfjörð og Hlynur, sonur Þorsteins Guðmundssonar og Jóhannu Halldórsdóttur. FRETATABLADIÐ/STEFAN

Klístrað og dísætt góðgæti á nammidegi

Guðrún Veiga gefur einfalda uppskrift að karamellu-Krispies sem ekki tekur langan tíma að útbúa.

Guðrún Veiga sem nennir ekki að elda og skrifði aði matreiðslubók fyrir jólfengri köku sem hægt er að maula um helgina. Eins og vaninn er með uppskriftir Guðrúnar Veigu er innihald kökunnar syndsamlega óhollt, kakan er dísætt og ansi girnileg. Er ekki annars nammidagur í dag?

KaramelluKrispies

3 stykki Pipp með karamellu-fyllingu
1 bolli síróp
½ bolli sykurl
1 bolli fínt hnetusmjör
6 bollar Rice Krispies
2 pokar af ljósum súkkulaðidropum

Pippið, sykurrinn, sírópið og hnetusmjörið brætt saman við vægan hita. Þegar þetta er orðið að silkimjúkri blöndu er Riceinu bætt við. Hrært mjög vel. Blöndunni komið fyrir í eldföstu móti sem klætt er í bökunarappír. Þjappað vel. Súkkulaðidropar bræddir og smurt yfir kökuna.



GIRNILEGT Pessi kaka er algjört nammi.

KENNEDY



„Maður kvöldsins er Björn Thors sem túlkar
Kenneth Mána snilldarlega og af hlýju...

...Björn Thors hefur persónuna
frábærlega vel á valdi sínu.“

SGV - MBL

„Stundum hélt ég að ég ætlaði að kafna úr hlátri.“

SA - tmm.is

LJÚFFENGT LEIKHÚSKVÖLD

Pantaðu ljúffengar veitingar til
að njóta fyrir sýningu eða í hléi

YFIR 50 UPPSELDAR SÝNINGAR!

Fim 25/9 kl. 20 UPPSELT	Lau 25/10 kl. 20 UPPSELT	Fös 14/11 kl. 20 UPPSELT	Fös 09/01 kl. 20 UPPSELT
Fös 26/9 kl. 20 UPPSELT	Sun 26/10 kl. 20 UPPSELT	Lau 15/11 kl. 20 UPPSELT	Lau 10/01 kl. 20 UPPSELT
Sun 28/9 kl. 20 UPPSELT	Mið 29/10 kl. 20 UPPSELT	sun 16/11 kl. 20 UPPSELT	Fös 16/01 kl. 20 UPPSELT
Þri 30/9 kl. 20 UPPSELT	Fim 30/10 kl. 20 UPPSELT	Fim 20/11 kl. 20 UPPSELT	Lau 17/01 kl. 20 UPPSELT
Mið 1/10 kl. 20 UPPSELT	Fös 31/10 kl. 20 UPPSELT	Fös 21/11 kl. 20 UPPSELT	Fös 23/01 kl. 20 UPPSELT
Fös 3/10 kl. 20 UPPSELT	Lau 1/11 kl. 20 UPPSELT	Lau 22/11 kl. 20 UPPSELT	Lau 24/01 kl. 20 UPPSELT
Sun 5/10 kl. 20 UPPSELT	Sun 2/11 kl. 20 UPPSELT	Sun 23/11 kl. 20 UPPSELT	Fim 29/01 kl. 20 örfá sæti
Mið 8/10 kl. 20 UPPSELT	Mið 5/11 kl. 20 UPPSELT	Lau 29/11 kl. 20 UPPSELT	Fös 30/01 kl. 20 örfá sæti
Fim 9/10 kl. 20 UPPSELT	Fim 6/11 kl. 20 UPPSELT	Lau 06/12 kl. 20 UPPSELT	Lau 07/02 kl. 20 örfá sæti
Fös 10/10 kl. 20 UPPSELT	Fös 7/11 kl. 20 UPPSELT	Sun 07/12 kl. 20 UPPSELT	Sun 08/02 kl. 20 örfá sæti
Mið 22/10 kl. 20 UPPSELT	Lau 8/11 kl. 20 UPPSELT	Lau 13/12 kl. 20 UPPSELT	Fös 13/02 kl. 20 örfá sæti
Fim 23/10 kl. 20 UPPSELT	Fim 13/11 kl. 20 UPPSELT	Lau 27/12 kl. 20 UPPSELT	Fös 20/02 kl. 20 örfá sæti

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA

MIÐASALA - 568 8000 - BORGARLEIKHUS.IS



Borgarleikhúsið

ÚTSALA - LO

Flísar
80 tegundir
20-50%
AFSLÁTTUR

Rafmagnshita-
blásari 2Kw

~~2.164~~
1.623



**Strekki-
bönd og
Casters hjól**
30%
AFSLÁTTUR

Töfraspoti – Blandari

~~1.867~~
1.400



Djús/ávaxtablandari
með glerkönnu
40w 1,3l.

~~3.942~~
2.957



30%
afsláttur

Lavor háþrýstidæla
STM 160

- 160 bar Max
- 8,5 lítrar/mín.
- 2500W
- Pallabursti
- 8 metra slanga
- Turbo stútur
- Slanga fyrir stíflulosun
- Þvottabursti

Made by Lavor



~~28.642~~
20.050



Lokað slönguhjól 20m 1/2"

~~9.780~~
7.335



Drive 12V Li Ion
rafflöðuborvél

~~5.918~~
4.734



Asaki AM18DWE Asaki
borvél 18V Ni-CD 2,0ah

~~16.990~~
12.743



Drive Delta Sander 180W

~~3.390~~
2.712



LFD105TA
Stáltrappa 2 þrep

~~4.690~~
3.752



5005 3,5 lítra ~~489~~ 391
5006 7,5 lítra ~~785~~ 628
5007 15 lítra ~~995~~ 746

4 litir
3 stærðir



GMC 14,4V 1,2Ah með
aukaraflöðu, stíglaus hraði,
BMC taska

~~5.990~~
3.894



Smergel 350W

~~6.490~~
5.192



Drive toppasett 17 stk 1/4"

~~990~~
743



25%
afsláttur

San-SM-RLB01
stubbastækkari
einnig 2 þrepa 3.590,-

~~2.270~~
1.703



Límbyssá í tösku

~~1.571~~
1.178



Rafflöðuborvél með höggi,
HDA2544 18V

~~17.685~~
14.148

ALM18DD 18V höggborvél Li-Ion
2,8Ah 38Nm 2 hraðar

~~38.990~~
29.243



Drive útdraganlegt
rafmagnskefli
20 metra

~~12.834~~
9.626



Ryco LDL-MD418A lampi
m. grind 4x18W T8 62x60x8 cm
með perum

~~7.894~~
4.736



T38 Vinnuljós

~~5.590~~
4.193



Drive giraffi gips- og spart slípivél
620w 0-980s/min

~~36.900~~
27.675



Kapalkefli 25 metrar
~~5.790~~
4.632

Drive160 L steypurhrærivél


~~39.510~~
31.608




Búkki – Vinnuborð
stillanlegt (E)

~~3.942~~
2.957

Bílabúkkar 2
~~4.590~~
2.712



Drive LG3-70A
1800W flísasög
86x57cm borð
~~128.341~~
96.256



Drive DIY 500mm flísaskeri
~~8.990~~
6.743



40%
afsláttur

DKAÚTKALL



Protool fjölnota verkfæri 220W með 37 fylgihluti í tösku

~~11.990~~
8.993



- ✓ Handlaugar **20-50%**
- ✓ Handlaugartæki **25%** Vitra **15-40%**
- ✓ Sturtuklefar og sturtuhorn **15-40%**
- ✓ Hitastýrð blöndunartæki **25%**
- ✓ Sturtusett m/hitastýrðu tæki **25%**
- ✓ Baðherbergisflísar **20-50%**
- ✓ Náttúrusteinsvaskar **30-50%**
- ✓ Stálvaskar **20-30%**
- ✓ Skolvaskar **20%**



Protool véltisög 250mm, 1800W, borð 47x51 cm

~~51.990~~
38.993

Protool kúttari GW8012, 1900W 254mm blað
~~29.990~~
22.493

Flísabvottasett á hjólum
~~5.790~~
4.343



Fylgihlutasett fjölnota verkfæri 37 stk.
~~6.995~~
5.246

Drive Juðari

~~2.490~~
1.992

Protool Mini fjölnota sög 600 W 85mm m/6 fylgihlutum
~~13.990~~
10.493



30% afsláttur

~~11.990~~
8.393



20% afsláttur

Gua-543-1 vegghengdur, 1mm stál
~~18.673~~
14.938



30% afsláttur

S805-4L 170CM ál snjóskafa
~~1.990~~
1.393



30% afsláttur

W&M PF209D sturtuhorn 90 cm
~~54.990~~
38.493



25% afsláttur

FC 504 Sturtuhorn 80x80 cm
6 mm Hert öryggisgler
~~34.690~~
26.018



40% afsláttur

30% afsláttur

Snagar og krókar - fjöldi lita og gerða

2 tonn 2stk
~~54~~

Gúmmimottur



25% afsláttur

Bíla & gluggabvotta-kústur, gegn um rennandi 116>180cm, hraðtengi með lokun

~~2.660~~
1.995

Vörutrilla 80kg

~~5.820~~
4.365

Reykjavík Kletthálsi 7 Opið virka daga kl. 8 -18, laug. 10 -16
Reykjanesbær Fuglavík 18 Opið virka daga kl. 8 -18



MÚRBÚÐIN

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is



PROSKASAGA „Þetta er proskasaga vegna þess að myndin fjallar um proskafæri hjá mér og vonandi líka strákunum,“ segir Ólafur Stefánsson en í byrjun febrúar verður heimildarmyndin Óli prik fumsýnd í íslenskum kvikmyndahúsum.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

MEÐ LEIKINN Í FARTESKINU

„Við getum öll vaxið og þroskast í leik,“ segir **Ólafur Stefánsson** sem eftir áralanga atvinnumennsku í handbolta tekst nú á við nýtt og spennandi verkefni með leikinn að leiðarljósi. Tölvuleikur og heimildarmynd eru rétt handan við hornið.



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Handboltahetjan Ólafur Stefánsson og einkona hans Kristín Soffía Þorsteinsdóttir búa í fallettu húsi í Þingholtunum með börnin sín Helgu Soffíu, Einar Þorstein og Stefaníu. Afrek Óla Stef þarf ekki að tíunda en það er ekki aðeins fyrir afrek hans í handbolta sem hann á stað í hjórtum margra landa sinni. Það er líka fyrir það að vera litríkur og skemmtilegur karakter, maður sem hugsar út fyrir kassann og hefur í raun brotið niður þá staðalmynd sem margir hafa af afreksfólki í íþróttum. „Píp“ segir eflaust meira en mörg orð. Óli tekst á við verkefnið með jákvæðni í farteskinu, með skýr markmið í kollinum, hugsar um heimspeki, menntun og alla möguleika í hverri stöðu. Hann hugsar um lífið í leiknum og leikinn í lífinu.

Mikil gleði að sjá hana blómstra
Eftir áralangan feril eru Óli og fjölskyldan komin heim. Í mörg ár snerist lífið um handbolta með íþróttamanninum Óla Stef sem fyrirtæki fjölskyldunnar. Líkamlegt og andlegt ástand hans skipti öllu máli til þess að hann gæti skilað sínu sem atvinnumaður í íþróttinni. „Við þessar aðstæður verður maður miðlægur, líklega frekar narsissískur. En Kristín hefur rekið þetta fyrirtæki með mér. Þetta var meira svona Óli Stef og fjölskylda og ég er henni þakklátur fyrir hvernig við höfum unnið þetta saman. Í dag er

það mikil gleði fyrir mig að sjá hana blómstra í sínu.

Öllum á að líða þannig að hann eða hún geti orðið það sem þeim er ætlað. Til þess að það gangi upp eru fjölmargir þættir sem þurfa að vera í lagi. Í atvinnumennskunni hafði ég oft góðan tíma fyrir börnin ef ferðalögin eru undanskilin en hérna heima þarf maður að skipuleggja vikuna vel. Eiga góða vini, passa sig á áfengi og sykri, því þetta dót steikir á manni heilann, hreyfa sig reglulega og lesa frekar en að horfa á sjónvarp og eiga sínar kyrrðarstundir. Ef þetta gengur ekki og maður sinnir sér ekki almennilega getur orðið bratt niður.“

Langaði að sparka í hann!

Ólafur er áhugaverður einstaklingur og það sá Árni Sveinsson kvikmyndagerðarmaður sem frumsýnir í byrjun febrúar heimildarmyndina Óla prik. Árni fylgdi Óla eftir í starfi í heilt ár við tök myndarinnar.

„Það var alveg steikt að samþykka þetta,“ segir Óli og hristir kollinn við tilhugsunina. „Ég var nýr í starfi, á nýjum stað, að takast á við verkefni sem var ekki samþæflegt við neitt sem ég hafði gert áður. Að verða stjórnandi og samþykka að vera með gaur á öxlinni í öllu þessu var dálítið klinkað. Ég sé samt alls ekki eftir þessu, það er ekki það. Málið er að ef maður hefur ekkert að fela þá er þetta í lagi. En auðvitað voru augnablik þar sem mig langaði til þess að sparka í Árna!“

Það eru líka engar uppsettar senur í þessu, ekkert plat og við vildum forðast alla forsíudramatík. Myndin er eiginlega gallhörd en ég hefði kannski sett aðrar

senur inn og það hefði alveg mátt ritskoða sumt. Árni er ögrandi og ég óttaðist satt best að segja dálítið Í skóm dregans sem hann gerði á sínum tíma. Sú mynd er náttúrulega háðsheimildarmynd (mockumentary) en hvort Óli prik endar sem slík mynd – það verða aðrir að dæma um.“

Hafði alltaf verið stjórnad

Árið sem tókur myndarinnar stóðu yfir var viðburðaríkt og í raun mikill skóli. Ólafur lagði keppnisskóna á hilluna og tókst á við nýjar áskoranir. Hann tók við starfi aðalþjálfara hjá meistaraflökki Vals í handbolta og er þar með í fyrsta sinn kominn í stól stjórnandans.

„Málið með myndina er að hún átti alltaf að snúast um þessu umskipti. Árni kom til mín til Katar og þar kviknaði hugmyndin að því að filma þessa sögu um mig að taka við Val. Þetta er æskufélagið mitt og það fylgja þessu óneitanlega sterkar tilfinningar. Eina senan sem ég sé eftir endurvarpar því eflaust. Þar er ég að missa mig á leikmennina inni í klefa í hálfleik, þó svo að ég hafi vitað manna best að ég var að gera óraunhæfar kröfur. En það er pressa í svona starfi og auðvelt að gleyma sér og þarna gleymdi ég mér og lét það bitna á strákunum. Það var ekki gott. Eftir þetta atvik hugsaði ég að þetta mætti ekki gerast aftur. Hugsaði mikið um hvers þetta starf krefst af manni. Fyrir mann eins og mig sem hefur alltaf verið stjórnad eru það mikil umskipti að fara sjálfur í stjórnunarstöðu. Þess vegna er þetta proskasaga. Og vonandi á það líka við um strákana en ekki bara mig því þetta snerist um okkur sem heild.“

FLOTTIR KRAKKAR MEÐ BJARTA FRAMTÍÐ



FLOTTIR KRAKKA Einar Þorsteinn, Stefanía og Helga Soffía eru flottir krakkar með hausinn fullan af góðum hugmyndum um bjarta og skemmtilega framtíð. Einar Þorsteinn og Stefanía eru í handbolta en leiklistin á hug Helgu Soffíu.

MYND/TINNA STEFÁNSDÓTTIR

„Málið er að ef maður hefur ekkert að fela þá er þetta í lagi. En auðvitað voru augnablik þar sem mig langaði til þess að sparka í Árna.“

Óli

„Ísland hefur komið mér skemmtilega á óvart eftir að við fluttum heim en eftir öll árin úti var ég dálítið hikandi.“

Kristín

Í Sjónvarpi Símans er Tímaflakk í boði á 108 stöðvum



TÍMAFLAKK Í SJÓNVARPI SÍMANS

17
Vodafone

108
Síminn

Fjöldi stöðva með hliðraðri dagskrá

Láttu ekki sjónvarpsdagskrána stjórna þér

Tímaflakkið nýtur vaxandi vinsælda enda láta sífellt færri dagskrá sjónvarpsstöðvanna stjórna lífi sínu. Í Sjónvarpi Símans er Tímaflakk á 108 stöðvum svo þú horfir hnökralaust á hvað sem þú vilt, hvenær sem þér hentar, heilan sólarhring aftur í tímann. Það er því engin furða að 70% aðspurðra segi að Sjónvarp Símans standi frammar helsta keppinautum sem býður aðeins upp á 17 stöðvar með hliðraðri dagskrá.* Þú getur meira með Sjónvarpi Símans.

Komdu inn á siminn.is/sjonvarp og skiptu yfir!

► Fannst ég vera að bregðast

Aðeins rétt rúmri viku áður en Íslandsmótið í handbolta hófst síðastliðið haust hætti Ólafur störfum sem þjálfari eða tók sér að minnsta kosti tímabundið leyfi. Fyrirtæki Ólafs krafðist þess að hann sinnti því í fullu starfi. En þessi ákvörðun var honum greinilega erfið.

„Þessi synd, að labba frá borði, var mér mjög erfið tilfinningalega. Ég gekk lengi með þetta í maganum – of lengi kannski en þetta var svo stór og erfið ákvörðun. Þegar ég tók við þessu starfi gaf ég ákveðnar væntingar, setti tón og það síðasta sem maður vill gera er að bregðast. Mér fannst ég vera að bregðast og það er erfitt. Þá skiptir öllu máli að það sem kemur sé nægilega gott til þess að réttlæta þessa ákvörðun og það á eftir að koma í ljós.“

„Leikið og þér munuð finna“

„Það sem kemur í staðinn,“ eins og Ólafur segir, er í raun afsprengi áralangra þælinga og mikillar vinnu. Ólafur hefur lengi hugsað mikið um menntun og hvernig við getum haldið áfram að bæta okkur og þroskast sem einstaklingar. Hér er á ferðinni forrit, tölvuleikur þar sem hugmyndin er að gefa notandnum raunverulegt tækifæri til þess að tengja saman það sem er verið að læra hverju sinni við sinn persónuleika og þau gildi sem hvert og eitt okkar stendur fyrir. Grunninn að þessu verkefni er ekki síst að finna í því sem Ólafur og Þorvaldur Þorsteinsson heitinn unnu að á sínum tíma og minningin um Þorvald er honum greinilega dýrmæt.

„Þetta er í raun framhald af því sem við Þorvaldur vorum að gera. „Leikið og þér munuð finna,“ sagði Þorvaldur og þarna erum við að nota tæknina til þess að skerpa hugsunina í stað þess að láta hana hugsa fyrir okkur. Tengja saman texta, ímyndir og tilfinningar og víkka þann-

ig reynsluheim okkar og auðvelda okkur bæði að læra og þroskast í skemmtilegum leik. Það á að vera leikur að læra og þroskast. Svo það er víst áfram stutt í leikinn í mínu lífi þótt það sé nú með öðrum hætti.

Það er gott að muna að við erum að taka óteljandi ákvarðanir á hverjum degi, stórar sem smáar og þær skipta allar máli í því sem við erum að fást við á lífsleiðinni. Í grunninn er þetta hugsað fyrir börn á aldri 6–12 ára en svo vonandi líka unglinga og foreldra. Því öll getum við vaxið og þroskast í leik.“

Alltaf að vinna og þæla

Nú er liðið á daginn og tekið að skyggja. Kristín og krakkarnir öll komin heim og það lifnar yfir heimilinu. Á hæðinni er bjart og opið á milli eldhússins og borðstofunnar og yfir í stofuna. Þetta er sérstaklega fallegt heimili og við Óli sitjum við borðstofuborðið en Kristín gengur beint til verks í eldhúsinu og byrjar að hafa til kvöldmatinn. Kristín er opin, létt og skemmtileg og í ljósi þess hvað Ólafur er alltaf hugsi þá veltir maður því fyrir sér hvernig gangi að samræma fjölskyldulífið við alla þessa vinnu og allar þessar hugsanir.

„Þetta voru alltaf þrír heimar,“ segir hann og heldur áfram að útskýra. „Boltinn, bækurnar og fjölskyldan. Kristínu finnst að ég eigi að vera oftari í fjölskyldulífinu. Ég verð að viðurkenna að ég á erfitt með að hætta að hugsa um það sem ég er að þæla hverju sinni. En við eigum mikið af góðum stundum. Ferðumst saman og gerum margt skemmtilegt.“ Kristín tekur heilsuhugar undir þetta enda greinilega gott og fallegt á milli þeirra hjóna. Þar með er komið að myndatöku og svo er Óli rokinn í sund með krökkunum. Það eru fáar stundir betri en þær sem er varið í Vesturbæjarlauginni á vetrarköldi.



ELSKAR HANDBOLTA „Það hefur óneitanlega komið sér vel þessi árin að hafa gaman af handbolta,“ segir Kristín Soffía sem þessa dagana stundar hönnunarnám við lðnskólann í Hafnarfirði.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

LÍFIÐ ER MÁLSUÐA, HÖNNUN, FJÖLSKYLDAN OG HEIMILIÐ

Kristín var sjálf í handbolta á unglingsárum og er alin upp á handboltaheimili. „Ég elska handbolta, hef alltaf gert. Það hefur komið sér ákaflega vel því það er erfitt að gera eitthvað sjálfur í þessum heimi afreksíþróttamannsins. Svo eftir að við fórum að eignast börn þá fannst mér mikilvægt að það væri allavegana annar pósturinn alltaf til staðar fyrir börnin. Ég sé ekki eftir neinu því það að fá að vera heima með börnunum, fylgjast með þeim vaxa og dafna hefur verið frábært. Þetta er tími sem kemur ekki aftur og mér þætti skelfilegt að horfa til þessa tíma með eftirsjá.“

Kristín er núna í námi við hönnunarbraut lðnskólans í Hafnarfirði og það leynir sér ekki að hún nýtur þess að sinna sínum hugðarefnum. Heimili þeirra er líka

einstaklega fallegt en þau gerðu umtalsverðar breytingar innanstokks eftir að þau keyptu húsið við heimkomuna.

„Húsið var sannkallað draumaverkefni sem féll fullkomlega að mínu áhugasviði. Ég náði að vera í námi á Spáni í tvö ár í leikmyndahönnun og það fannst mér allveg rosalega gaman. Mér hefur löngum þótt leikhúshimurinn spennandi og í raun hefur hönnun alltaf höfð að sterklega til mín. Núna er ég í námi þar sem ég tekst á við allt mögulegt frá málsuðu til fínlegri hönnunar og smíði og hver dagur er öðrum skemmtilegri. Ísland hefur því komið mér skemmtilega á óvart eftir að við fluttum heim en eftir öll árin úti var ég dálítið hikandi. Það er einfaldlega lyklatími að lifa í góðu nærsamfélagi, eiga góða vini og hafa skemmtilega hluti að takast á við.“

NÝR NISSAN JUKE

TÖFFARINN Í FJÖLSKYLDUNNI



Innovation that excites



OPÍÐ Í DAG FRÁ 12–16

ÞAÐ ER KOMINN NÝR NISSAN JUKE

Þú situr hátt eins og í jepplingi, bíllinn bregst hratt við eins og sportbilar gera og þú getur jafnvel breytt aksturseiginleikum hans á ferð. Nýr Juke er einstakur bíll með einstaka aksturseiginleika. Hönnuðir Nissan Juke skilja vel að sumir vilja velja eftir eigin smekk og hafa kjark til að vera öðruvísi. Með nýjum Nissan Juke er hægt að velja úr fjölbreyttu úrvali aukahluta í litum sem henta breytilegum smekk.

JUKE ACENTA dísil

Eyðsla: 4 l/100 km*

Verð frá: 3.590.000 kr.

www.nissan.is



BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

GE bílar
Reykjanesbæ
www.bilahusid.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

LAGERSALA 24. JANÚAR & 25. JANÚAR

LAUGARDAG 10.00-18.00 OG SUNNUDAG 12.00-18.00

LAGERSALA ALLT Á AÐ SELJAST

20%-90% AFSLÁTTUR

LAGERSALAN VERÐUR Á LAGER VERSLUNAR Á KORPUTORGI
AÐEINS UM HELGINA. FYRSTIR KOMA, FYRSTIR FÁ

INNGANGUR AÐ LAGER
THE PIER ER BAK VIÐ HÚS
Á KORPUTORGI.



LAGERSALA 24.-25. JANÚAR
LAUGARDAG 10.00-18.00
OG SUNNUDAG 12.00-18.00

ÚTLITS-
GÖLLUÐ
HÚSGÖGN
OG
SÝNINGAR-
EINTÖK
FYRSTIR
KOMA,
FYRSTIR FÁ

MIKIÐ
ÚRVAL
AF SMÁ-
VÖRU
VERÐ FRÁ
100 KR.

ÖRFÁ
EINTÖK
AF
NÝJUM
SÓFUM
FYRSTIR
KOMA,
FYRSTIR FÁ

the
PIER





LISTAMENN EINS OG HEILBRIGÐISSTARFSMENN Bryndís og Egill eru sammála um að listin sé eins og súrefni og maður fyllist þakklæti fyrir að fá að njóta góðs listaverks og bókmennta.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Fyrirmyndir sem umbera sig

Bryndís Björgvinsdóttir rithöfundur og Egill Ólafsson hjómlistarmaður spjalla um list, eyjarskeggja og breyskar fyrirmyndir.

Á RÖKSTÓLUM

Erla Björg Gunnarsdóttir
erlabjorg@frettabladid.is



Þú skrifaðir Hafnarfjarðarbrandarann sem er barnabók fyrir fullorðna,“ er það fyrsta sem Egill segir við Bryndísi þegar þau hittast á rökstólum yfir rjúkandi kaffibolla.

Bryndís: Já, eða svona unglingabók fyrir fullorðna. Nú vilja allir vera unglingar svo lengi.

Egill: Menn eru heima hjá sér til fimmtugs. Fólk er að flytja aftur heim á miðjum aldri og fara í gamla barnaherbergið. Enda er þetta þannig að enginn getur flutt að heiman og fáir komast í gegnum greiðslumat nema vera þátttakendur í svindli. Húsnæðisverð er komið upp yfir allt – vegna spekulásjóna eignamanna og þeirra sem hafa óheft aðgengi að peningum. Við erum á svipuðum stað og rétt fyrir hrún. Eða, nei. Byrjum á einhverju jákvæðu.

Bryndís: Þetta eru góðir tímar og slæmir. Ég er búin að vera eitthvað lágstemmd á nýja árinu. Kannski maður vilji stíga varlega til jarðar til að styggja ekki nýja árið. Kannski út af þessum atburðum sem áttu sér stað í byrjun árs í Frakklandi sem gætu markað nýtt og ógnvænlegt pólitískt landslag í Evrópu.

Egill: Vesturlandabúar nýta 80 prósent af auðlindum heimsins og við erum tæpur sjöundi hluti jarðarbúa. Við verðum að líta í eigin barm. Við viljum endalaust meiri hagvöxt og betri lífsskilyrði. Við verðum að breyta um lífsstíl. Það er komið að okkur að leiða jöfnuð að aðgengi gæða heimsins og láta af hendi eitthvað af því sem við höfum fengið, oft með bolabrögðum og rányrkju. Við segjum, sennilega ein þjóða

„erlendur óþjóðalýður“. Hvaða afstaða býr að baki svona orðfæri? Byrjum á því að leggja þess háttar hugarfar af. Heiðursmennska felst í að gefa meira en þú tekur.

Bryndís: Það kemur alltaf aftan að manni með Íslendinga, hvað það er í raun stutt í örbirgð. Afí minn var boðinn upp þegar hann var sjö ára. Það er bara ein kynslóð á milli mín og afa míns en um leið er þessi raunveruleiki svo órafjarri mér. Fátækt er auðvitað enn talsverð en það er eins og sá hópur hafi enga rödd og gleymist svo oft. Fátækt og misskipting er eitthvað sem við verðum að ræða meira.

Egill: Hópur undirmálsfólks stækkar og stækkar. Ég verð var við það í mínu starfi. Þess eru dæmi að það eru hreinlega ekki til peningar til að kosta útför með sómasamlegum hætti. Þá er ekkert annað í stöðunni, að sjálfsögðu, en að koma til móts við fólk, oft með því að taka lítið sem ekkert fyrir.

Ætti ekki að keppa í listum

Ætluðum við ekki að byrja á jákvæðu nótonum? Mér dettur í hug verðlaun. Jóhann Jóhannsson hlaut nýlega Golden Globe og Bryndís hlaut í vikunni Fjöruverðlaunin fyrir bók sína og er tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna. Eru svona verðlaun toppurinn?

Bryndís: Ég væri alveg til í að vinna Golden Globe. Það væri mjög töff. Það sem hjálpar við að fá tilnefningar, fyrir utan hvað þetta er hvetjandi, þá jök þetta umræðu um bókina. Barna- og unglingabækur fá ekki eins mikla umfjöllun og fagurbókmenntir fyrir fullorðna. Og eitt mesta hólið sem bókin hefur fengið er það að hún sé líka fyrir fullorðna. Maður finnur að skáldsögur fyrir fullorðna eru settar skör hærra. Það minnr mig bara á kennarstarfið.

Egill: Launastefna gagnvart kennurum gengur út á sama sjónarmið. Því eldri sem börnin eru því

virðingarmeira. Þetta ætti að vera öfugt. Laun kennara sem kenna yngstu börnunum ættu að vera hæst og svo ættu þau að fara lækandi eftir því sem nemendurnir eldast. Bestu verðlaunin fyrir samfélagið væri að setja kennara á hæstu laun.

Hefur þú fengið marga verðlaunagripa, Egill?

Egill: Já, en þeir jafnast ekki á við Golden Globe. Það er alltaf gaman þegar menn fá hrós og klapp á bakið, sérstaklega fyrir það sem er á jaðrinum en þetta breytir nú ekki miklu í okkar litla samfélagi. Ég er í raun á móti keppnum og tek aldrei þátt í slíku. Ég hef aldrei tekið þátt í Eurovision og mun aldrei gera það. Ég var reyndar einu sinni bakraddasöngvari og það er ein alversta upplifun mín á sviði. Í listum eiga menn ekki að keppa heldur á samfélagið að styðja við bakið á fjölbreyttri flóru listamanna og vinna þannig gegn einhleiti. Samfélög þar sem aðeins einhleiti flóra listamanna þrífst eru deyjandi samfélög. Þar sem flóra listamanna er fjölbreytt, þar eru hreinlega betri samfélagsspeglar og meiri lífsgæði.

Bryndís: Um daginn var listamönnum líkt við heilbrigðisstarfsmenn. Mér finnst það góð líking. Ég sé listina sem ákveðinn heilbrigðisgeira og langar til að vinna eins og heilbrigðisstarfsmáður. Ég reyni þá að laga eitthvað, efla, stækka og bæta.

Egill: Þegar við upplifum góða list þá er það eins og súrefni. Andlegt súrefni sem maður fær ekki ef maður speglar sig bara í dauðum hlutum, peningum, status. Já, og keppnum og verðlaunum.

Bryndís: Ef ég leggst inn á bráðamóttöku þá fyllist ég svakalegu þakklæti til hjúkrunarfræðinganna og lækna sem sinna mér. Ef ég les góða bók þá fyllist ég svipuðu þakklæti til höfundarins. Hann hefur þá bætt mig. Þá finnst mér

höfundurinn vera frábær – svona eins og Tómas læknir.

Fyrirmyndir eiga að vera gallaðar

Við gleymdum annars alveg að spyrja hvort Bryndís þekki Egil. Þú hefur líklega alist upp við Með allt á hreinu?

Bryndís: Já, þegar ég var tveggja ára vildi ég bara borða „sósu og salat“. Fólk skildi ekki hvaðan þetta kom. En þetta er lína úr Með allt á hreinu. En svo lékst þú þabba kæraasta míns í bíómyndinni Í takt við tímenn. Þú ert eiginlega tengdababbi minn.

Egill: Já, alveg rétt. Þarna kom tengingin. Þetta er svo lítil veröld. Þess vegna er umburðarlyndi svo mikilvægt. Um leið og við förum að vera með flokkadrætti og úthrópa aðrar manneskjur þá berast böndin fljótlega að okkur sjálfum. Engar tvær manneskjur eru eins, við erum því öll hinsegin og einstök, líka þeir sem telja sig vera alveg náttúrulega og eðlilega. En málið er að líf mannsins er svo stutt að hann lærir eiginlega aldrei neitt. Hver kynslóð þarf ævinlega að byrja á því að finna upp hjólið. Þess vegna er svo gott að hafa góðar fyrirmyndir, eins og þig – Bryndís!

Bryndís: Ég hef átt svolítið erfitt með fyrirmyndir. Þá er gerð krafa til fólks að það hegði sér á ákveðinn hátt. Til dæmis þegar konur eru sagðar fyrirmyndir fyrir börn og þeim eru um leið settar skorður, mega ekki reykja opinberlega eða blóta almennilega – eða bara vera breyskar.

Egill: Góð fyrirmynd er mannleg og það er mannlegt að skjáttast. Góð fyrirmynd gefur sig upp og segir að hún sé ekki fullkomin, en engu að síður haldin baráttuvilja og anda til að göfga.

Bryndís: Fyrirmyndir verða að vera gallaðar á einhvern hátt því annars erum við að gera óheilbrigðar kröfur til fólks. Ég er mjög hrifin

“Ég átti alltaf erfitt með að koma fram og þegar ég var 23 ára í sagnfræði fékk ég til dæmis undanþágu hjá kennaranum að vera með fyrirlestur í tíma.

Bryndís Björgvinsdóttir

“Við segjum, sennilega ein þjóða „erlendur óþjóðalýður“. Hvaða afstaða býr að baki svona orðfæri? Byrjum á því að leggja þess háttar hugarfar af.

Egill Ólafsson

af svona breyskum fyrirmyndum, til dæmis Courtney Love sem er mjög umdeild og óvinsæl hjá mörgum en heldur þó ótraud áfram í sinni listsköpun.

Egill: Nina Haagen líka. Breysk, kom frá brotnu heimili og ullaði framan í heiminn en um leið var hún fyrirmynd hvað varðar hugrekki og í að leita persónulegra leiða í listinni og lífinu.

Bryndís: Góðar fyrirmyndir þora kannski að stíga á svið án þess að ætla sér að verða fullkomnar eða með svörin við öllu. Ég átti alltaf erfitt með að koma fram og þegar ég var 23 ára í sagnfræði fékk ég til dæmis undanþágu hjá kennaranum að vera með fyrirlestur í tíma. Í dag skilar maður að einhver þarf að koma fram til að leika eða syngja eða kenna og verður bara oftast þakklátur fyrir að einhver leggi það á sig.

Egill: Allir eru innst inni með fullkonnunaráráttu og menn vilja ekki sýna á sér snöggan blett. Ég held því að nauðsynlegt sé að læra að umbera sjálfan sig.

Bryndís: Það er mikilvægt. Og reyndar það eina í stöðunni.

DEBENHAMS

BLÁA BOMBAN

VERÐSPRENGJA!

20%

VIÐBÓTARAFSLÁTTUR
AF ALLRI ÚTSÖLUVÖRU

20%
AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM NÝJUM HERRA- & DÖMUFATNAÐI
FRÁ:

redherring

MAINE
NEW ENGLAND

OPIÐ TIL KL. 18:00 Í KVÖLD

GILDIR ÚT SUNNUDAG



Finndu okkur á facebook

*Gerðu lífið
skemmtilegra*

DEBENHAMS SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

KRÓNAN

- fyrst og fremst ódýr!

583 kr. kg

1,2 kg

Verð áður ~~778~~ kr. kg
Danpo danskur kjúklingur, frosinn.
1,2 kg hvert stykki, 699 kr. stk.



25%
afsláttur

Lækkun vegna dagsetningar



Einnig getur þú valið með kólagrillkryddi, New York, hvítlauk & rósmarín, piparmarinerað eða trönuberja- & eplamarinerað!

1399 kr. kg



Verð áður ~~1554~~ kr. kg
Lambalæri ókryddað



15%
afsláttur

4399 kr. kg

Verð áður ~~5185~~ kr. kg
Ungnauta piparsteik



1999 kr. kg

Verð áður ~~2280~~ kr. kg
KS lambahryggur, hálfur

**GRØN
BALANCE**

Hafðu það grænt
og njóttu lífsins



299 kr. pk.
Grøn Balance lífrænt hörfræ, 500 g



379 kr. pk.
Grøn Balance lífrænt haframjöl gróft, 1 kg



189 kr. pk.
Grøn Balance lífrænt Fusilli, heilheiti, 500 g



139 kr. pk.
Grøn Balance lífrænt hakkaðir tómatar, 500 g



399 kr. pk.
Grøn Balance lífrænt hindberjapykkni, 500 ml

KÍKTU
Á ÚRVALIÐ



ÞORRAMATUR Í MIKLU ÚRVALI



310 kr. stk.
Ora rófustappa, 285 g



912 kr. kg
Goða svið, soðin



215 kr. pk.
Myllu jöklabrauð,
7 sneiðar

Þorrabakki
Lambasviðasulta,
súrsaðir hrútspongur,
hangikjöt og saltkjöt



1799 kr. pk.
Goða þorrabakki, 500 g



798 kr. pk.
Vestfiskur, hákarla-
teningar, 100 g



3629 kr. kg
Súr hvalur (langreyður)



724 kr. stk.
Ora þorrasíld, 580 g



3
fyrir
2

Heilkorna flatkökur

Sjá opnunartíma verslana Krónunnar á www.kronan.is



LETILÍF Dólað á sex mílna hraða.



LAGT AÐ Borgin Saarbrücken í Þýskalandi var endastöðin.



FERÐAFÉLAGAR Eggert, Friðrik, Dagbjört Helena, Ólöf, Birna og Helgi.



UMFERÐ Heilsast á ánni.

Sigt gegnum þorp og aðaltorg

Helgi Pétursson, fjölmiðlamaður og fyrrverandi Ríótríósfélagi, sigldi með eiginkonunni og tveimur vinahjónum í gegn um vínakra, þorp og skóga í Frakklandi og Þýskalandi síðasta haust. Farkosturinn var 14 metra húsbátur, búinn öllum þægindum.

Gunnþóra
Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Þetta er ákaflega skemmtilegur ferðamáti og óvenjulegur. Maður sér umhverfið með allt öðrum augum en út um bígluggana og er í svo mikill nálægð við fólk á svæðinu," segir Helgi Pétursson fjölmiðlamaður um siglingu á húsbáti eftir skipaskurðum og ám í Evrópu. Hann upplifði það á síðasta hausti ásamt eiginkonu sinni, Birnu Pálsdóttur, og vinafólkinu Dagbjörtu Helenu Óskarsdóttur, Eggert Pálssyni, Ólöfu Helgadóttur og Friðriki Sigurðssyni. Hann kveðst hafa prófað svona siglingu áður en samferðafólkið ekki. „Þetta var tíu daga ferð og við sigldum um Alsace-Lorraine-héraðið á landamærum Frakklands og Þýskalands, stigum um borð í bátinn í Hesse

í Frakklandi og héldum af stað áleiðis til Saarbrücken í Þýskalandi.“

Helgi segir skipaskurði Evrópu gríðarlega umfangsmikið kerfi sem eigi ríka sögu. „Skipaskurðirnir eru gömlu flutningaleiðirnar, ásamt ám og vötnum. Stundum er siglt yfir brýr þar sem þjóðvegur er undir eða hús en í stað gömlu skipastiganna eru lyftur sem flytja bátana upp og niður. Það er vissst ævintýri. Þorpin byggðust við skurðina og því er siglt í gegnum þau og jafnvel aðaltorgin þannig að ferðamaðurinn kemst auðveldlega í snertingu við lífið þar. Stóru þjóðvegirnir eru einhvers staðar langt fyrir utan. Hægt er að leggja bátunum að hvar sem er, fá sér sæti á bekk eða rölla út í búð. Fyrirtaks þjónusta er víða, til dæmis hægt að komast í þvottavélar við bryggjurnar.“

Helgi segir hópinn hans hafa verið duglegan að elda. „Það var gaman að komast í gæðavöru hjá slátraranum og bakarannum, að

maður tali nú ekki um vínið frá þessum tröktum, því ekki skorti krár og veitingahús.“

Hjólástígar liggja meðfram skipaskurðunum, að sögn Helga og ferðafélagarnir voru með hjól um borð til að geta hreyft sig af og til.

Báturinn var 14 metra langur, með þremur herbergjum, hverju með sínu baði. Helgi segir rúm-föt, handklæði og eldhúsáhöld hafa fylgt með og bendir forvitnum á heimasíðuna leboat.com. „Þetta er lúxus en alls ekki dýrara en önnur ferðalög,“ fullyrðir hann. „Bara mjög sambærilegt við eitthvað sem mundi heita flug og bíll.“

Svo segir Helgi ekkert mál að stýra, enda þurfi engin sérstök réttindi til að sigla bátum af þessu tagi. „Rytminn er mjög þægilegur. Það er bara dólað á sex mílna hraða til að trufla ekki karlana sem eru að veiða og svo er yndislegt að borða kvöldmatinn undir sólhlíf uppi á þaki þegar komið er í höfn.“

FRÁ HESSE TIL SAARBRÜCKEN



„Það var gaman að komast í gæðavöru hjá slátraranum og bakarannum, að maður tali nú ekki um vínið frá þessum tröktum, því ekki skorti krár og veitingahús.“



SIGLARINN „Þetta er lúxus en ekki dýrara en önnur ferðalög,“ segir Helgi um bátsferðina góðu.

LAGGER

HREINSUN

& ÚTSALA



LÝKUR UM HELGINA

OKKAR MESTA ÚRVAL FRÁ UPPHAFI!

ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR

ÚTIVISTARFATNAÐUR 30-70% • HANDVERKFÆRI 20-40% • VERKFÆRATÖSKUR 20-40%

MASCOT VINNUFATNAÐUR 25% • RAFMAGNSVERKFÆRI BLACK & DECKER OG WORX 20-30%

VINNUFATNAÐUR MASCOT 25% • MÁLNING 20-30% FLÍSAM 25%

POTTAPLÖNTUR 20-50% • VALDAR GJAFAVÖRUR 20-50% • HREINLÆTISTÆKI OG

BAÐFYLGIHLOTIR 20-70% • PARKET 20-25% • SMÁRAFTÆKI 20-30% • INNIHURÐIR 20% •

LOFTA- OG VEGGPILJUR 25% • MOTTUR OG DREGLAR 25-35% • BÚSÁHÖLD 25%

og margt fleira...

**LOKA
ÚTKALL!**



*Afsláttur gildir eingöngu af útsöluvörum.

*Gildir ekki af vörum merktum „Lægsta lága verð Húsasmíðjunnar“.

Vöruúrval getur verið misjafnt milli verslana

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

ÚR FJÖLSKYLDUALBÚMINU



HEIMA Á STÉTT
Pórunn og Stássa eiga margar göngur og smalaferðir að baki.

SAUÐFJÁR-BÓNDINN Alltaf er gaman að fá mislit lömb í hjörðina.

BÖRN, TENGDA-DÓTTIR OG BARNABARN
Kristjana Louise, Hekla Karen, Guðmundur, Guðrún Helga Ágústsdóttir og Anna Lísá.

Hitti draumaprins í dalnum

Pórunn Egilsdóttir hefur setið á Alþingi frá árinu 2013 fyrir Framsókn. Hún býr í Vopnafirði og reynir að komast heim um helgar til eiginmanns og tíu ára dóttur. Stundum er við illviðri og ófærð að glíma. Eitt sinn lenti hún í miklum háska.

Gunnþóra
Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



PEKKTU PINGMANNINN

Norðausturkjördæmi

Fullt nafn **Pórunn Egilsdóttir**
Fædd **23. nóvember 1964**
Hvaðan **Fædd í Reykjavík, býr í Vopnafirði**
Maki **Friðbjörn Haukur Guðmundsson**
Börn **Kristjana Louise, Guðmundur, Hekla Karen**
Áhugamál **Skíði, smalamennska, lestur**
Menntun **Kennari**
Störf **Sauðfjörðubóndi, grunnskólakennari, skólastjórnandi, verkefnastjóri hjá símenntunarstöð á Vopnafirði. Í sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps og oddviti 2010-2013. Stjórnarmaður ótal félaga og ráða.**

Pórunn, hélstu að þingmannsstarfið væri eins og það er? „Já, að einhverju leyti. Ég fylgdist alltaf með þingfréttum í fjölmiðlunum. Starfið er fjölbreytt og skemmtilegt, maður kynnist mörgu, bæði fólki og stöðum og þarf að setja sig inn í ólík mál en það tekur tíma að læra á þau. Vinnudagurinn er oft langur en ná maður að sinna því sem skiptir mann mestu máli í lífinu, heilsunni og fjölskyldunni, er hægt að takast á við krefjandi hluti.“

Hefur þú haldið margar þingræður? „Ég er ekki sá þingmaður sem talar mest. Aðalstarfið fer fram í nefndunum og svo er ég formaður þingflokksins. Einnig er ég formaður þingmannanefndar NATO og fer stundum til útlanda vegna þess. Það er áhugavert að kynnst veruleika fólks annars staðar í heiminum.“

Segðu mér aðeins frá höfum þínum. „Ég bý á Hauksstöðum í Vopnafirði og er líklega sá þingmaður sem á erfiðast með að komast heim, en ég reyni að fara heim um helgar, flýg til Egilsstaða og keyri yfir fjöllin. Það eru 110 kílómetrar og á góðum dögum er það auðvelt en um leið og eitthvað verður að færð getur það orðið erfið.“

Við hjónin eigum tvö uppkomin börn og eitt barnabarn. Svo vorum við svo heppin fyrir sex árum að ein stelpa bættist í hópinn, þá fjögurra ára. Það versta við starfið mitt er að vera svona langt frá henni. Stóru börnin eru hér í Reykjavík í háskóla og mikill samgangur milli okkar og við hjónin keyptum íbúð í blokkinni sem ég ólst upp í, í næsta stigagangi við foreldra mína. Við systkinin erum bara tvö og ég flutti til Vopnafjarðar og hann til Los Angeles svo það var dálítið langt á milli okkar allra.“



FORMAÐUR PINGFLOKKS „Vinnudagurinn er oft langur en ná maður að sinna því sem skiptir mann mestu máli í lífinu, heilsunni og fjölskyldunni, er hægt að takast á við krefjandi hluti,“ segir Pórunn Egilsdóttir.

→ Helstu baráttumál

- Bygðamál og jafnrétti
- Almannatryggingar
- Endurnýjun og uppbygging Landspítalans
- Gegn áfengi í matvöruverslanir
- Umferðaröryggismál

Ólstu upp í Reykjavík? „Já, en eftir stúdentspróf úr Versló fór ég til Vopnafjarðar og ætlaði að vera einn vetur sem leiðbeinandi við skólann. Það var 1984. Um haustið skall á kennaraverkfall og þá fékk ég vinnu í slátruhúsinu. Einn daginn sá ég Friðbjörn Hauk og það fyrsta sem ég hugsaði var: Þetta er maðurinn minn. Eftir veturinn langaði mig í sveit eitt sumar sem kaupakona og var bent á að tala við bóndann á Hauksstöðum. Það var Friðbjörn Haukur. Hann réð mig og líklega er ég síðasta kaupakonan á landinu sem giftist bóndanum. Mér leið strax vel á Hauksstöðum og festi rætur þar. Kom inn á gróid heimili þar sem tengdaforeldrar mínir bjuggu, föðurbróðir mannsins míns og mágur.“

Er gott undir bú á Hauksstöðum? „Hauksstaðir er góð sauðfjörð. Bærinn er innst í Vesturárdal en var mjög afskekktur þar til haustið 2013 að hann komst í alfaraleið eftir að við fengum nýjan veg í byggðarlagið. En við höfum búið við mjög lélegt netsamband og fengum GSM-samband í fyrra.“

Er ekki bagalegt fyrir þingmann að hafa ekki netsamband? „Það er mjög slæmt og líka fyrir bændur eins og aðra. Í búskapnum þurfa menn að skila skýrslum á netinu. Þetta er ein af grunnstöðunum sem þurfa að vera í lagi um allt land. Nútíminn krefst þess.“

Hafa kjósendurnir mikið samband til að biðja um fyrirgreiðslu? „Mér finnst fólk ekki ágengt eða frekt.“

PÓRUNN Í PINGSAL JÁKVÆÐNI Á VINNUSTAÐ OG ÓBREYTT VÍNSALA

12.12.2013

„Á þessum vinnustað hefur verið stofnaður hópur jákvæðra, óformlegur hópur sem mun koma saman til að ræða þau gildi sem þátttakendur telja mikilvæg í mannlegum samskiptum. Jafnvel verða rifjaðar upp kurteisvenjur sem geta gert lífið skemmtilegra og kannski rætt um leiðir sem geta hjálpað fólki að glata ekki gleðinni í amstri dagsins.“

Það á að hafa aðgang að sínum þingmönnum. Þetta er baklandið okkar og ef við missum tengsl við það höfum við lítið að gera hér.“

Áttir þú von á að fara inn á þing þegar þú gafst kost á þér á listann? „Ekki í upphafi en þegar út í framboðið var komið lagði ég mig alla í það og uppskeran var góð.“

Hvernig fer starf þingmannsins saman við starf sauðfjörðubónda? „Ekkert vel. Við erum svo langt fram á vor á þinginu. En ég komst í göngur í haust og það var óskaplega gott, eitt það skemmtilegasta sem ég geri.“

Hefurðu lent í erfiðri lífsreynslu? „Ég hef verið afar lánsöm í lífinu en við hjónin lentum samt einu

21.10.2014

„Með óbreyttu fyrirkomulagi munu Íslendingar, sem finnst gott að drekka áfengi, gera það eins og þeirra nánustu eru ánægðir með og halda því áfram. Þeir munu áfram njóta góðs aðgengis ágætra vínúða og þjónustu sem hefur batnað mikið með árunum. Það að hafna þessu frumvarpi er ekki að tala gegn neyslu áfengra drykkja eða með bindindi.“

sinni í miklum háska á leið heim frá Akureyri. Það var mikið rok en auðir vegir. Þegar við komum á Burstafellsbrúnirnar þar sem vegurinn lá niður í Vopnafjörð, lyftist bíllinn upp að aftan hvað eftir annað, rétt við bjargbrúnina. Haukur var snöggur að keyra út af fjallsmegin, út í krapablá og þar hímdu við í þrjá klukkutíma. Óttuðumst að bíllinn fyki og ákváðum að fara úr honum og reyna að skríða í skjól en það var ekki viðlit svo við stöðum í krapablánni, bundin saman. Vorum áður búin að ákveða að ef annað okkar fyki fram af skyldi hitt ekki gera neitt því það væru börn heima. Svo dúraði í og við náðum bílnum upp og keyrðum heim. En þarna upplifðum við hversu smá við erum gagnvart náttúruöflunum.“

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ

FJÖLSKYLDUDAGUR

Gerðarsafn í Kópavogi býður upp á skapandi samverustund fyrir fjölskyldur í dag klukkan 14. Guðrún Benónýsdóttir myndlistarmaður leiðir stundina.



ROSEBERRY

Öflugt gegn blöðrubólgu

Virkar innan 24 tíma
2-3 töflur fyrir svefn



Fæst í apótekum, heilsubúðum og í heilsuhillum stórmarkaðanna
www.gengurvef.is



ÞÚ VELUR
NÁTTÚRULEGA

DGJ
ORGANICS
SHAMPOO

ÁN PARABENA OG SLS

Dreifing www.isflex.is



KALT Það hefur verið mjög kaldur vetur í Portúgal. Hulda þurfti að greiða um 70 þúsund fyrir að hafa hita í íbúðinni í einn mánuð.

FÓR SEXTÍU ÁR AFTUR Í TÍMANN

ÆVINTÝRAKONA Hulda Björnsdóttir söðlaði algjörlega um í lífinu árið 2008, keypti hús í Kína og ákvað að setjast þar að. Þá hafði hún unnið á sömu skrifstofunni í 24 ár og langaði í tilbreytingu. Kínaævintýrið varð þó aldrei auðvelt og núna býr Hulda í Portúgal. Þar ætlar hún að búa í framtíðinni.

Hulda sagði frá flutningum til Kína í viðtali við Morgunblaðið í janúar 2008. Hún sagði frá því að hana langaði ekki að verða gömul á Íslandi. „Ég hafði horft upp á móður mína ganga þann veg og fannst ekki þannig búið að öldruðum á Íslandi að mig langaði til að finna það á eigin skrokki,“ sagði Hulda í viðtalinu. Hún hafði fallið fyrir Kína í heimsókn þangað og ákvað að setjast að í hafnarborginni Fuzhou þar sem hún festi kaup á raðhúsi. Í Kína kenndi hún inn-

þæddum ensku og dans. Hulda var lengi danskennari hjá Heiðari Ástvaldssyni. Hún lét Kínadrauminn rætast sama ár og allt hrundi á Íslandi, þá að verða 63 ára.

NÝTT ÆVINTÝRI

Það var forvitnilegt að vita hvernig Huldu hefur gengið að fóta sig í Kína og þess vegna hafði blaðamaður samband við hana. Hulda reyndist ekki vera í Kína heldur í Portúgal. „Það var flókið að setjast að í Kína. Ég fékk ekki

FLÓKIÐ KÍNA

„Ég fékk ekki langvarandi dvalarleyfi í Kína, seldi húsið og flutti til Portúgal.“

Eitt mest selda fitubrennsluefnið í heiminum í dag!

13 kíló farin!



Karen Hauksdóttir

„Losnaði við sykurpörfina“

„Mittismálið minnkaði og ég er orkumeiri. Einnig finnst mér ég ekki þurfa borða eins mikið og áður og sleppi sælgæti algjörlega.“



GMP vottað hráefni

Útsölustaðir: flest apótek, heilsubúður og heilsuhillur verslana.

salcura® - DAGAR
NATURAL SKIN THERAPY



Exem - psoriasis



Bólur - óhrein húð



Sveppasýking

20%
afsláttur

Af öllum
vörum
í janúar

Náttúrulegar
húðmeðferðarvörur

TWINPACK
- frábær kaup -



3 tegundir í boði

Útsölustaðir: öll helstu apótek og heilsubúðir

www.gengurvef.is

OptiBac
probiotics

Virkar lausnir frá OptiBac
„One Week Flat“
Minnkar þembu og Vindgang



Fæst í apótekum og heilsuþúðum



Ábendingahnappinn
má finna á
www.barnaheill.is



S A F T



MARKAÐUR Það var mikið um að vera í bænum í kringum jólin. Hér er Hulda með bæjarbúum á markaði.

Plokkfiskur

hollur kostur á 5 mín.





Njóttum lífsins



► langvarandi dvalarleyfi. Þegar ég varð 65 ára nennti ég ekki að bíða í fimm ár í viðbót eftir leyfinu, seldi húsið og innbúið og flutti til Portúgal,“ útskýrir Hulda sem verður sjötug á þessu ári. „Mér fannst gaman að vera í Kína og naut þess að kenna þar. Ég sakna landsins mikið. Skólinn þar sem ég kenndi hefur boðið mér í heimsókn og ég hef hug á að fara þangað fljótlega.

Áður en ég flutti til Portúgal skoðaði ég landið mjög vel, gúgglaði á netinu og spurði vini og kunningja sem þekktu til. Það voru allir jákvæðir gagnvart þessu landi. Nú er ég búin að vera hér í fjögur ár en það hefur sannarlega ekki verið sama sólin og allir töldu. Í sannleika sagt er eins og ég hafi flutt sextíu ár aftur í tímann,“ segir Hulda og stynur.

KALT Í SÓLARLANDI

„Fólkið hér er ágætt en ég er skrýtni útlendingurinn. Ég bý í miðju landi, í bæ sem heitir Penela. Hér búa bara Portúgalar. Venjulegir útlendingar kaupa sér hús úti í skógi og eru ekki í miklu sambandi við innfædda. Það tekur mig einn og hálfan klukkutíma að keyra á almennilega strönd og stundum legg ég það á mig yfir sumarið, þá er gríðarlega heitt hér, jafnvel yfir 40 stig,“ segir Hulda en kuldinn hefur verið mjög mikill í vetur. „Það er hrikalega kalt hér yfir veturinn. Ég borgaði 450 evrur (um 70 þúsund krónur) í síðasta mánuði fyrir að hafa íbúðina heita. Ekki langt héðan hefur snjóað. Þetta er ekki eins og sólarströndin Algarve sem Íslendingar þekkja. Hún er ekki Portúgal heldur ferðamannastaður.“

VANTAÐI MENNINGU

Hulda segir að fyrst eftir að hún kom til Portúgal hafi hún verið að deyta andlega. Hana vantaði list og menningu í líf sitt. „Ég fann hér góðan söngkennara og er að læra óperusöng sem ég var byrjuð á heima á Íslandi. Það finnst mér gaman. Í fyrra kenndi ég útlendingum dans hérna sem einnig var mjög skemmtilegt. Þá kynntist ég því hvernig útlendingar grúppa sig saman hér. Það er ágætt að vera ferðamaður á þessum slóðum, alls kyns rústir og kastalar, en öðruvísi að búa hér. Ég hef ferðast mikið um landið og alls staðar er umhverfið keimlíkt. En ég tók meðvitaða ákvörðun að sætta mig við þetta land því mig langar ekki að flytja aftur,“ segir hún.

Hulda ætlar ekki að flytja aftur til Íslands. „Ég get ekki hugsað mér að vera í myrkrinu á veturna,“ segir hún. Ég bý ein og það gefur mér ákveðið frjálrsræði. Ég er þekkt hér fyrir að hoppa upp í bílinn og keyra af stað á vit ævintýrana. Portúgölum finnst það mjög merkilegt.“

FLEIRI ÆVINTÝRI

Þegar Hulda er spurð hvort henni leiðist aldrei, svarar hún: „Ekki beint. Ég fékk smávegis menningarsjökk þegar ég kom fyrst þar sem allt er fornaldarlegt hérna. Eftir að ég ákvað að taka slaginn þá leiðist mér ekki. Ég er dugleg að finna mér eitt-hvað að gera. Ég reyndi til dæmis að koma



NuSkin-vörum á markað hér í Portúgal. Svo er ég að læra málið. Allir mínir vinir hér eru portúgalskir og sumir tala enga ensku svo maður verður að bjarga sér. Ég á auðvelt með að kynna fólk. Heimsóknir tíðkast ekki hér. Mér hefur samt tvisvar verið boðið að eyða jólum hjá portúgölskum fjölskyldum, þá heimsækja þeir ættingja og vini en annars ekki.“

Hulda hefur aðeins einu sinni komið til Íslands frá árinu 2008 til að endurnýja vegabréfið. „Mig langar helst núna að keyra niður til Spánar eða Ítalíu og dvelja þar í nokkra mánuði. Föst búseta verður áfram hér í Portúgal. Ég er ævintýrakona í eðli mínu og á eftir að upplifa fleiri ævintýri. Það er heilmikil áskorun að lifa þessu lífi og það á vel við mig.“

Hulda keypti íbúðina í Portúgal á sínum tíma og hún er með eigin bíl. Hún segist vera miku betur stödd en innfæddir á hennar aldri. „Þegar ég segi fólk hér hvað ég sé gömul þá dettur af því andlitið. Þeim finnst ég ekki haga mér samkvæmt aldri,“ segir hún og hlær. „Í Penela eru engin sófn og engir tónleikar og ég sakna þess. Það vantar menninguna. Spánverjar og Ítalir eru ólíkir Portúgölum að þessu leyti. Þeir eru opnari og menningin ríkari þáttur í lífi þeirra.“

ÁKVEÐIÐ TÓMARÚM

Hulda segir hiklaust mæla með því að fólk sem komið er á eftirlaun prófi eitt-hvað nýtt í öðrum löndum í styttri eða lengri tíma. „Þegar ég kom til Portúgal fór ég í gegnum tímabil þar sem mér fannst ég einskis nýt. Ég var hætt að vinna og það var ákveðið tómarúm. Margir sem komast á þennan aldur upplifa það. Þá er undir hverjum og einum komið að fylla upp í þetta tómarúm á meðan fólk hefur heilsu og kraft. Ef maður fer aldrei upp úr sporunum breytist ekki neitt. Það er hægt að sitja heima og kvarta yfir hvað lífið er erfitt eða snúa vörn í sókn og gera eitt-hvað skemmtilegt. Mér finnst til dæmis einstaklega skemmtilegt að læra að syngja. Það er gott fyrir heilsuna og andann. Hér finnur eldra fólk félagsskap á heilsugæslunni eða í apótekinu,“ segir hún. „Hinn almenni Portúgali hefur ekki ferðast mikið um eigið land. Það er mikil fátækt hér,“ segir ævintýrakonan Hulda.

VINIR Hulda hefur eignast marga vini í Portúgal en henni finnst flest þar forneskjulegt. Hún bjó áður í Kína og var mjög ánægð þar.

ÆVINTÝRI

„Ég er ævintýrakona í eðli mínu og á eftir að upplifa fleiri ævintýri. Það er heilmikil áskorun að lifa þessu lífi og það á vel við mig.“

BETRI AF BLÖÐRUBÓLGUNNI

ICECARE KYNNIR Bio-Kult Pro Cyan er háþróuð þrívirk formúla sem tryggir heilbrigða þvagrás. Guðlaug Jóna Matthíasdóttir hefur fengið endurteknar þvagfærasýkingar en er nú betri eftir að hún fór að taka Bio-Kult Pro Cyan.

Þvagfærasýking er algengt vandamál og mun algengari hjá konum en körlum og er helsta ástæða þess að styttri leið er upp í þvagrás kvenna. Algengt er að sýkingin sé af völdum E. coli-bakteríunnar.

Ein af hverjum þremur konum hefur þjáðst af þvagfærasýkingu fyrir 24 ára aldur og að minnsta kosti helmingur allra kvenna fær þvagfærasýkingu einu sinni á ævinni. Fjórðungur þeirra fær endurteknar sýkingar. Guðlaug Jóna Matthíasdóttir er ein þeirra. „Ég hef verið með króníska blöðrubólgu í rúmlega tvö ár og hefur það valdið mér mikilli vanlíðan og óþægindum. Ég gat til dæmis aldrei farið í heitan pott eða verið úti í miklu frosti því það olli mér strax mikilli vanlíðan. Þar sem ég stunda hestamennsku og þarf oft að vera á ferðinni í vinnu þá var þetta mjög óþægilegt og hamlandi fyrir mig. Læknarnir vildu setja mig á sýklalyfjakúr í tólf mánuði en ég var ekki alveg tilbúin til þess. Því ákvað ég að prófa Bio-Kult Pro Cyan þegar ég sá umfjöllun um það í blöðunum. Ég fann fljótlega að það virkaði mjög vel gegn blöðrubólgunni. Í fyrstu tók ég bara eitt hylki á dag, eða þegar ég fann



að ég fékk einkenni, en núna tek ég tvö hylki um leið og ég finn fyrir óþægindum og stundum nokkrum sinnum yfir daginn þegar ég er verst.“

TRYGGIR HEILBRIGÐA ÞVAGRÁS

Orsakir þvagfærasýkingar eru nokkrar, meðal annars utanaðkomandi áhrif á þarmaflórana, breyttur lífsstíll, aukið stress, ýmsir sjúkdómar og aukin lyfjanotkun. Einkenni sýkingarinnar eru meðal annars tíð þvaglát, aukin þörf fyrir þvaglát án þess að kasta af sér þvagi, verkir við þvaglát og óeðlileg lykt og litur af þvagini. Trönuber hafa löngum verið þekkt fyrir að virka vel sem fyrirbyggjandi meðhöndlun gegn þvagfærasýkingum. Trönuber hindra að E. coli-bakterían ná fötfestu við slímhúð þvagrásar. Þau drepa ekki bakteríuna heldur skolest hún út með þvagini. Bio-Kult Pro Cyan er háþróuð þrívirk formúla sem tryggir heilbrigða þvagrás. Hylkin innihalda trönuberja-extrakt, vinveitta gerla og A-vítamín. Hlutverk A-vítamíns og vinveittu gerlanna er að hjálpa líkamanum að viðhalda eðlilegri bakteríufloðu í þörmum og einnig að viðhalda eðlilegri starfsemi í þvagrásarkerfinu.



BIO-KULT PRO CYAN
Hylkin innihalda trönuberja-extrakt, vinveitta gerla og A-vítamín.



VIRKAR VEL
Guðlaug Jóna tekur Bio-Kult Pro Cyan þegar hún finnur fyrir einkennum þvagfærasýkingar og virkar það vel.
MYND/GVA

SÖLUSTADIR OG UPPLÝSINGAR

Vörurnar eru fáanlegar í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar á heimasíðu IceCare, www.icecare.is.

IceCare
Dín heilsa

FITUBRENNSLA Á NÁTTÚRULEGAN HÁTT

Chili Burn-töflurnar auka brennslu, örva meltingu og minnka sykurlöngun. Sævar Guðmundsson hefur lést eftir að hann fór að taka Chili Burn.

Chili Burn-töflurnar eru byltingarkenndar töflur sem hjálpa til við fitubrennslu á náttúrulegan hátt. Töflurnar innihalda chili-jurtina sem eykur brennslu, grænt te sem örvar meltinguna, króm sem minnkar sykurlöngun, piparmintuolíu sem dregur úr uppþembu og vindgangi ásamt B-vítamíni og magnesiúmi. Chili Burn virkar þannig á þrefaldan hátt; það eykur brennslu, örvar meltinguna og minnkar sykurlöngunina.

HJÁLPAR TIL VIÐ AÐ LÉTTAST

Sævar Már Guðmundsson hefur lengi átt í baráttu við aukakílóin og hefur hreyfing verið helsta ástæða þess að hann hefur ekki verið í ofþyngd. „Fyrir nákvæmlega ári síðan var ég í mjög góðum málum og búinn að vera að léttast töluvert á hálfu ári á undan. Þá hafði ég tekið mataræðið í gegn svo um munaði og hreyfði mig mikið. Álag í vinnunni gerði það svo að verkum að í upphafi þessa árs fór ég að hafa minni tíma til að æfa og borða rétt og fór þá að þyngjast aftur,“ segir Sævar.

Í lok ágúst fór Sævar aftur að mæta í ræktina. „Þetta snýst allt um sjálfsaga og ég fann það á fyrstu skiptunum mínum að ég þurfti breytingu í öllu. Ég skráði mig í fasta tíma í ræktinni og æfi í það heila fimm sinnum í viku. Eftir að ég sá auglýsingu um Chili Burn í byrjun september ákvað ég að prófa það. Tæpum tveimur mánuðum síðar hafði ég lést um rúm fjögur kíló og fituprósentu lækkað um tæp fjögur prósentustig.“



SYKURÞÖRFIN MINNI

Sævar tekur Chili Burn-töfluna kvöld og morgna og hann telur það hjálpa til við að halda bruna gangandi allan daginn.

„Með réttu mataræði hjálpar þetta mikið. Auk þess finnst mér þörfin í sykurlöngun minnkað, mig langar ekki eins mikið að fá mér gosdrykki eða nammi eins og áður. Ég leyfi mér það þó einu sinni í viku.“

Hann segir það lyklatríði að hafa trú á þessu öllu saman. „Hreyfing skiptir mig miklu máli og rækt á líkamanum til að viðhalda hraustlegu útliti. Chili Burn hjálpar til við að halda niðri sykurlöngun og mataræðinu í lagi auk þess sem það er vatnslosandi,“ segir Sævar.

FRAMLEITT Í SKANDINAVÍU

Sænskir sérfræðingar hjá New Nordic hafa þróað þessar nýju töflur byggðar á efnum úr chili-plöntunni. Þykkunin hefur verið blandað saman við önnur náttúruleg efni sem innihalda katekín-andoxunarefni.

Klínískar rannsóknir, sem hafa verið birtar í vísindatímaritinu Obesity, sýna fram á að sama magn af þeim innihaldsefnum og er í töflunum getur dregið úr líkamsfitu. Sérfræðingarnir bættu piparmintuolíu við töfluna, sem dregur úr uppþembu og vindgangi.

Sérstakar ráðstafanir hafa verið gerðar til að hámarka gæðin bæði úr chili-plöntunni og öðrum innihaldsefnum, allt frá vinnslu þar til neytandinn tekur við þeim.



CHILI BURN-TÖFLURNAR ERU EKKI ÆTLAÐAR FÓLKI MEÐ SKERTA LIFRARSTARFSEMI EÐA LIFRARSJÚKDÓMA. CHILI BURN SKAL TAKA MEÐ MAT, ÆTLAÐ ELDRI EN 12 ÁRA.

MINNI SYKURÞÖRF Sævar langar síður í sælgæti og gos eftir að hann byrjaði að taka Chili Burn.
MYND/STEFAN



RÚNAR ÞÓRARINSSON

SÝNINGIN ÚTSKRIFTARSÝNING LJÓSMYNDASKÓLANS VERÐUR OPNUÐ Í HÖRPU Í DAG KLUKKAN 15 TIL 19 OG HÚN STENDUR TIL 1. FEBRÚAR.



KOLBRÚN JÓNSDÓTTIR

NEMAR SÝNA MYNDIR

AFRAKSTUR ERFIDISINS Útskriftarnemar Ljósmyndaskólans opna í dag sýningu á lokaverkefnum sínum. Sýningin er í Hörpu og stendur til 1. febrúar.

Verkin á sýningunni eru afar margbreytileg,“ segir Sigríður Ólafsdóttir, Sissa, skólastjóri Ljósmyndaskólans. Tíu nemendur skólans útskrifast nú í vor eftir tveggja og hálfis árs nám og taka því þátt í sýningunni sem verður opnuð í Hörpu klukkan 15 í dag. „Síðustu önnina vinna nemendur að verkefni að eigin vali en undir handleiðslu leiðbeinenda,“ segir Sissa og árangurinn er góður.

Á sýningunni kennir ýmissa grasa. „Sem dæmi

verður á sýningunni vídeóverk þar sem fjallað er um lesblindu, ljósmyndabók um Laugavegin og myndverk sem saumað er í. Þá er ein stúlka sem gerir landslagsmyndir í þrívídd. Síðan má einnig nefna portrett annars vegar af sjómönnum og hins vegar af íslenskum bóndakönnum en þær síðastnefndu verða í ljósmyndabók sem er í vinnslu,“ telur Sissa upp en bendir á að þetta sé aðeins brot af því sem sjá megí á sýningunni.

ALVEG AÐ VERÐA VÖÐVASTÆLTUR

SPENNANDI TÍMAR FRAM UNÐAN Söngvarinn Hreimur Örn Heimisson er með mörg járn í eldinum. Hann syngur á tónleikum, spilar á þorrablótum, æfir Boot camp og er á leið í sjónvarp. Fjölskyldan er þó alltaf í fyrsta sætinu.

Tónlistin er orðin að áhugamáli hjá Hreimi Erni Heimissyni, söngvara með meiru. Fjölskyldan er í fyrsta sæti hjá honum og svo er hann kominn í hefðbundna dagvinnu. „Ég á fjögurra mánaða dreng sem er þriðja barnið okkar og við gætum vart verið hamingjusamari. Ég kalla tónlistina áhugamál í dag þar sem ég er í hefðbundinni dagvinnu en ég er samt sem áður að spila alveg gríðarlega mikið,“ segir Hreimur.

FRÁ ELDBORG Í ÞORRABLÓT

Í kvöld mun Hreimur standa á sviði í Eldborgarsal Hörpu ásamt fleiri listamönnum sem flytja úrval af bestu dægurperlum Eyjanna. „Sams konar tónleikar hafa verið haldnir nokkrum sinnum áður en ég hef ekki getað verið með fyrr en núna og er alveg gríðarlega spenntur fyrir kvöldinu. Ég spilaði með Landi og sonum fyrst á Þjóðhátíð árið 1997 og þá fluttum við meðal annars lagið Vöðvastæltur sem gerði hljómsveitina vinsæla. Lagið Lífið er yndislegt sem ég samdi var svo Þjóðhátíðarlagið árið 2001 og hefur það skapad sér ákveðinn sess meðal landsmanna þannig að ég hef ákveðnar taugar til Eyja.“

LÍFIÐ ER YNDISLEGT 100 SINNUM

Það er óvenjulega mikið að gera hjá Hreimi um helgina en eftir tónleikana þarf hann að rjúka til að spila á þorrablót. „Ég er mikið



ÆFIR VEL Hreimur hefur verið duglegur að æfa undanfarið og grínast með að hann verði bráðum vöðvastæltur eins og segir í lagiðinu með Landi og sonum. MYND/PIETUR

í því að spila á þorrablótum og frá miðjum janúar fram í miðjan febrúar verð ég örugglega búinn að spila Lífið er yndislegt um hundrað sinnum,“ segir hann hlæjandi.

Aðspurður að því hvort hann sé þá ekki fyrir löngu búinn að fá leið á lagið segir hann svo ekki vera. „Það skemmtilegasta sem ég geri er að skemmta fólki á einn hátt eða annan hátt. Fyrir nokkrum árum hugsaði ég að ég væri orðinn leiður á því að syngja alltaf þetta sama lag aftur og aftur. Þá var mér vinsamlega bent á það af mínum bestu vinum að ég hefði ekki efni á

að hugsa svona. Það væru forréttindi að eiga þó nokkur vinsæl lög, margir starfa sem höfundar í langan tíma án þess að eiga vinsælt lag. Ég ætti bara að vera stoltur yfir því að hafa skrifað minn hluta af íslensku tónlistarsögu. Ég tók þetta inn á mig og nú set ég mig í þau spor að vera ánægður með að fólk kunnist lagið mitt og finnst gaman að syngja með því.“

SPILAR Á MEÐAN HANN GETUR

Hreimur kemur mikið fram einn en líka mikið með þeim sem hann kallar „Trúbbamafu Íslands“. „Við Vignir Snær Vigfússon, Jogvan

OptiBac
probiotics

One week flat

Minnkar þembu og losar vind úr meltingunni á viku!

“Meltingin er nánast fullkomin eftir að ég fór að nota OptiBac Probiotics gerlana og ég get ekki hugsað mér að vera án þeirra “
Marta Eiríksdóttir jógakennari

[@OptiBac](#) www.facebook.com/optibaciceland



ÍRIS SIGURÐARDÓTTIR



KRISTINA PETROŠIUTÉ



EVÍTA DÖGG LILJUDÓTTIR

Hansen, Magni Ásgeirsson, Matti Matt og fleiri höfum verið duglegir við að spila saman við hin og þessi tækifæri. Ég hef líka verið að vinna með æskufélögum mínum, við köllum okkur Made in Sveitin og höfum verið að spila mikið. Ég lifi eftir því mottói að vinna og spila með sem flestum og eins mikið og ég get. Maður fær bara ákveðinn tíma í þessum bransa og það er um að gera að nýta hann vel og njóta hans.“

VINNUR STUNDUM OF MIKIÐ

Hann segir það geta verið erfitt að láta það ganga upp að fjölskyldan sé í fyrirrúmi. „Ég fæ reglulega að heyra það að ég sé að vinna of mikið. Á móti kemur að við höfum það gott og getum leyft okkur ýmislegt. Eftir því sem eldri krakkararnir eldast höfum við reynt að gera meira og meira saman en hún Embla mín verður tíu ára á þessu ári og hann Þorsteinn minn verður sjö ára. Við erum á leið til Tenerife í vor og svo ætlum við að ferðast um landið í sumar.“

Á LEIÐ Í SJÓNVARP

Tónlistin hefur alltaf leikið stórt hlutverk í lífi Hreims, hann æfði fótbolta í mörg ár, langaði að æfa með toppliði en komst þó ekki alla leið þangað. Tónlistin átti hug hans allan. „Ég get horft á boltann í sjónvarpinu og svo er ég virkilega sáttur ef ég kemst tíu sinnum í gólf yfir sumarið. Ég er líka dottinn í nýja áratú en mér finnst frábært að fara í Boot camp fyrir vinnu. Bráðum kemst ég í toppform og verð vöðvastæltur,“ segir hann í gamansömum tón. Hreimur bætir dularfullur við að spennandi tímar séu fram undan hjá honum því hann sé á leið í sjónvarp. Hann reynir að vera þögull sem gröfin en þetta fæst þó upp úr honum: „Ég get sagt að ég sé að taka þátt í einstöku tilraunaverkefni sem við sjáum bara hvernig fer.“

■ liljabjork@365.is

ÞRJÁR SÝNINGAR Í DUUSHÚSUM

■ **FJÖLBREYTNÍ Í REYKJANESBÆ**
Í dag, laugardag, verða opnaðar þrjár nýjar sýningar í Listasafni Reykjanesbæjar, Duushúsum. Ein þeirra er sýningin til Sjávar og sveita en hún er samstarfsverkefni Listasafns Íslands, Menningar- miðstöðvar Hornafjarðar og Listasafns Árnesinga. Þar verða sýnd verk Gunnlaugs Scheving sem er meðal helstu listamanna þjóðarinnar og endurspeglar verkin á sýningunni vel þá breytingu sem varð í íslenskri myndlist á millistríðsárunum.

Við sama tækifæri verða opnaðar tvær aðrar sýningar í Duushúsum. Annars

vegar er það sýningin Sjálfsagðir hlutir frá Hönnunarsafni Íslands sem fjallar um þekktu hluti úr hönnunarsögunni. Hins vegar er það sýningin Konur og myndlist þar sem sýnd verða verk fimmtán íslenskra kvenna úr safneign Listasafns Reykjanesbæjar í tilefni þess að árið 2015 eru liðin 100 ár frá því að konur fengu kosningarétt. Á sýningunni má m.a. sjá oliuverk, tússteikningar og vatnslitamyndir.

Sýningarnar standa til 8. mars og er aðgangur ókeypis. Nánari upplýsingar má finna á vef Listasafns Reykjanesbæjar.



FAGFÓLK VELUR

TERRANOVA VÍTAMÍN



Arnór Sveinn
Knattspyrnumaður & Nemi

Vörur frá Terra Nova passa saman við mína hugmyndafræði um heilsusamlegt lífni.

Vísindi og náttúra mætast þar sem næringarefnum er blandað saman í réttum hlutföllum fyrir hámarks upptöku.

Vörur eru einnig lausar við öll aukaeftni sem gerir Terranova besta valkostinn



Full Spectrum Multivitamin

Terra Nova sameinar vísindi og náttúru, þar sem næringarefnum er blandað saman í réttum hlutföllum til að tryggja hámarks upptöku, þess vegna tek ég multivítamínið frá Terranova.



B12 Vitamin Ég tek B12 vítamín, því það er erfitt að nálgast í fæðunni minni. Ég tek B12 vítamínið frá Terranova því þeir tryggja gæði.



Magnifood Intense Greens

Maður fær aldrei nóg af grænu grænmeti, því set ég set Intense greens blönduna í morgun hræringinn (booztið) og geri hann þar með að næringarsprengju, sem gefur mér orku og kraft inni daginn.



Antioxidant Nutrient

Mér finnst gott að taka andoxunar blönduna frá Terra Nova því hún er hlaðin næringarefnum úr framandi jurtum sem gefa mér orku og vellíðan.

Terranova er ímynd hreinnar næringar og vellíðunnar. Inniheldur engin fylliefni, bindiefni eða önnur aukaeftni. **Terranova bætiefnin sem virka.**

Nánar á facebook - Terranova Heilsa

Heilsuhúsið | Lifandi Markaður | Gló Fákafeni | Blómaval,
Lyfja Smáralind | Lyfja Smáratorg | Lyfja Laugavegi | Lyfja Lág múla | Lyfja Keflavík

ÚTSALA



SVEFNSÓFI ÚTSALA kr. 109.900 Áður kr. 139.900



ÚTSALA
kr. 75.700
Áður kr. 124.800

10 - 50% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM HÚSGÖGNUM OG SMÁVÖRU



VALMONT ÚTSALA kr. 128.600 Áður kr. 151.300



DAPNEY Áður kr. 95.400
ÚTSALA kr. 79.900



ADELE Áður kr. 69.000
ÚTSALA kr. 48.900

LÍNAN

BÆJARLIND 16 - KÓPAVOGUR - Sími 553 7100 - WWW.LINAN.IS
ÓPIÐ MÁNUDAGA TIL FÖSTUDAGA 12 - 18 LAUGARDAGA 11 - 16



FJÖLBREYTNÍ Myndskreytingarnar eru litskrúðugar og líflegar en líka svarthvítar og dulúðlegar.

SEGJA SVO MIKLA SÖGU

SÝNING Myndskreytingar í barnabókum gegna oft mikilvægu hlutverki og bæta miklu við textann. Á morgun hefst sýning á myndskreytingum íslenskra barnabóka.

Á morgun, sunnudaginn 25. janúar, verður opnuð sýningin Þetta vilja börnin sjá! í Borgarbókasafni, menningarhúsinu Gerðubergi í Breiðholti. Þar verða sýndar myndskreytingar 28 myndskreyta úr íslenskum barnabókum sem allar voru gefnar út á árinu 2014. Þetta er þrettánda skiptið sem sýningin er haldin með þessum hætti og hefur hún jafnan mælst vel fyrir meðal barna og foreldra. Upphaflega var sýningin sett á fót til að sýna þá grósku sem býr í myndskreytingum íslenskra barnabóka að sögn Stellu Soffíu Jóhannesdóttur og Kristínar Þóru Guðbjartsdóttur, verkefnastjóra sýningarinnar. „Það þótti vanta vettvang til þess að sýna listaverkin sem prýða barnabækur og við vildum beina kastljósinu að þeirri miklu vinnu sem liggur að baki vel heppnuðum myndskreytingum,“ segir Stella Soffía. „Myndskreytingar segja svo mikla sögu, þær bæta við textann en geta líka staðið einar og sér. Hlutverk þeirra í barnabókum er ekki síður mikilvægt en sjálfur textinn þegar kemur að því að segja söguna,“ bætir Kristín Þóra við.

Aðspurðar hvort myndskreytingar í íslenskum barnabókum hafi einhver sérkenni miðað við erlendar segja þær að sérhvert land hafi sín séreinkenni. „Það getur til dæmis reynst þrautin þyngrri að gefa út myndskreytta barnabók erlendis vegna þess að oft finnst erlenda forlaginu að það þurfi að teikna bókina upp á nýtt fyrir nýjan markað. Almennt má segja



ÁHRIFAMIKLAR „Myndskreytingar segja svo mikla sögu, þær bæta við textann en geta líka staðið einar og sér,“ segja Stella Soffía Jóhannesdóttir og Kristín Þóra Guðbjartsdóttir, verkefnastjóra sýningarinnar.

að íslenskar myndskreytingar séu líflegar og oft má sjá einhverja tilvísun í íslenska náttúru eða menningu, en það fylgir náttúrlega oft sögunni sjálfri.“

Að sögn þeirra hefur fastur kjarni myndskreyta sýnt á sýningunum undanfarin ár en þó komi ný nöfn inn reglulega. „Það er gaman að sjá fjölbreytnina í myndskreytingunum. Hér eru alla vega myndir, bæði litskrúðugar og líflegar, en líka svarthvítar og dulúðlegri.“

Þegar sýningunni lýkur 15. mars fer hún á flakk um landið og geta áhugasamir sett sig í samband við þær tvær um nánari upplýsingar.

Hins vegar býðst nemendum 3. bekkjar grunnskóla í Reykjavík leiðsögn um sýninguna þar sem þeim býðst að fræðast um myndskreytingarnar. „Auk þess verður þeim boðið á bókasafnið þar sem þau fara í sögupersónuleik og ratleik. Þeim finnst alltaf gaman að koma hingað og einkum á sýningu sem er sérstaklega ætluð þeim. Það er líka gaman fyrir þau að sjá góða félagu, eins og til dæmis Kugg og Málfriði, uppi á vegg.“

Sýningin er haldin í Gerðubergidagana 25. janúar til 15. mars. Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu Borgarbókasafns, www.borgarbokasafn.is.

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



SAFT



ERT ÞÚ KOKKUR OG VILT VINNA Í DAGVINNU?

EFTIRLITSMANNA Á FLUGSVIÐ

Samgöngustofa er stjórnsýslustofnun samgöngumála með um 160 starfsmenn. Stofnuninni er ætlað að stuðla að öruggum, sjálfbærum, greiðum og hagkvæmum samgöngum. Samgöngustofa annast eftirlit er varða flug, siglingar, umferð og öryggis- eftirlit með samgöngumannvirkjum og leiðsögu. Upplýsingar um Samgöngustofu má finna á www.samgongustofa.is.

Samgöngustofa
Ármúla 2
108 Reykjavík
Sími: 480 6000

Samgöngustofa



Samgöngustofa leitar að jákvæðum og metnaðarfullum lærðum matreiðslumanni með ástríðu fyrir matargerð. Helstu verkefni matreiðslumanns er að sjá um daglegan rekstur mötuneytis Samgöngustofu í Ármúla 2 og aðra umsýslu matar og kaffis, t.d. vegna funda, og sjá um öll innkaup mötuneytis, matseðlagerð og starfsmannahald. Matreiðslumaður vinnur í nánu samstarfi við matráð mötuneytis. Starfshlutfall er 100%.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Sveinspróf í matreiðslu.
- Reynsla af stjórnun eldhúsa.
- Góð samstarfs- og samskiptahæfni.
- Þarf að hafa brennandi áhuga á framreiðslu matar, sérstaklega hollu og heilbrigðu mataræði.
- Leitað er að einstaklingi sem getur unnið sjálfstætt, með góða skipulagshæfni, er með gott viðmót, mikið frumkvæði í starfi og ríka þjónustulund.
- Þarf að vera jákvæður og samviskusamur.

Umsóknarfrestur er til 9. febrúar 2015

Hægt er að sækja um starfið rafrænt á www.samgongustofa.is/storf

Nánari upplýsingar veitir Valdís Ásta Aðalsteinsdóttir, deildarstjóri innri þjónustu og Dagný Jónsdóttir, framkvæmdastjóri rekstrarsviðs. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Umsóknir gilda í a.m.k. sex mánuði ef staða losnar á ný. Starfskjör eru í samræmi við kjarasamning ríkisins og viðkomandi stéttarfélags.

Samgöngustofa óskar eftir að ráða eftirlitsmann í hlaðskoðanir á loftförum, einkum loftförum skráðum í öðrum ríkjum sem hafa viðkomu á Íslandi (Safety Assessment of Foreign Aircraft). Starfið felst einkum í staðlaðri skoðun á loftförum og tengdum gögnum, úrvinnslu gagna, skýrslugerð ásamt öðrum tilfallandi verkefnum. Einnig er gert ráð fyrir að viðkomandi sinni eftirliti með flugrekendum, flugskólum og starfrækslu íslenskra loftfara. Starfshlutfall er allt að 100%.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Hafi eða hafi verið handhafi atvinnuflugmannsskírteinis (ATPL eða CPL) með að lágmarki 5 ára starfsreynslu í flutningaflugi.
- Að lágmarki 500 tíma reynsla sem flugmaður eða flugstjóri á fjölstjórnarvéllum.
- Nýleg reynsla æskileg (a.m.k. tvö ár á sl. fimm árum).
- Reynsla af flugkennslu (TRI/FI) kostur.
- Góð tölvuþekking og skipulagshæfileikar.
- Áhugi og þekking á kröfum um starfrækslu loftfara.
- Mjög góð tök á íslensku og ensku.
- Kostur er að umsækjendur hafi lokið viðurkenndu úttektarnámskeiði.

Starfsmaður sem ráðinn verður þarf að sækja tilheyrandi námskeið erlendis sem og starfsþjálfun í samtals um 10-15 daga á tímabilinu mars-maí 2015 og þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Við leitum að starfsmanni með góða samskiptahæfileika, örugga og þægilega framkomu. Hann þarf að sýna sjálfstæði, háttvísi og fagmennsku í starfi, vera skipulagður og agaður í verkum sínum og geta unnið undir álagi. Í boði er áhugavert starf þar sem reynsla og áhugi á flugi fá notið sín.

Umsóknarfrestur er til 9. febrúar 2015

Hægt er að sækja um starfið rafrænt á www.samgongustofa.is/storf

Nánari upplýsingar veitir Guðmundur Helgason deildarstjóri þjálfunar- og skírteinadeildar og Páll S. Pálsson framkvæmdastjóri flugsviðs. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Umsóknir gilda í a.m.k. sex mánuði ef staða losnar á ný. Starfskjör eru í samræmi við kjarasamning ríkisins og viðkomandi stéttarfélags.

RÁÐGJÖF

Að gera betur í dag en í gær er drifkraftur nýrra hugsana og betri árangurs

RÁÐNINGAR

Réttir starfsmenn í réttum hlutverkum ræður mestu um árangur fyrirtækja

RANNSÓKNIR

Rannsóknir auka þekkingu og gera ákvarðanir markvissari

intellecta

■ ráðgjöf ■ ráðningar ■ rannsóknir

Síðumúla 5
108 Reykjavík
Sími 511 1225
www.intellecta.is

www.hagvangur.is



Hagstofa Íslands

óskar eftir að ráða metnaðarfullan og áhugasaman starfsmann



ÖRYGGISSTJÓRI

Hagstofa Íslands leitar eftir öryggisstjóra til starfa. Öryggisstjóri ber ábyrgð á innleiðingu, viðhaldi og þróun öryggismála hjá stofnuninni. Um er að ræða nýtt starf innan stofnunarinnar.

Helstu verkefni

- ✓ Ábyrgð á framkvæmd stefnu Hagstofu Íslands um öryggi upplýsinga
- ✓ Vinna að ISO 27001 vottun
- ✓ Þátttaka í gæða- og öryggisráði Hagstofu Íslands
- ✓ Umsjón með þjálfun og fræðslu til starfsmanna um upplýsingaöryggi

Menntunar- og hæfniskröfur

- ✓ Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- ✓ Reynsla af stjórnun öryggismála
- ✓ Þekking á ISO 27001 er nauðsynleg
- ✓ Reynsla af gæðastarfi er kostur
- ✓ Starfsreynsla af verkefnastjórnun er kostur
- ✓ Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- ✓ Góðir samskipta- og samstarfshæfileikar
- ✓ Geta til að tjá sig í ræðu og riti
- ✓ Frumkvæði til aðgerða og drifkraftur

Umsóknarfrestur er til og með **9. febrúar 2015**

Um er að ræða fullt starf og er æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðuneytis og hlutaðeigandi stéttarfélag. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Umsóknir gilda í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.

Póstáritun Hagstofa Íslands, starfsumsókn, Borgartúni 21a, 105 Reykjavík
Sími 528-1000
Netfang starfsumsokn@hagstofa.is
Upplýsingar Helga Hauksdóttir [helga.hauksdottir@hagstofa.is]



Hagstofa Íslands

Iceland Travel leitar að áhugasömu, jákvæðu og metnaðarfullu fólki.

Um er að ræða fjölbreytt störf sem krefjast góðrar þekkingar á Íslandi sem ferðamannastað.

Sölumaður fyrir Ameríku- og Bretlandsmarkað

Helstu verkefni

- Sala, tilboðs- og samningagerð
- Vörubrún á mörkuðum
- Gerð markaðs- og kynningarefnis
- Skipulagning ferða fyrir einstaklinga
- Samskipti við viðskiptavini, viðhald og þróun viðskiptatengsla
- Samskipti við innlenda fagaðila
- Þátttaka á sýningum og söluféðir erlendis

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Söluhæfileikar og samningatækni
- Reynsla af störfum í innlendra ferðapjónustu
- Sjálfstæði, skipulagshæfni og frumkvæði í starfi
- Rík þjónustulund og færni í mannlegum samskiptum
- Geta til að vinna undir álagi
- Þekking á menningu og viðskiptavenjum viðkomandi markaða kostur
- Mjög góð enskukunnátta í rituðu og töluðu máli.
- Góð tölvukunnátta og þekking á Excel skilyrði.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Umsóknir

Verkefnastjóri í MICE teymi Iceland Travel

Helstu verkefni

- Verkefnastjórnun og utanumhald hvataferða og viðburða
- Samskipti við erlenda og innlenda fagaðila
- Tilboðsgerð

Hæfniskröfur

- Menntun sem nýtist í starfi og reynsla af sambærilegum störfum
- Metnaður og fagmennska
- Rík þjónustulund og færni í samskiptum
- Sjálfstæði, skipulagshæfni og frumkvæði í starfi
- Geta til að vinna undir álagi
- Góð þekking á Íslandi sem ferðamannastað
- Góð tölvukunnátta
- Mjög góð enskukunnátta skilyrði og þriðja tungumál er kostur
- Viðkomandi þarf að geta unnið sveigjanlegan vinnutíma þegar verkefni krefjast

Viðkomandi þarf að geta hafið störf 1.mai n.k. Umsóknir merkist „MICE“.

Rekstrarumsjónaraðili Skipadeildar

Helstu verkefni

- Útdeiling verkefna og yfirumsjón með móttöku skipa og þjónustu við þau, í samræmi við þjónustustaðla skipadeildar Iceland Travel
- Samvinna við deildarstjóra varðandi samskipti við viðskiptavini og viðhald viðskiptasambanda
- Samvinna við deildarstjóra skipadeildar varðandi þróunarverkefni
- Þátttaka í tilboðum og sölu yfir vetrartímamann ef rekstrarverkefni leyfa
- Viðkomandi verður fulltrúi Iceland Travel í Cruise Iceland

Hæfniskröfur

- Framúrskarandi stjórnunar- og skipulagshæfni
- Framúrskarandi þjónustuviðmót og hæfni í mannlegum samskiptum
- Geta til að vinna undir álagi og viðhalda góðum samskiptum á vinnustað og uppbyggilegum hópanda
- Mjög góð tölvufærni
- Jákvæðni og sveigjanleiki

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Umsóknir merkist „Cruise“.

Starfsumsóknir með ferilskrá sendist fyrir 3. febrúar 2015 á rafrænu formi á netfangið umsoknir@icelandtravel.is merkt viðkomandi starfi. Öllum umsóknum svarað og fullum trúnaði heitið.

Iceland Travel er leiðandi fyrirtæki á sviði móttöku og þjónustu við erlenda ferðamenn og á sviði ráðstefnu- og viðburðarþjónustu, og hvataferða. Fyrirtækið heyrir undir Icelandair Group og eru starfsmenn um 130 talsins.

Nánari upplýsingar um fyrirtækið á heimasíðu okkar, www.icelandtravel.is

Sölumaður fyrir Nine Worlds, Lúxusvörumerki Iceland Travel

Helstu verkefni

- Sala, tilboðs- og samningagerð
- Vörubrún á mörkuðum
- Gerð markaðs- og kynningarefnis
- Skipulagning ferða fyrir VIP viðskiptavini
- Samskipti við innlenda fagaðila
- Þátttaka á sýningum og söluféðir erlendis

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af störfum í innlendra ferðapjónustu
- Sjálfstæði, skipulagshæfni og frumkvæði í starfi
- Rík þjónustulund og færni í mannlegum samskiptum
- Geta til að vinna undir álagi
- Vandvirkni, útsjónarsemi og lausnarmiðuð hugsun
- Þarf að vera tilbúin að vinna utan almenns vinnutíma þegar gestir eru á landinu
- Þekking á menningu og viðskiptavenjum viðkomandi markaða kostur
- Góð tölvukunnátta og þekking á excel er skilyrði
- Mjög góð enskukunnátta í rituðu og töluðu máli, þriðja tungumál kostur

Viðkomandi þarf að geta hafið störf 1. mai n.k. Umsóknir merkist „Nine Worlds“.



Iceland Travel



Norðurþing - Fjármálastjóri



NORÐURÞING

Norðurþing óskar eftir að ráða öflugan fjármálastjóra til starfa.

Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi til að taka þátt í spennandi og krefjandi verkefnum hjá sveitarfélaginu.

Helstu verkefni:

- Ábyrgð á fjármálastjórn sveitarfélagsins
- Yfirumsjón með bókhaldi, gerð ársreikninga og fjárhagsáætlana
- Vinna við áhættumat og fjárhagslegar greiningar
- Samningagerð
- Samskipti við aðila innan og utan sveitarfélagsins
- Önnur tilfallandi verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf sem nýtist í starfi skilyrði, framhaldsmenntun kostur
- Reynsla af fjármálastjórnun og rekstri skilyrði
- Þekking og/eða reynsla af stjórnsýslu kostur
- Reynsla af samningagerð kostur
- Leiðtoga- og stjórnunarhæfni
- Jákvætt viðhorf og góðir samskiptahæfileikar
- Frumkvæði, drifkraftur og metnaður til að ná árangri í starfi
- Góð íslensku- og enskukunnátta í máli og riti

Sveitarfélagið Norðurþing varð til árið 2006 við sameiningu fjögurra sveitarfélaga.

Þéttbýliskjarnarnir í sveitarfélaginu eru Húsavík, Kópasker og Raufarhöfn. Í ársbyrjun 2012 voru íbúar Norðurþings 2883 talsins.

Umsóknarfrestur er til og með 9. febrúar nk.

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent, www.capacent.is.

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Þóra Pétursdóttir (thora.petursdottir@capacent.is) og Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.

capacent



Rio Tinto Alcan

Leiðtogi innkaupa og birgðahalds / Service Delivery Manager

Rio Tinto Alcan á Íslandi óskar eftir að ráða kraftmikinn leiðtoga til að stýra innkaupadeild og birgðahaldi fyrirtækisins. Meginhlutverk leiðtogans er að þjónusta innri viðskiptavinum ISAL í samstarfi við alþjóðlega innkaupadeild Rio Tinto. Leitað er að einstaklingi með jákvætt hugarfar, metnað og drifkraft sem á auðvelt með að vinna í hóp. Leiðtoginn stýrir 10 manna deild, sem heyrir undir innkaupadeild Rio Tinto Alcan í Evrópu.

Starfssvið:

- Innkaup og birgðahald fyrirtækisins
- Umsjón með virðisaukandi verkefnum
- Daglegur rekstur á innkaupadeild og lager
- Umsjón með verkefnastjórnun og framkvæmd umbótaverkefna
- Samningagerð og samskipti við verktaka og birgja
- Áætlanagerð og markmiðasetning
- Ábyrgð á öryggis-, heilsu- og umhverfismálum deildarinnar
- Innlend og erlend samskipti
- Önnur tilfallandi verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði viðskipta, verkfræði og/eða vörustjórnunar
- Framhaldsmenntun er æskileg
- Haldgóð reynsla af rekstri og stjórnun
- Góð reynsla af innkaupum og samningagerð
- Frumkvæði og metnaður
- Talnagleggni, nákvæmni og öguð vinnubrögð
- Góðir samstarfshæfileikar og færni í mannlegum samskiptum
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta og hæfni til að tjá sig í ræðu og riti
- Góð tölvukunnátta, þekking á SAP kostur

Rio Tinto Alcan á Íslandi hf. er þekkingarfyrirtæki sem rekur álver í Straumsvík. Við bjóðum upp á margbreytileg störf þar sem hugvit, þekking og kunnátta starfsmanna gegnir lykilhlutverki. Við leggjum áherslu á markvisst fræðslustarf, frammistöðuhvetjandi starfsumhverfi og gott upplýsingaflæði ásamt tækifærum til starfsþróunar. Við setjum umhverfis-, öryggis- og heilbrigðismál í öndvegi og vinnum stöðugt að umbótum á verkferlum og vinnuaðferðum. Við leggjum áherslu á að starfa í góðri sátt við umhverfið og samfélagið sem við erum hluti af.

Umsóknarfrestur er til og með 1. febrúar nk.

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent, www.capacent.is.

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Þóra Pétursdóttir (thora.petursdottir@capacent.is) hjá Capacent ráðningum.

capacent



Capacent Ráðningar

Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á www.capacent.is

capacent



Pfaff er rótgróið fjölskyldufyrirtæki sem hefur verið starfrækt í yfir 80 ár, og það á sömu kennitölunni. Pfaff hefur frá upphafi verið valið af Creditinfo í hóp *Framúrskarandi fyrirtækja* landsins.

Ert þú sölumaður af Guðs náð?

Ef svo er – þá ættir þú að lesa áfram. Við leitum nefnilega að framúrskarandi sölumanni með einstaka þjónustulund til að slást í samstilltan starfsmannahóp Pfaff. Starfið felst aðallega í sölu á ljósum, heyrnartólum, smáraftækjum og saumavélum – allt vörumerki á heimsmælikvarða.

- Við leitum að einstaklingi sem er jákvæður, reglusamur, stundvís, duglegur, skemmtilegur, fær í mannlegum samskiptum, hugmyndaþróun og skapandi, metnaðarfullur og hefur ríka þjónustulund og söluhæfni. Það skaðar ekki að hafa reynslu af sölu í verslun, en er ekki skilyrði.
- Vinnutími er 9-18 alla virka daga og u.þ.b. annan hvern laugardag. Lokað er á laugardögum á sumrin.

Upplýsingar veitir:

Rannveig J. Haraldsdóttir
rannveig@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á
www.hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og
með 1. febrúar 2015.



HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is



VAKI er framsækið og leiðandi fyrirtæki með áherslu á vöruþróun og sölu á hátækniúnaði fyrir fiskeldi. Vörur VAKA eru þróaðar og framleiddar á Íslandi og seldar í yfir 50 löndum. Starfsmenn eru 28 talsins á Íslandi og 16 starfsmenn starfa í dótturfyrirtækjum VAKA í Chile og Noregi. Sjá nánar á www.vaki.is

Fjármálastjóri

Við leitum að öflugum einstaklingi til þess að takast á við krefjandi verkefni sem framundan eru. Við bjóðum upp á spennandi starfsvettvang í vaxandi alþjóðlegu umhverfi, góða starfsaðstöðu og árangurstengd launakjör.

Starfssvið

- Ábyrgð á daglegri fjármálastjórn móðurfélags og tveggja dótturfélaga
- Yfirumsjón með fjármálastjórn samstæðu
- Ábyrgð á uppgjöri og undirbúningi fyrir endurskoðun
- Áætlanagerð og kostnaðareftirlit
- Greining fjármála og framsetning rekstrarupplýsinga
- Þátttaka í stefnumótun
- Önnur tilfallandi verkefni

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði viðskipta
- Þekking og reynsla úr sambærilegu starfi
- Reynsla af Dynamics Ax æskileg
- Frumkvæði, sjálfstæði, fagmennska og öguð vinnubrögð í starfi
- Enskukunnátta skilyrði og þekking á Norðurlandamáli æskileg

Upplýsingar veitir:

Pórir Þorvarðarson
thorir@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á
www.hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og
með 2. febrúar.

Umsókn þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf.



HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is



Neyðarlínan er staðsett í
Björgunarmiðstöð Íslands,
Skógarhlíð 14, Reykjavík.



Ævintýragjarnt tæknifólk óskast

Neyðarlínuna vantar öflugt fólk í Tetra deildina

Við rekum yfir 160 senda um land allt, marga í helstu veðravítum landsins. Verkefnin munu snúast um að vinna með teymi tæknideildar NL (Tetra og VSS) og öðrum verktökum við daglegt viðhald og rekstur öryggisfjarskiptakerfa fyrir sjó og land. Okkar fólk þarf því að vera gott tæknilega, með dágóðan skammt af jeppa- og vélsleðadellu og alveg laust við lofthæðslu!

Menntun og reynsla

- Haldbær starfsreynsla af tæknistörfum
- Iðnmenntun sem nýtist í starfi er kostur
- Þekking á rafstöðvum, rafeindatækjum eða fjarskiptabúnaði
- Góð tölvukunnátta

Hæfni og eiginleikar

- Útsjónarsemi og skipulagshæfni
- Samviskusemi og ósérhlífni
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Færni og áhugi á að vinna í hópi
- Tileinka sér nýjungar fljótt og vel
- Stundvísi og áreiðanleiki

Upplýsingar veita:

Leifur Geir Hafsteinsson
leifurgeir@hagvangur.is

Kristín Guðmundsdóttir
kristin@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á
hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og
með 8. febrúar.



HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is



Áhættustjóri Lífeyrissjóðs verzlunarmanna

Lífeyrissjóður verzlunarmanna var stofnaður 1. febrúar 1956 á grundvelli kjarasamninga.

Sjóðurinn er stærsti lífeyrissjóður á almennum vinnumarkaði. Eignir hans nema um 500 milljörðum króna. Um 48 þúsund sjóðfélagar greiddu iðgjöld til sjóðsins á liðnu ári og lífeyrisþegar eru rúmlega 13 þúsund.

Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri.

Á skrifstofu sjóðsins starfa þrjátíu og fimm starfsmenn.

Nánari upplýsingar um sjóðinn má finna á heimasíðu hans www.live.is

Lífeyrissjóður verzlunarmanna óskar eftir að ráða áhættustjóra. Leitað er að töluglöggu, ábyrgum einstaklingi með haldgóða starfsreynslu. Áhættustjóri heyrir beint undir framkvæmdastjóra.

Helstu verkefni

- Sinna áhættugreiningu og áhættueftirliti í samræmi við áhættustefnu sjóðsins
- Framkvæði í þróun áhættustefnu og áhættustýringar
- Framkvæma sjálfstæðar úttektir og aðgerðir vegna áhættueftirlits
- Upplýsingagjöf til framkvæmdastjóra, stjórnar og opinberra aðila
- Þátttaka í framkvæmd innra eftirlits
- Seta í áhættunefnd sjóðsins

Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun á sviði fjármála-, verk- eða tölfræði á háskólastigi, framhaldsmenntun er kostur
- Umtalsverð reynsla af fjármálamarkaði, áhættustýringu og/eða greiningarvinnu sem nýtist í starfi
- Skipulögð vinnubrögð, sjálfstæði og frumkvæði í starfi
- Hæfni í að greina tölulegar upplýsingar og að setja þær fram með skipulögðum hætti
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Gott vald á íslensku og ensku

Nánari upplýsingar um starfið veita Ari Eyberg (ari@intellecta.is) og Þórður S. Óskarsson (thordur@intellecta.is) í síma 511-1225.

Umsóknarfrestur er til og með 2. febrúar nk. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is. **Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál og þeim svarað.** Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar. Umsækjendur eru hvattir til að kynna sér leiðbeinandi tilmæli FME nr. 3/2010 og varða hæfi lykilstarfsmanna. Umsækjandi þarf að geta sýnt fram á að persónuleg fjármál og önnur fjárhagsleg umsýsla sé flekklaus.

Intellecta, Síðumúla 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225

intellecta

■ ráðgjöf ■ ráðningar ■ rannsóknir



Við leitum að sérfræðingi til að takast á við fjölbreytt og skemmtileg verkefni á samskiptasviði

Landsvirkjun leggur áherslu á að skapa stuðning og sátt með opnum samskiptum við hagsmunaaðila. Hlutverk samskiptasviðs er að auka sýnileika og skilning á starfseminni með virkri upplýsingagjöf. Við leitum að kraftmiklum og hugmyndaþróun einstaklingi til að taka þátt í fjölbreyttum verkefnum á samskiptasviði, skrifa fréttir og þróa nýjar leiðir til að bæta upplýsingagjöf til almennings.

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af ritstörfum, fjölmiðlum og almannatengslum er æskileg
- Mjög gott vald á rituðu máli, íslensku og ensku
- Mjög góð samskiptahæfni, lausnamiðuð hugsun og frumkvæði
- Sveigjanleiki
- Hæfni í greiningu, túlkun og framsetningu gagna

Sótt er um starfið á vef Capacent, nánari upplýsingar um starfið veita Hilmar Garðar Hjaltason (hilmar.hjaltason@capacent.is) og Brynjar Már Brynjólfsson á starfsmannasviði Landsvirkjunar (brynjar.mar.brynjolfsson@landsvirkjun.is). Umsóknarfrestur er til og með 8. febrúar 2015.



Jafnlaunaúttekt
PwC
2013

Landsvirkjun ber gullmerkið í Jafnlaunaúttekt PwC, sem staðfestir að fyrirtækið greiðir körlum og konum jöfn laun fyrir sömu eða jafnverðmæt störf.

Hlutverk Landsvirkjunar er að hámarka afrakstur af þeim orkulindum sem fyrirtækinu er trúð fyrir með sjálfbæra nýtingu, verðmætasköpun og hagkvæmni að leiðarljósi.

www.landsvirkjun.is

Lagerstjóri

Við leitum að metnaðarfullum lagerstjóra sem vill starfa hjá vaxandi fyrirtæki

Starfssvið

- Ábyrgð á vöruflæði og daglegum rekstri lagers.
- Móttaka og afhending á vörum, skráning og tiltekt á vörum.
- Ábyrgð vörumóttöku og vörudreifingu.
- Tryggja að þjónusta sé áreiðanleg og til fyrirmyndar.
- Samskipti við flutningsaðila og söludeildir Eirbergs.
- Fylgjast með birgðahaldi og veltuhraða birgða.

Eiginleikar og hæfniskröfur

- Búi yfir skipulagshæfileikum, sjálfstæðum vinnubrögðum og frumkvæði.
- Úrræðagóður starfsmaður, jákvæður og lipur í mannlegum samskiptum.
- Hafi metnað til að ná árangri í starfi, hafi þjónustulund og sé laghentur.
- Góð tölvufærni, ásamt reynslu af vöru- og lagerstjórnun er æskileg.
- Hafi hæfileika til að sinna ofangreindu starfi með framúrskarandi hætti.
- Almenn hreysti og reglusemi eru skilyrði.

Áhugasamir, sem uppfylla ofangreind skilyrði, sendi umsókn með starfsferilsskrá og mynd á atvinna@eirberg.is

Umsóknarfrestur er til **2. febrúar 2015**. Fyllsta trúnaðar verður gætt.

Nánari upplýsingar má finna á blog.eirberg.is

Eirberg ehf. er framsækið innflutnings- og þjónustufyrirtæki sem hefur á að skipa fagmenntuðu starfsfólki. Markmið okkar eru að efla heilsu og auka lífsgæði, auðvelda störf og daglegt líf, stuðla að vinnuvernd og hagræði.



VAKTSTJÓRI Í ELDHÚS

Tapasbarinn sækist eftir öflugum vaktstjóra í eldhús

Við leitum að metnaðarfullum lærðum matreiðslumanni með ástríðu fyrir matargerð

Viðkomandi þarf að vera jákvæður, vinna vel í hóp og undir álagi og það er kostur að hafa reynslu af stjórnunarstörfum.

Í boði er vinna í skemmtilegum hópi og líflegu umhverfi með miklum möguleika á að vaxa í starfi.

Nánari upplýsingar eru veittar í síma 895 7350

Ef þú vilt slást í hópinn sendu ferilsskrá á tapas@tapas.is



Vesturgötu 3B | 101 Reykjavík | Sími 551 2344 | www.tapas.is

Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi
www.hagvangur.is



Hagsýni

Liðsheild

Heilindi

nordural.is



SPENNANDI SUMARSTÖRF FJÖLBREYTT VINNA Á SKEMMTILEGUM STAÐ!

Við leitum að metnaðarfullu fólki í fjölbreytt og eftirsótt sumarstörf í álverinu á Grundartanga. Í boði eru störf af ýmsu tagi við framleiðslu, raf- og vélvirkjun og fleira.

Öll störfin henta jafnt körlum og konum. Norðurál leggur áherslu á heilsusamlegt, öruggt og ánægjulegt starfsumhverfi og góðan starfsanda.

HÆFNISKRÖFUR:

- 18 ára lágmarksaldur
- Mikil öryggisvitund og árvekni
- Heiðarleiki og stundvísi
- Góð samskiptahæfni
- Dugnaður og sjálfstæði
- Starfsfólk í raf- og vélvirkjun þarf að hafa sveinspróf eða vera langt komið í námi í viðeigandi fagi
- Bílpróf er skilyrði

Árangurstengd laun sumarfólks í vaktavinnu eru um 400.000 krónur á mánuði fyrir fullt starf. Starfsfólki bjóðast ferðir frá Akranesi, Borgarnesi og af höfuðborgarsvæðinu. Umsóknarfrestur er til og með 2. febrúar.

Umsóknir og upplýsingar eru á www.nordural.is og hjá Helgu Björgu Hafþórsdóttur í síma 430 1000. Öllum umsóknum verður svarað og trúnaði heitið.

Norðurál er eitt stærsta iðnfyrirtæki á Íslandi. Hjá fyrirtækinu starfa um 600 manns með fjölbreytta menntun og bakgrunn. Árleg framleiðslugeta er um 300 þúsund tonn af hágæða áli.





Ísafjarðarbær

Garðyrkjufulltrúi

Umhverfis- og eignasvið Ísafjarðarbæjar auglýsir laust til umsóknar starf garðyrkjufulltrúa. Nánari upplýsingar um starfið eru á heimasíðu Ísafjarðarbæjar www.isafjordur.is



Störf á heimilum fatlaðs fólks

Proskapjálfar, félagsliðar og stuðningsfulltrúar óskast til starfa á heimilum félagsins í Reykjavík. Umsækjendur þurfa að vera 20 ára eða eldri. Um er að ræða framtíðarvinnu, einnig er möguleiki á tímavinnu. Stöðurnar eru lausar strax.

Á heimili á Háteigsvegi vantar 25-30% stöðu á kvöld- vaktir. Upplýsingar gefur Þóra Þórisdóttir í síma 551-0014 og 822-0158. Umsókn sendist á thorath@styrktarfelag.is.

Á heimili í Víðihlíð vantar 80% starf á morgun-, kvöld- og helgarvaktir. Upplýsingar gefur Guðrún Guðmundsdóttir í síma 568-0242. Umsókn sendist á gunna@styrktarfelag.is

Hlutverk starfsfólks í búsetu er fyrst og fremst fólgið í því að aðstoða íbúa í daglegu lífi og efla sjálfstæði þeirra.

Upplýsingar um félagið og atvinnuumsókn má finna á heimasíðu þess www.styrktarfelag.is.

Launakjör eru samkvæmt gildandi kjarasamningum Áss styrktarfélags.

VERKEFNASTJÓRI

MEET in REYKJAVÍK leitar að verkefnastjóra til að vinna að tilboðsgerð fyrir stærri ráðstefnur og vinna með Ambassadorum Meet in Reykjavík. Um er að ræða a.m.k. eins árs ráðningu með möguleika á framlengingu.

Starfið er mikilvægur þáttur í starfsemi MEET in REYKJAVÍK sem hefur það að markmiði að auka enn frekar vægi funda og ráðstefnumarkaðarins á Íslandi með markvissri markaðsetningu og tilboðsgerð.

Í STARFINU FELST:

- Tilboðsgerð og eftirfylgni í tengslum við stærri ráðstefnur, fundi og viðburði
- Að finna ráðstefnur, fundi og viðburði í gegnum alþjóðlega gagnagrunna t.d. hjá ICCA International Congress and Convention Association
- Að finna og hvetja aðila héraðs til samvinnu við að bjóða í ráðstefnur, fundi og viðburði
- Að útbúa fagleg tilboð í stærri ráðstefnur, fundi og viðburði ásamt eftirfylgni

Hæfniskröfur eru:

- Háskólamenntun og starfsreynsla sem nýttist í starfi er kostur
- Mikil skipulagsfærni og að geta unnið undir álagi og sinnt mörgum viðfangsefnum samtímis
- Mikil færni í íslensku og framúrskarandi enskukunnátta í tali og riti
- Góða tölvukunnátta er nauðsynleg og reynsla af uppsetningu gagna á tölvutæku formi (þekking á t.a.m. Microsoft Publisher, Photoshop og/ eða Illustrator er kostur)
- Reynsla af ráðstefnu- og fundapjónustu er kostur
- Færni í mannlegum samskiptum er nauðsynleg

Athugi er vakin á að starfið krefst frumkvæðis, metnaðar, útsjónarsemi, og á stundum vinnuframlags utan hefðbundins vinnutíma. Umsóknarfrestur er til og með 2. febrúar nk.

Vinsamlega sendið umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf til MEET in REYKJAVÍK á netfangið: info@meetinreykjavik.is

Nánari upplýsingar um starfið veita Hildur Björg Bæringsdóttir sími: 694-6367, hildur@meetinreykjavik.is og Þorsteinn Örn Guðmundsson sími: 696 9621, thorsteinn@meetinreykjavik.is

MEET IN REYKJAVÍK
Reykjavík Convention Bureau

Sóltún 26 105 Reykjavík Sími: 527 6666

www.meetinreykjavik.is

Capacent Ráðningar

capacent

Viðskiptafræðingur óskast

Isavia leitar að verkefnastjóra á flugvalla- og mannvirkjasvið félagsins í Reykjavík

Flugvalla- og mannvirkjasvið Isavia sinnir rekstri og uppbyggingu flugvalla í innanlandskerfi Isavia, ásamt því að sinna ráðgjöf og halda utan um verkefni tengd uppbyggingu mannvirkja hjá fyrirtækinu.

Umsóknarfrestur er til og með 31. janúar 2015.

Umsóknum skal skila á www.isavia.is/atvinna

Starfssvið

- Fjárhagslegt utanumhald um framkvæmdir og rekstur innanlandsflugvalla.
- Kostnaðargreiningar og önnur greiningarvinna.
- Aðkoma að markaðsmálum og árangursmælingum.
- Stuðningur við ýmis rekstrartengd verkefni sviðsins.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Umsækjendur skulu hafa lokið viðskiptafræðiprófi.
- Þekking og reynsla af áætlanagerð er nauðsynleg.
- Þekking á rekstri flugvalla er kostur.
- Viðkomandi þarf að hafa góð tök á íslensku og ensku, bæði töluðu og rituðu máli.



Gildi Isavia eru öryggi, þjónusta og samvinna

Hjá Isavia og dótturfélögum starfa um 850 manns. Helstu verkefni fyrirtækisins eru umsjón með uppbyggingu og rekstri flugvalla og að veita flugleiðsöguþjónustu fyrir innanlandsflug, jafnt sem millilandaflug, auk yfirflugsþjónustu fyrir Norður-Atlantshafið. Isavia leggur áherslu á jafnan rétt karla og kvenna til starfa.

ISAVIA

Ert þú vanur trjáklippingum?

Við erum að leita eftir vönum starfsmönnum í 100% starf við trjáklippingar og önnur tilfallandi garðyrkjustörf.

Umsóknir á www.gardlist.is

GARÐLIST
ALHLEIDA GARÐÞJÓNUSTA



ÁHAFNASTJÓRI / CREW MANAGER

Eimskip leitar að viðsýnum og metnaðarfullum einstaklingi með framúrskarandi samskiptahæfni og drifkraft, í starf áhafnastjóra (Crew Manager). Áhafnastjóri hefur umsjón með og ber ábyrgð á fjölbreyttum verkefnum sem tengjast áhöfnum Eimskips á gámaskipum félagsins sem sigla til og frá Íslandi.

Starfssvið:

- Áætlanagerð og kostnaðareftirlit
- Samskipti innanlands sem utan við alla helstu tengiliði
- Þátttaka í þróun og stefnumótun áhafnamála hjá Eimskip
- Innleiðing og eftirfylgni öryggis- og umhverfisstefnu um borð í skipum félagsins
- Umsjón og ábyrgð á framkvæmd og eftirfylgni almennra mannauðstengdra verkefna

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun í skipsstjórn, viðskiptafræði eða önnur sambærileg menntun sem nýtist í starfi
- Þekking á íslenskum og alþjóðlegum lögum og reglugerðum um rekstur kaupskipa
- Þekking á kjarumhverfi sjómanna
- Reynsla af störfum á sjó og/eða góð þekking á þeim kröfum sem gerðar eru um réttindi áhafna
- Góð almenn ensku og tölvukunnátta
- Stjórnunarreynsla
- Jákvætt viðmót og hæfni í samskiptum
- Sjálfstæði og ábyrgð í vinnubrögðum og ákvarðanatöku

Umsóknir óskast fylltar út á www.eimskip.is
Umsóknarfrestur er til og með 4. febrúar 2015

Nánari upplýsingar um starfið veitir Elín Hjálmsdóttir, starfsmannastjóri Eimskips, elin@eimskip.is eða í síma 525 7375.

EIMSKIP
YFIR HAFIÐ OG HEIM

Eimskip | Korngröðum 2 | 104 Reykjavík | Sími 525 7000 | www.eimskip.is

STRÁ

Starfsemi STRÁ ehf. býr að aldarfjórðungs reynslu og þekkingu á sviði starfsmanna- og ráðningarmála en stofan hefur unnið fyrir mörg helstu og leiðandi fyrirtæki landsins um árabil.

Rík áhersla er lögð á trúnað varðandi vörslu gagna og upplýsinga bæði gagnvart umsækjendum, sem og vinnuveitendum.

Ánægðir viðskiptavinir til margra ára hafa notið þjónustu STRÁ, en stofan hefur jafnframt umsjón með ráðningum í sérfræði- og stjórnunarstöðum.

www.stra.is



Til hvers að auglýsa ?

Ef þú auglýsir sjálf-/ur eftir starfsmanni eyðir þú verulegum tíma í úrvinnslu innsendra umsókna.

Okkar styrkur er öflugur gagnabanki og yfir tveggja áratuga reynsla við að þjónusta fyrirtæki við leit að starfsmanni.

Sparaðu þér tíma, kostnað og fyrirhöfn - leitaðu aðstoðar fagmanna með langvarandi reynslu af ráðningarmálum.

STRÁ Starfsráðningar ehf. - Suðurlandsbraut 30 - sími 588-3031
stra@stra.is - gudny@stra.is - www.stra.is



hefur þú áhuga á efnum?

Efnateymi Umhverfisstofnunar leitar að starfsmanni með brennandi áhuga á því að stuðla að ábyrgri notkun og markaðssetningu hættulegra efna. Í boði er krefjandi starf í frjóu umhverfi sérfræðinga þar sem áhersla er lögð á þverfaglega teymisvinnu og samvinnu innanlands og utan.

Ítarlegri upplýsingar um starfið og hæfniskröfur til þess er að finna á starfatorg.is og umhverfisstofnun.is/storf-i-bodi/

Umsóknarfrestur er til og með 9. febrúar 2015. Umsóknir skulu sendar til Umhverfisstofnunar, Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík eða á netfangið umhverfisstofnun@umhverfisstofnun.is

FAGMENNASKA SAMVINNA FRAMSÝNI VIRÐING



Framkvæmdastjóri Hafnareyri ehf.

Hafnareyri ehf. óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra. Hafnareyri ehf. er 100% dótturfyrirtæki Vinnslustöðvarinnar í Vestmannaeyjum (VSV) og verður til eftir sameiningu Eyjaísls hf., Skipaafgreiðslu Vestmannaeyja ehf., frysti- og kæligeymslu VSV ásamt verkstæði sem annast þjónustu iðnaðarmanna við VSV. Starfsmenn Hafnareyrar verða um 25 talsins. Leitað er að reyndum stjórnanda og leiðtoga sem hefur áhuga á að stýra nýju fyrirtæki inn í nýja tíma.

Meginverkefni framkvæmdastjóra verða:

- Dagleg umsjón í samvinnu við aðra stjórnendur.
- Ábyrgð á framkvæmdum á vegum fyrirtækisins.
- Ábyrgð á samskiptum við þjónustuaðila, verktaka, starfsmenn, birgja og aðra hagsmunaaðila.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Reynsla af stjórnun er æskileg
- Háskóla- eða iðnmenntun æskileg
- Tölvukunnátta
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Upplýsingar veitir Sindri Viðarsson, sindri@vsv.is / 866-6289. Í umsókn þurfa að koma fram ítarlegar upplýsingar um menntun, reynslu og fyrri störf. Umsóknir óskast sendar í tölvupósti á vsv@vsv.is eða á skrifstofu félagsins merkt: "Umsókn-framkvæmdastjóri". Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsóknum svarað. Umsóknarfrestur rennur út sunnudaginn 8. febrúar nk.

Vinnslustöðin hf.
Hafnargötu 2, 900 Vestmannaeyjar
Sími 488 8000
vsv@vsv.is • www.vsv.is



Samtök áhugafólks
um áfengis- og
vímuefnavandann

STAÐA SÉRFRÆÐILÆKNIS OG DEILDARLÆKNIS

SÁÁ auglýsir lausar til umsóknar stöður sérfræðilæknis og deildarlæknis á Sjúkrahúsinu Vogli.

Nánari upplýsingar veitir Þórarinn Tyrfingsson
síma 824 7600, thorarinn@saa.is

Skemmtilegt starf í líflegu umhverfi

Félagsstofnun stúdenta auglýsir eftir starfsmanni í fullt starf á skrifstofu Stúdentagarða á Háskólatorgi. Þarf að geta hafið störf sem fyrst. Í starfinu felst úthlutun húsnæðis, upplýsingagjöf, þjónusta við umsækjendur og íbúa, afgreiðsla erinda, o.fl.

Menntun, reynsla og hæfnikröfur

Háskólamenntun sem nýtist í starfi, góð samskiptahæfni, mikil þjónustulund, skipulagshæfni, almenn tölvukunnátta (m.a. Excel) og góð tök á ensku skilyrði. Þekking á háskólasamfélaginu er kostur.

Áhugasamir sendi umsókn á starf@fs.is fyrir 3. febrúar.

Félagsstofnun stúdenta er sjálfseignarstofnun með sjálfstæða fjárhagsábyrgð. Hlutverk hennar er að veita stúdentum við Háskóla Íslands ódýra og fjölbreytta þjónustu.

FS á og rekur Stúdentagarða fyrir stúdenta og fjölskyldur þeirra. Íbúar eru um 1.800 talsins. FS rekur einnig Bóksölu stúdenta, þrjá leikskóla og fjölbreytta veitingasölu.



Hefur þú áhuga á tækni?

Upplýsingatækni Orkuveitu Reykjavíkur óskar eftir þjónustulunduðum og lærdómsfúsum einstaklingi sem hefur áhuga á tækni og tækninýjungum. Um er að ræða krefjandi og fjölbreytt starf í góðu starfsumhverfi.

Upplýsingatækni OR starfar sem þjónustueining fyrir dótturfélög samstæðunnar sem samanstendur af OR Veitum, Orku Náttúrunnar og Gagnaveitunni.

Starfs- og ábyrgðarsvið

- Almenn notendaaðstoð
- Móttaka og úrvinnsla á þjónustubeiðnum
- Uppsetning á tölvu- og hugbúnaði
- Önnur tilfallandi verkefni

Hæfnikröfur

- Rík þjónustulund og samskiptafærni skilyrði
- Góð þekking á Microsoft hugbúnaði kostur
- Þekking á netkerfum, tengingum og samskiptabúnaði kostur
- Reynsla af sambærilegu starfi kostur
- Gott vald á íslensku og ensku skilyrði

Nánari upplýsingar veitir Bryndís Ernstsóttir, mannauðsráðgjafi í netfanginu starf@or.is.

Þú sækir um á vefnum okkar, starf.or.is. Umsóknarfrestur er til og með 2. febrúar 2015.



JAFNRÉTTISRÁÐ Orkuveita Reykjavíkur hlaut jafnréttisviðurkenningu 2002 og 2013

Orkuveita Reykjavíkur er fjölbreyttur og lífandi vinnustaður fólks með mikla þekkingu. Fyrirtækið leitast við að vera í fremstu röð hvað snertir öryggi, vinnuumhverfi og möguleika til að samræma vinnu og fjölskylduábyrgð.

Nánari upplýsingar um þjónustu okkar má finna á www.or.is



Dósent í stærðfræði

Laust er til umsóknar fullt starf dósentis í stærðfræði við Raunvísindadeild Háskóla Íslands.

Starfið er í algebru eða skyldu sviði.

Stærðfræðingahópurinn á Verkfræði- og náttúruvísindasviði tilheyrir Raunvísindadeild. Verkefni hópsins eru rannsóknir á ýmsum sviðum í hreinni og hagnýtri stærðfræði, kennsla og leiðbeining framhaldsnema í ýmsum greinum stærðfræði, kennsla BS-nema í stærðfræði og kennsla nemenda í öðrum greinum, einkum verkfræði.

Framtíðarmarkmið hópsins eru að styrkja rannsóknarstarfið enn frekar með því að skapa frjóan og virkan rannsóknarvettvang innanhúss, efla erlent samstarf og fjölga framhaldsnemum.

Hæfniskröfur

Umsækjendur skulu hafa lokið doktorsprófi í stærðfræði. Auk þess er krafist góðrar samstarfshæfni og lipurðar í mannlegum samskiptum.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Rögvaldur Möller prófessor í síma 525 4804, roggi@hi.is.

Sjá nánar www.hi.is/laus_storf
Umsóknarfrestur er til 2. mars 2015.



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Lektor í land- og ferðamálafræði

Laust er til umsóknar fullt starf lektors í land- og ferðamálafræði við Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands.

Starfið er á sviði mannvistarlandfræði og ferðamálafræði.

Námsbrautin tilheyrir Líf- og umhverfisvísindadeild á Verkfræði- og náttúruvísindasviði. Verkefni námsbrautarinnar felast í rannsóknum og kennslu á ýmsum sviðum mannvistarlandfræði, náttúrufræði og ferðamálafræði. Áhersla er á umhverfi, auðlindir, búsetu og landupplýsingar.

Framtíðarmarkmið brautarinnar eru að efla rannsóknir á þessum sviðum auk þess að efla grunnnám og framhaldsnám þeim tengdum.

Hæfniskröfur

Umsækjendur skulu hafa lokið doktorsprófi í landfræði, ferðamálafræði eða skyldum greinum. Auk þess er krafist góðrar samstarfshæfni og lipurðar í mannlegum samskiptum.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Karl Benediktsson prófessor og námsbrautarstjóri, í síma 525 4286, kben@hi.is og Katrín Anna Lund dósent og varanámsbrautarstjóri, í síma 525 4484, kl@hi.is.

Sjá nánar www.hi.is/laus_storf
Umsóknarfrestur er til 23. febrúar 2015.



HÁSKÓLI ÍSLANDS

BIFVÉLAVIRKJAR

SKOÐUNARMAÐUR ÖKUTÆKJA

Aðalskoðun hf. óskar eftir að ráða bifvélavirkja til starfa við skoðun ökutækja á höfuðborgarsvæðinu. Um framtíðarstarf er að ræða en einnig kemur til greina starf í sumarafleysingum. **Umsóknarfrestur er til 30. janúar.**

Nánari upplýsingar veita Árni Stefánsson þjónustustjóri og Hörður Harðarson fagstjóri í síma 590 6900. Umsóknir sendist til Árna, arni@adalskodun.is. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsóknum verður svarað.

Aðalskoðun hf. er faggild óháð skoðunarstofa á ökutækjasviði og starfrækir í dag fjórar skoðunarstöðvar á höfuðborgarsvæðinu ásamt skoðunarstöð í Reykjanesbæ. Aðalskoðun sinnir einnig skoðunum í Grundarfirði, Ólafsfirði og Reyðarfirði.



Faggiltur skoðunaraðili í 20 ár

20 ÁRA AFMÆLI SAMKEPPNI Í BILASKOÐUN

Aðalskoðun

www.adal.is



MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI

ÞJÓNUSTULIÐI RÆSTING

í Menntaskólanum í Kópavogi

Menntaskólinn í Kópavogi óskar eftir að ráða þjónustuliða til ræstinga og umsjónar með umgengni í skólanum á dagvinnutíma. Möguleiki á hlutastörfum.

Laun eru skv. sérstökum samningi Eflingar og fjármálaráðuneytis.

Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu skólans í síma 594 4000 hjá skrifstofustjóra eða ræstingastjóra.

Skólameistari



Störf á heimilum fatlaðs fólks

Proskapjálfar, félagsliðar og stuðningsfulltrúar óskast til starfa á heimilum félagsins í Reykjavík.

Umsækjendur þurfa að vera 20 ára eða eldri. Um er að ræða framtíðarvinnu, einnig er möguleiki á tímavinnu. Stöðurnar eru lausar strax.

Á heimili á Háteigsvegi vantar 25-30% stöðu á kvöld-vaktir. Upplýsingar gefur Þóra Þórisdóttir í síma 551-0014 og 822-0158. Umsókn sendist á thorath@styrktarfelag.is.

Á heimili í Víðihlíð vantar 80% starf á morgun-, kvöld- og helgarvaktir. Upplýsingar gefur Guðrún Guðmundsdóttir í síma 568-0242. Umsókn sendist á gunna@styrktarfelag.is

Hlutverk starfsfólks í búsetu er fyrst og fremst fólgið í því að aðstoða íbúa í daglegu lífi og efla sjálfstæði þeirra.

Upplýsingar um félagið og atvinnuumsókn má finna á heimasíðu þess www.styrktarfelag.is.

Launakjör eru samkvæmt gildandi kjarasamningum Áss styrktarfélags.



Akademískar stöður við lagadeild

Lagadeild Háskólans í Reykjavík leitar að tveimur öflugum starfsmönnum til að sinna kennslu og rannsóknum á sviði annars vegar stjórnskipunar- og stjórnsýsluréttar og hins vegar íslensks fjármunaréttar og skyldra greina.

STARFSSVIÐ:

Starfsmennirnir munu sinna kennslu við lagadeild, stunda rannsóknir, leiðbeina nemendum í rannsóknarverkefnum og sinna ýmsum tilfallandi verkefnum innan deildarinnar. Starfið veitir viðkomandi tækifæri til þess að hafa áhrif á þróun rannsókna og kennslu í lögfræði við háskóla sem hefur nýsköpun og frumkvöðlastarf að leiðarljósi.

MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR:

- Doktors- eða fullnaðarpróf í lögfræði.
- Reynsla af fræðiskrifum í lögfræði.
- Reynsla af kennslu á háskólastigi.
- Reynsla úr atvinnulífi.
- Áhugi á miðlun þekkingar til nema, fræðasamfélags og almennings.
- Hæfni í mannlegum samskiptum, frumkvæði og sjálfstæði í starfi.

Ráðið verður í stöður sérfræðings, lektors, dósentis eða prófessors, út frá hæfismati. Önnur staðan gæti, ef þess er óskað, verið tímabundin til 12-18 mánaða.

Umsóknum skal skilað til Háskólans í Reykjavík á vefnum ru.is/lausstofn. Með umsókn skal fylgja ferilskrá, skrá yfir birtar fræðilegar greinar, lýsing á rannsóknarsviði, upplýsingar um kennsluferil og um þrjá aðila sem veitt geta meðmæli. Eintak af allt að þremur áhrifamestu ritrýndum birtingum umsækjanda má einnig fylgja með. Umsóknarfrestur er til og með 1. mars 2015.

Nánari upplýsingar veita Ragnhildur Helgadóttir, forseti lagadeildar, (ragnhildurh@ru.is) og Sigríður Elín Guðlaugsdóttir, mannauðsstjóri, (sigrigureg@ru.is). Allar fyrirspurnir og umsóknir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

Hlutverk Háskólans í Reykjavík er að skapa og miðla þekkingu til að auka samkeppnishæfni og lífsgæði fyrir einstaklinga og samfélag með siðgæði, sjálfbærni og ábyrgð að leiðarljósi. Akademískar deildir skólans eru fjórar: lagadeild, tölvunarfræðideild, tækni- og verkfræðideild og viðskiptadeild. Kennsla og rannsóknir við Háskólann í Reykjavík mótast af sterkum tengslum við atvinnulíf og samfélag. Lögð er áhersla á þverfaglega, alþjóðlegt umhverfi, nýsköpun og góða þjónustu. Nemendur háskólans eru um 3500 og starfa um 230 fastir starfsmenn við skólann auk fjölda stundakennara.

Spennandi störf hjá Kópavogsbæ

Grunnskólar

- Stuðningsfulltrúi í Kársnesskóla
- Umsjónarkennari í ensku í Hörðuvallaskóla

Menntasvið

- Verkefnastjóri spjaldtölvuverkefnis grunnskóla Kópavogsbæjar

Velferðarsvið

- Starfsfólk á heimili og hæfingarstöð fyrir fatlaða
- Ráðgjafa í málefnum fatlaðra

Nánari upplýsingar og fleiri störf er að finna á vef Kópavogsbæjar

Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á vef Kópavogsbæjar www.kopavogur.is

Vakin er athygli á að öll laus störf hjá bænum eru auglýst www.kopavogur.is



Kópavogsbær

kopavogur.is



FISKISTOFA

Dalshrauni 1 220 Hafnarfirði
S: 569 7900 F: 569 7990
fiskistofa@fiskistofa.is
www.fiskistofa.is

Fiskistofa er þjónustu- og eftirlitsstofnun með sex starfsstöðvar um land allt. Stofnunin annast stjórnsýslu á sviði sjávarútvegs og lax- og silungsveiði ásamt því að safna og vinna úr upplýsingum um þá málaflokka. Nánari upplýsingar um Fiskistofu má finna á www.fiskistofa.is.

Gildi Fiskistofu eru traust, framsækni og virðing

Deildarstjóri upplýsingadeildar í starfsstöð Fiskistofu á Akureyri

Laus er til umsóknar staða deildarstjóra upplýsingadeildar Fiskistofu í starfsstöð Fiskistofu á Akureyri. Upplýsingadeild hefur umsjón með rekstri fiskveiðistjórnunarkerfisins þ. á m. úthlutun aflaheimilda og úrvinnslu gagna úr gagnastöfnum stofnunarinnar. Deildarstjóri upplýsingadeildar heyrir undir sviðsstjóra þjónustu- og upplýsingasviðs. Um fullt starf er að ræða og æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Helstu verkefni:

- Ábyrgð á úthlutun aflamarks og annarri ráðstöfun aflaheimilda
- Ábyrgð á söfnun, úrvinnslu og miðlun upplýsinga
- Vinnsla og greining gagna
- Dagleg stjórnun upplýsingadeildar

Hæfnis- og menntunarkröfur:

- Háskólapróf sem nýtist í starfi. Framhaldsmenntun er kostur.
- Framúrskarandi þekking og reynsla í greiningu og úrvinnslu á talnaefni
- Þekking á gagnagrunnum, kunnátta í SQL-forritun er kostur
- Frumkvæði, sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Þjónustulund og lipurð í mannlegum samskiptum
- Gott vald á íslensku og ensku og færni til að tjá sig í ræðu og riti
- Stjórnunarreynsla er æskileg

Mikill kostur er að umsækjendur hafi þekkingu á málefnum sjávarútvegs

Nánari upplýsingar um störfina veita Þorsteinn Hilmarsson, sviðsstjóri þjónustu- og upplýsingasviðs og Auðunn Ágústsson, deildarstjóri í síma 5697900.

Umsóknir sem hafa að geyma ítarlegar upplýsingar um menntun, fyrri störf, meðmælendur og annað sem máli kann að skipta sendist á netfangið ingath@fiskistofa.is eða með bréfi til Fiskistofu, Dalshrauni 1, 220 Hafnarfirði merktar: „Deildarstjóri upplýsingadeildar“.

Veidieftirlitsmenn í starfsstöðvar Fiskistofu á Akureyri og Ísafirði

Fiskistofa óskar að ráða veidieftirlitsmenn í starfsstöðvar sínar á Akureyri og Ísafirði. Um eina stöðu er að ræða á hvorri starfsstöð. Staðan á Akureyri heyrir undir deildarstjóra veidieftirlitssviðs – austur en staðan á Ísafirði heyrir undir deildarstjóra veidieftirlitssviðs – vestur. Um fullt starf er að ræða og er æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Helstu verkefni:

- Eftirlit á sjó.

Eftirlit á sjó felst m.a. í lengdarmælingum á fiski og tillögugerð um lokanir veiðisvæða, eftirliti með aflasamsetningu, veiðarfærum, hlutfalli smáfisks í afla og brottkasti afla. Þá fylgjast veidieftirlitsmenn einnig með því að afladagbækur séu rétt útfylltar og séu í samræmi við veiðar og afla um borð.

- Eftirlit í landi.

Eftirlitsstörf í landi fela m.a. í sér eftirlit með löndun, vigtun og skráningu afla, eftirlit með veiðarfærum og aflasamsetningu, lengdarmælingar á afla og eftirlit með færslu og skilum afladagbóka. Starfið felur einnig í sér skrifstofustörf s.s. skýrslugerð þegar vettvangsstörfum lýkur, að fylgjast með löndunum og skráningum í aflaskráningarkerfi Fiskistofu og öflun gagna vegna brotamála sem upp koma.

Hæfniskröfur:

- Leitað er að kraftmiklum einstaklingi sem hefur reynslu af störfum í sjávarútvegi.
- Góð íslensku- og tölvukunnátta er áskilin.
- Sjálfstæði, fagmennska og nákvæmni í vinnubrögðum.
- Góð færni í mannlegum samskiptum.

Skipstjórnarréttindi eru kostur.

Nánari upplýsingar um starfið veita Áslaug Eir Hólmgeirsdóttir, sviðsstjóri veidieftirlitssviðs í síma 5697977,

Þórhallur Ottesen deildarstjóri veidieftirlits – vestur í síma 5697932 og Sævar Guðmundsson deildarstjóri veidieftirlits – austur í síma 4782010.

Umsóknir sem hafa að geyma ítarlegar upplýsingar um menntun, fyrri störf, meðmælendur og annað sem máli kann að skipta sendist á netfangið ingath@fiskistofa.is eða með bréfi til Fiskistofu, Dalshrauni 1, 220 Hafnarfirði merktar annars vegar „Veidieftirlitsmaður Akureyri“ og hins vegar „Veidieftirlitsmaður Ísafirði“.

Sérfræðingur í starfsstöð Fiskistofu í Vestmannaeyjum

Laus er til umsóknar staða sérfræðings á veidieftirlitssviði í starfsstöð Fiskistofu í Vestmannaeyjum.

Staðan heyrir undir sviðsstjóra veidieftirlitssviðs. Um fullt starf er að ræða og er æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Helstu verkefni:

- Gerð og viðhald ferla á veidieftirlitssviði. Ábyrgð á að verkferlar og vinnulýsingar séu skráðar, endurskoðaðar og uppfærðar reglulega
- Bréfaskrifir er varða verkefni sviðsins
- Greining og úrvinnsla gagna
- Rafrænt eftirlit

Menntun- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Þekking á gæðastjórnun
- Mjög góð tölvuþekking
- Mjög góð íslenskukunnátta og færni til að tjá sig í ræðu og riti
- Glöggskyggni á tölur og hæfni til greiningar og úrvinnslu gagna
- Nákvæm, sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Frumkvæði og drifkraftur

Þekking eða reynsla á sviði sjávarútvegs er kostur.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Áslaug Eir Hólmgeirsdóttir, sviðsstjóri veidieftirlitssviðs í síma 5697977.

Umsóknir, sem hafa að geyma ítarlegar upplýsingar um menntun, fyrri störf, meðmælendur og annað sem máli kann að skipta, sendist á netfangið ingath@fiskistofa.is eða með bréfi til Fiskistofu, Dalshrauni 1, 220 Hafnarfirði merktar: „Sérfræðingur Vestmannaeyjum“.

Umsóknarfrestur er til og með 9. febrúar 2015.

Laun taka mið af kjarasamningi ríkisins við viðeigandi stéttarfélag.

Samkvæmt jafnréttisstefnu Fiskistofu eru konur jafnt sem karlar hvattar til að sækja um.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Athygli er vakin á því að umsóknir munu gilda í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út, með vísan til 3. tl. 2. mgr. 2. gr. regla nr. 464/1996 um auglýsingar á lausum störfum, með síðari breytingum, sem settar eru samkvæmt heimild í 2. mgr. 7. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.



Capacent Ráðningar

Ráðgjafar Capacent búa yfir víðtækri þekkingu á íslensku atvinnulífi og veita bæði fyrirtækjum og einstaklingum persónulega þjónustu þar sem fyllsta trúnaðar er gætt.

Kynnið ykkur þjónustuna á www.capacent.is

capacent

Laust starf hjá Héðni hf.

Uppsetning á bílskúrs- og iðnaðarhurðum

Óskum eftir að ráða starfsmann við uppsetningu og viðhald á bílskúrs- og iðnaðarhurðum. Viðkomandi þarf að hafa gott verkswit, vera handlaginn, hraustur og útsjónarsamur; geta unnið sjálfstætt, talað íslensku og hafa bílpróf.

Nánari upplýsingar veitir Jóhannes Þorgeirsson.

Vinsamlega sendið umsóknir til Héðins á netfangið atvinna@hedinn.is eða fyllið út umsókn á vefsíðu fyrirtækisins www.hedinn.is

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.



HÉÐINN

Gjáhella 4 • 221 Hafnarfjörður • Sími 569 2100 • hedinn.is

Aðstoðarhótelstjóri

Íbúðarhótel í miðbæ Reykjavíkur óskar eftir **Aðstoðarhótelstjóra**. Kostur ef að viðkomandi býr í eða nálægt 101 Reykjavík og getur unnið vaktavinnu.

Hæfniskröfur:

- Getur starfað sjálfstætt
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Jákvæðni og frumkvæði

Umsóknir um starfið, ásamt upplýsingum og nám og fyrri störf, skulu berast á netfangið: box@frett.is

RÚV AUGLÝSIR EFTIR NÆTURFRÉTTAMANNI

Við leitum að kraftmiklum og hugmyndaríkum einstaklingi sem hefur reynslu af fréttamennsku og vinnslu fyrir vef.

Næturfréttamaður heyrir undir fréttastjóra RÚV og vinnur samkvæmt fréttareglum Ríkisútvarpsins og öðrum vinnureglum stofnunarinnar er snerta fréttamenn s.s. siðareglum.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun.
- Reynsla af fréttamennsku.
- Mjög gott vald á íslensku máli.
- Góð tök á ensku í ræðu og riti
- Góð þekking á öðru erlendu tungumáli æskileg.
- Færni í vinnslu fyrir vef.
- Góð tölvu- og tækniþekking.
- Stundvísi.
- Sjálfstæði í starfi, brennandi áhugi og geta til að vinna ein/n og undir álagi.

Umsóknarfrestur er til 9. febrúar 2015.

Viðkomandi þarf að geta hafði störf í síðasta lagi 1. mars 2015.

Nánari upplýsingar veitir Andrea Róbertsdóttir mannaússtjóri RÚV í tölvupósti andrea.robertsdottir@ruv.is

Umsóknarform má finna á www.ruv.is/storf

Allar umsóknir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.



SVÆFINGA- OG GJÖRGÆSLULÆKNINGAR

Fjórar stöður sérfræðilækna

Laus eru til umsóknar fjögur störf sérfræðilækna í svæfinga- og gjörgæslulækningum á Landspítala. Starfsvettvangur innan spítalans verður ýmist við Hringbraut eða í Fossvogi.

Starfshlutfall er 100% en hlustarfar kemur til greina. Störfin veitast frá 1. maí 2015 eða eftir nánara samkomulagi.

Helstu verkefni og ábyrgð

- » Sérfræðistörf í samráði við yfirlækna sérgreinarinnar, s.s. vinna á skurðstofum, gjörgæslu, móttöku, við svæfingar á útstöðvum sjúkrahússins, bráðameðferð og meðhöndlun bráðra og langvinnra verkja
- » Þátttaka í bakvöktum og bundnum staðarvöktum samkvæmt vaktafyrirkomulagi sérgreinarinnar
- » Þátttaka í kennslu og vísindavinnu í samráði við yfirlækna og prófessor

Hæfniskröfur

- » Íslenskt sérfræðileifyfi í svæfinga- og gjörgæslulækningum
- » Frekari viðbótarnám í svæfinga- og gjörgæslulækningum er æskilegt en ekki skilyrði (t.d. barnasvæfingar, gjörgæslulækningar)
- » Reynsla í kennslu og vísindavinnu er æskileg en ekki skilyrði
- » Vilji til frekari sérhæfingar í samráði við yfirlækna deildarinnar
- » Jákvæðni, sveigjanleiki og lipurð í samskiptum

Nánari upplýsingar

- » Umsóknarfrestur er til og með 23. febrúar 2015.
- » Umsókn fylgi vottfestar upplýsingar um nám, fyrri störf, reynslu af kennslu, vísindavinnu og stjórnunarstörfum ásamt sérprentun eða ljósriti af greinum sem umsækjandi kann að hafa birt eða skrifað.
- » Umsóknargögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast, í tvíriti, LSH skrifstofu aðgerðasviðs, 10C Fossvogi.
- » Mat stöðunefndar læknaráðs Landspítala byggist á innsendum umsóknargögnum. Viðtöl verða við umsækjendur og byggir ákvörðun um ráðningu í starfið einnig á þeim.
- » Upplýsingar veita Gísli Vígfússon, yfirlæknir, netfang gislivig@landspitali.is, sími 825 3542 og Alma Dagbjört Möller, framkvæmdastjóri, netfang almam@landspitali.is, sími 543 1000.
- » Fullt starf (100%) er bundið við sjúkrahúsið eingöngu sbr. yfirlýsingu LSH vegna kjarasamnings sjúkrahúslækna dags. 2. maí 2002, sbr. breytingu 5. mars 2006.

Laun samkvæmt samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starfið rafrænt á: www.landspitali.is, undir „laus störf“. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum. Nánari upplýsingar um forsendur ráðningar er að finna á heimasíðu Landspítala.

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun

Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi
www.hagvangur.is



LUNGNALÆKNINGAR

Sérfræðilæknir

Laust er til umsóknar starf sérfræðilæknis í lungnasjúkdómum. Starfið veitist frá 1. apríl 2015 eða eftir samkomulagi. Stefnit er að því að um fullt starf verði að ræða en starfshlutfall getur þó verið samkvæmt nánara samkomulagi.

Helstu verkefni og ábyrgð

- » Vinna á legu- og göngudeildum lungnalækninga
- » Vinna við ráðgjöf í lungnasjúkdómum
- » Þátttaka í vaktþjónustu lungnalækna
- » Þátttaka í viðfangsefnum almennra lyflækninga í samráði við yfirlækni lungnalækninga
- » Þátttaka í kennslu læknanema, kandiáta og deildarlækna
- » Þátttaka í rannsóknarstarfi

Hæfniskröfur


- » Íslenskt sérfræðileifyfi í lungnalækningum
- » Breið þekking og reynsla í lungnasjúkdómum
- » Þekking á á svefnháðum öndunarfærasjúkdómum
- » Góðir samskiptahæfileikar

Nánari upplýsingar

- » Umsóknarfrestur er til og með 16. febrúar 2015.
- » Umsóknum fylgi vottfestar upplýsingar um nám, fyrri störf, reynslu af kennslu, vísindavinnu og stjórnunarstörfum ásamt sérprentun eða ljósriti af greinum sem umsækjandi kann að hafa birt eða skrifað.
- » Umsóknargögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast, í tvíriti, Þórnari Gíslasyni, yfirlækni, LSH Lungnalækningar E7 Fossvogi.
- » Mat stöðunefndar læknaráðs Landspítala byggist á innsendum umsóknargögnum. Viðtöl verða við umsækjendur og byggir ákvörðun um ráðningu í starfið einnig á þeim.
- » Upplýsingar veitir Þórnari Gíslason, yfirlæknir, netfang thorari@landspitali.is, sími 543 1000.
- » Fullt starf (100%) er bundið við sjúkrahúsið eingöngu sbr. yfirlýsingu LSH vegna kjarasamnings sjúkrahúslækna dags. 2. maí 2002, sbr. breytingu 5. mars 2006.

Laun samkvæmt samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starfið rafrænt á: www.landspitali.is, undir „laus störf“. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum. Nánari upplýsingar um forsendur ráðningar er að finna á heimasíðu Landspítala.

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun



ÞVAGFÆRASKURÐLÆKNINGAR

Sérfræðilæknir

Laust er til umsóknar starf sérfræðilæknis í þvagfæraskurðlækningum. Starfshlutfall er 50% og veitist starfið frá 1. apríl 2015 eða eftir nánara samkomulagi.

Helstu verkefni og ábyrgð

- » Sérfræðistörf í samráði við yfirlækni sérgreinarinnar, s.s. greining, meðferð og eftirfylgd sjúklinga með vandamál er tengjast sérgreininni, m.a. þátttaka í göngudeildarþjónustu og samráðskvaðningum
- » Meðhöndlun sjúklinga með þvagfærasteina m.a. starf við nýrnasteinsbrjót (ESWL)
- » Þátttaka í bakvöktum sérgreinarinnar
- » Þátttaka í kennslu og vísindavinnu í samráði við yfirlækni

Hæfniskröfur

- » Íslenskt sérfræðileifyfi í þvagfæraskurðlækningum
- » Staðgóð reynsla af þvagfæraskurðlækningum
- » Reynsla í kennslu og vísindavinnu æskileg en ekki skilyrði
- » Góð samskiptahæfni

Nánari upplýsingar

- » Umsóknarfrestur er til og með 9. febrúar 2015.
- » Umsóknum fylgi vottfestar upplýsingar um nám, fyrri störf, reynslu af kennslu, vísindavinnu og stjórnunarstörfum ásamt sérprentun eða ljósriti af greinum sem umsækjandi kann að hafa birt eða skrifað.
- » Umsóknargögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast, í tvíriti, LSH skrifstofu skurðlækningasviðs 13A Hringbraut.
- » Mat stöðunefndar læknaráðs Landspítala byggist á innsendum umsóknargögnum. Viðtöl verða við umsækjendur og byggir ákvörðun um ráðningu í starfið einnig á þeim.
- » Upplýsingar veitir Eiríkur Jónsson, yfirlæknir, netfang eirikjon@landspitali.is, sími 543 1000.

Laun samkvæmt samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starfið rafrænt á: www.landspitali.is, undir „laus störf“. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum. Nánari upplýsingar um forsendur ráðningar er að finna á heimasíðu Landspítala.

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun



STAÐA SÉRFRÆÐILÆKNIS OG DEILDARLÆKNIS

SÁÁ auglýsir lausar til umsóknar stöður sérfræðilæknis og deildarlæknis á Sjúkrahúsinu Vogu.

Nánari upplýsingar veitir Þórarinn Tyrfingsson síma 824 7600, thorarinn@saa.is



Vinna og virkni Spennandi og fjölbreytt starf

Ás styrktarfélag óskar eftir þroskþjálfra, félagsliða og stuðningsfulltrúa í 100% störf í Stjórnugróf 7-9. Vinnutíminn er frá 8.30-16.30. Staðan er laus frá 1. mars eða eftir nánara samkomulagi.

Yamaha YZ 85 2008 2 hjól ónotuð til sölu. Uppl. í s. 840 -6100

Vinnuvélar



TRAKTORSGRÖFUR TIL SÖLU

Cat 442 ,05 notuð 5þ.vst. Einnig CASE 695 SLE ,06 notuð 4þ.vst. Uppl. í s. 894-8620

Vélsleðar



Til sölu Yamaha Apex Turbo 290 hö, árg. 2006, 162" Hnakk- og tanktaska o.fl. Einnig lokuð 2 sleða kerra. Uppl. 894-4896. Selst saman á 1.750 þús.

Vélsleðar

DAYCO



Hágæða reimar fyrir vélsleða og fjórhjól á góðu verði.

Stál og Stansar ehf.
VAGNHÖFÐI 7 • SÍMI 512 5000

Lyftarar



Til sölu BT LSV 1.200. Lyftigetia 1.200 kg. Lyftihæð 3.350 mm. Verð 190.000kr án vsk. Kraftvélar ehf / S. 535-3500 / www.kraftvelar.is

Bátar



Smiðum álhurðir í báta stóra sem smáa. Skoðaðu heimasíðuna okkar algjuggar.is Hafðu samband og fáðu tilboð. S. 557 5757.

Hjólbarðar

Jeppadekk



HJÓLBARÐA GRAFARVOGS FERKSTÆÐI

Gyllfollir 3 • 112 Reykjavík Sími 567 4468

VAKA



FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppi ný. VAKA S: 567 6700.

Varahlutir

JAPANSKAR VÉLAR BÍLAPARTASALA
Eigum úrval varahluta í Japanska og Kóranska bíla og fleiri teg. Kaupum flestar tegundir bíla. Opíð 8-18 virka daga. S. 565 3400 & 893 2284. www.japanskarvelar.is / www.carparts.is japvel@carparts.is

GEFÐU HÆNU
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf Kirkjunnar

Vissir þú að...
börn eiga rétt á vernd gegn klámi.

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

XPRENT
-hönnun og merkingar

PRENTUN | HÖNNUN | MERKINGAR | SKILTAGERÐ | XPRENT.IS

...og margt fleira

Sundaborg 1 - 104 Reykjavík - Sími: 777 2700 - xprent@xprent.is

SPENNANDI NÁMSKEIÐ

FULLT AF NÝJUM OG SPENNANDI NÁMSKEIÐUM Á NÝJU ÁRI, Í GLERI, LEIR OG SKARTGRIPUM.

SJÁ NÁNAR Á WWW.GLIT.IS
ERUM Á FACEBOOK.COM/GLITEHF

WWW.GLIT.IS | GLIT@GLIT.IS

BÓKHALDSÞJÓNUSTA
fyrir fyrirtæki, einstaklinga og félagasamtök

Fagleg og vönduð þjónusta á sanngjörnu verði.

GAIUS
BÓKHALDSÞJÓNUSTA

Sími 892 5784
Síðumúli 31•105 Reykjavík
gaiusehf@gmail.com

LOK Á HEITA POTTA



- Einangrunarlok
- Yfirbreiðslur
- Metum ástand og gerum við

www.fjardarbolstrun.is

Fjarðarbolstrun S. 561 4188 • 840 0339 fjardarbolstrun@gmail.com

VARAHLUTIR

Iveco • Benz • Man • Renault

Varahlutapjónusta

VÉLANAUST ehf

Álhella 4 • Símar 555 6670 • 860 1859 • www.velanaust.is

DÆLUR - sem bjarga málinu ef flæðir



Önnur dælan magndælir og hin dælan hreinsar upp.

Frábært verð

Öflugir bjargvættir þegar fer að hlána!

ÁSAFL Hjallahrauni 2 - 220 Hafnarfjörður
Sími 562 3833 - asafi@asafi.is - www.asafi.is

Parketslípun
sólfallaslípun | parketlagnir

551 1309 / 690 5115
golfist@golfist.is | www.golfist.is

99% RYKFRITT

Gólf list

Iveco

Viðgerðar- og varahlutapjónusta

VélRás

Sími 555 6670 • www.velras.is • Álhella 4 • Álhella 8

BÍLAPJÓNUSTA BJARKA ehf
alhliða bílaviðgerðir

Tímabantanir s: 445 4540/697 4540

viðarhöfði 2 • 110 reykjavík • sími 445 4540 / 697 4540
bilathjonustabjarka@gmail.com
http://www.facebook.com/bilathjonustabjarka

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@365.is sigrunh@365.is

PJÓNUSTA

Pípulagnir

PÍPULAGNIR

Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 699 6069 & 663 5315.

Hreingerningar

ER HREINT

Tökum að okkur að þrifa f. húsfélög og heimili. Tilboð/tímavinna. Góð þjónusta. Sanngj. verð. s. 788 5888

VY-PRIF EHF.

Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 662 4010 www.vy.is

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Málarar

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

Búslóðaflutningar

SENDIBILL.IS

Búslóðaflutningar, píanóflutningar, gerum tilboð í búslóðaflutninga út á land. Almenn sendibílaþjónusta. S. 772 3222

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafi., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningabj. Mikael. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsviðhald

VIÐHALD
fasteignaviðgerðir

Viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.

- mürviðgerðir
- þakviðgerðir
- málningsvinnu
- trésmíðavinnu
- gluggaskipti
- glerskipti
- pípulagnir
- flisalagnir
- jarðvinnu
- hellulagnir
- álkveðningar

Sími 567 6699
vidhald@vidhald.is
www.vidhald.is

k2
LÖFTTÖNDVAARBEIÐUM

Við hreinsum allar gerðir lofttræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu frjá ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

GRÖFUVINNA OG FLEIRA
Tökum að okkur drenlagnir, hellulagnir og aðra jarðvinnu. Einnig snjóokstur Grjótavík ehf. Uppl. í s. 893 0173

K.R.S. ELDON MÜRVERKTAÐAR.

Viðgerðir, flotun og flisal. Vönduð vinna Tilb./tímav.

S. 899-4254

Tölvur

Allar almennar tölvuviðgerðir og vírushreinsanir. Kem á staðinn. S. 699 6735 Baldvin.

Nudd

NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Sími 694 7881, Zanna.

Spádómar

SPÁSÍMINN 908 5666

Stjörnuspa. Tarot. Ársspa. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Rafvirkjun

Raflagnir Dyrasimar

Set upp ný dyrasimakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.

Fljót og góð þjónusta
Sími 893 1733

Jón Jónsson
Löggiltur rafverktaki

www.raflagnir.is

Trésmíði

INNRETTINGAR.IS

Sérsmíðum innréttingar eftir þínum þörfum. Sérsmíði ehf s. 587 0777.

Önnur þjónusta

Blekhyllki.is

Ódýr blekhyllki og tónerar í flesta prentara, Hagkaup Smáralind, Fjarðargata 11 Hf og í síma 517-0150

FATABREYTINGAR

ÁRNI GÆRDBO KLÆÐSKERI

Allar fatabreytingar og viðgerðir.

Skiptum um rennilása.

Fljót og góð þjónusta.

Opið alla virka daga frá kl. 10-12 & 13-16.

Geymið auglýsinguna.

Skraddarinn á Horninu, Skúlagata 26

Sími 861 4380.

Hreinsa þakrennur og tek að mér ýms verkefni. S. 847 8704 & manninn@hotmail.com

KEYPT & SELT

Óskast keypt

STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERKI!

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!
www.kaupungull.is

Opið mán - lau 11-17, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin)

Upplýsingar í síma 661 7000

skemmtanir

BOLTINN Í BEINNI

Cafe Catalina
Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is
"Best geymda leyndarmál Kópavogs"

LEIKIR HELGARINNAR
Laugardagur 24. jan
14:50 Man. City - Middlesbrough
17:20 Liverpool - Bolton
Sunnudagur 25. jan
14:50 Aston Villa - Bournemouth
15:50 Brighton - Arsenal

HM Í BEINNI!

http://www.facebook.com/cafecatalina
Heimilismatgur í hádegina virka daga • Eldhúsið opið alladaga til kl. 21:00 • Boltatilboð • Snyrtilegur klæðnaður áskilin

HLJÓMSVEITIN KLETTAR
GESTASÖNGVARI SVENNI GUÐJÓNS ÚR
ROOF TOPS OG HAUKUM.

RÚNAR ÞÓR, RÚNAR VILBERGS, SIGGI ÁRNA OG TRYGGVI HÜBNER. SPILA Í KVÖLD.

Allívetkömnir

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR

Kaupum gull til að smíða úr. Spörungjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.

Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/örorkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

Til bygginga

Til sölu flekamót fyrir krana. Mótin eru 3,00m á hæð. Mótin eru auðveld í notkun og skila góðum árangri. Auðvelt að hækka upp þegar steypt er 2 eða 3 hæða hús. Áfastir vinnupallar. Hægt er að fá „mótapakka“ sem passar í ákveðna framkvæmd. Hagstætt verð. 40þ á lengdarmetra í tvöföldu með öllum fylgihlutum. Uppl. í s. 840-6100.

HEILSA

Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

HEIMILIÐ

Dýrahald



VOFF.IS - NÝ HVOLPASÍÐA

www.voff.is er hvolpasíða Hundaræktarfélags Íslands, þar geturðu fengið upplýsingar um got, ræktendur, tegundir ásamt greinum um hvólpauppeldi, allt á einum stað. Hundaræktarfélag Íslands stuðlar að góðri meðferð, aðbúnaði, uppeldi og heilsufari hvólpa. Leitaðu þér nánari upplýsingar á www.hrfi.is og www.voff.is



GRINDARBÚR Á GÓÐU VERÐI

Stærð 61 cm verð 6.990,-
Stærð 76 cm verð 8.990,-
Stærð 91 cm verð 10.990,-
Stærð 107 cm verð 12.990,-
Stærð 122 cm verð 14.990,-
Dýraland Mjódd s.587-0711
Dýraland Kringlan 7 s.588-0711
Dýraland Spöngin 23 s.587-0744

Kettlingar fást gefins, vanir hundum og kassavanir. Esther s. 695-0208.

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

TIL LEIGU MIÐSVÆÐIS Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU, NÝBYLAVEGI OG AUÐBREKKU (GÖMLU TOYOTAHÚSUNUM)

150 - 300 fm m / innkeyrsludryrum, 150 - 300 fm fm undir verslun eða léttan iðnað, 200 - 400 fm fyrir heildverslun eða léttan iðnað. Greið aðkoma að húsnæðinu, frábært auglýsingagildi, matvöruverslanir, veitinga og kaffihús í göngufæri. Uppl. veitir Sverrir í s. 661-7000

Herbergi til leigu fyrir reglusaman og reyklausan einstakling í Leirbakka 10, 109. Aðgangur að snyrtingu. Verð 30þús með hita og rafmagni. Ískápur fylgir. S. 844 6851

109 Rvk - Seljahverfi, gott herb. Aðgangur að baðherb., ísskáp, o.fl. Snyrtileg aðstaða. Reglusemi áskilin. Uppl. í s. 891 7630.

Atvinnuhúsnæði



Til leigu 175 fm.á Smiðjuvegi .70 fm. Kæli/frystiklefi. Góð innkeyrsludyr. Uppl. 660 5606

Geymsluhúsnæði

WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

GEYMSLULAUSNIR.IS

Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

GEYMSLUR.COM

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskilóð í Reykjavík. S. 555 3464

ATVINNA

Atvinna í boði

STÓLALÆIGA

Vantar fólk í stólalæigu á Hársnyrtistofunni Há, Hjalldhrauni 13, Hafnarfirði.

Vinsamlegast hafið samband í síma 555 3955 / 662 6653 / 421 2012

MÖTUNEYTI 365 ÓSKAR EFTIR STARFSKRAFTI

Parf að geta hafið störf sem fyrst.

Við leitum eftir :

-Brosmildi

-Jákveðni

-Góðri þjónustulund

-Reynsla af veitingastörfum er kostur.

Vinnutími 09-20 2-2-3 vaktir
Uppl. sendist á thjonusta@365.is merkt „mötuneyti“



MELABÚÐIN

Óskum eftir þjónustulundum og samvirkum starfsmanni til starfa við innkaup, áfyllingu og afgreiðslu. Um er að ræða heilsdagsstarf eða hlutastarf hálfan daginn. Íslenska nauðsynleg. Upplýsingar gefur verslunarstjóri á staðnum eða í síma.

Melabúðin, Hagamel 39 s: 551-0224 melabudin@thinverslun.is

til sölu



Gamli glugginn úr, nýi glugginn í ...svo einfalt er það

Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi.

Hafðu samband og við metum ástandið.

Súðarvogur 5 • Sími 566-6630 • gluggagerdin@gluggagerdin.is

fasteignir

Fyrirtæki í gatnaviðgerðum

Til sölu þekkt fyrirtæki í gatnaviðgerðum og tengdri vinnu. Fyrirtækið hefur starfað í 15 ár fyrir sveitarfélög vítt um landið. Nú er tíminn til að undirbúa sumarið. Uppl. í sínum 693-1273 og 864-1273

FYRIRTÆKJASALA ÍSLANDS. S:520-3500

þjónusta

Prófarkalestur og textasmíð

AH-Próförk sérhæfir sig í textasmíð og prófarkalestri ritgerða, handrita og annarra texta fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Textinn er færður til betri vegar hvað viðkemur ritvillum, málfari, orðalagi og samræmi í texta eða hannaður frá grunni. Viðkomandi er sérhæfur á sínu sviði, er með BA- og MA-próf í íslensku og reynsla af prófarkalestri og textavinnu. Verðið er sanngjarnt og fer eftir umfangi og stærð verkefnis. Eina sem þú þarft að gera er að hafa samband og tilgreina efnisinnihald, orðafjölda og ákveða tímamörk.

Ef þú hefur áhuga hafðu þá samband við annahel@simnet.is eða í gegnum facebook-síðu.

OPÍÐ
ALLA DAGA

DORMA

ÚTSALAN

Í FULLUM GANGI

NATURES COMFORT – heilsurúm



Stærð: 120x200 cm / 140x200
160x200 cm / 180x200 cm.
Dýna, botn og lappir.

Comfort
120x200 cm
**ÚTSÖLUVERÐ
77.935**
VERÐ ÁÐUR
119.900

Comfort
140x200 cm
**ÚTSÖLUVERÐ
90.285**
VERÐ ÁÐUR
138.900

Comfort
160x200 cm
**ÚTSÖLUVERÐ
97.435**
VERÐ ÁÐUR
149.900

**AFSLÁTTUR
35%**
AF NATURES COMFORT

STILLANLEG C&J RÚM

með Shape þrýstijöfununar heilsudýnum

Charlotte & Julien



Stillanlegt C&J
m/Shape 2x90x200 cm
**ÚTSÖLUVERÐ
354.768**
VERÐ ÁÐUR
466.800

Fáanleg í stærðunum:
2x80x200 cm.
2x90x200 cm.
2x90x210 cm.
2x100x200 cm.
120x200 cm.
140x200 cm.

**AFSLÁTTUR
24%**
AF STILLANLEGUM C&J

IBIZA horn- tungusófi



Stærð: 286x198 cm. H: 86 cm.
Slitsterkt dökkgrátt áklæði.

IBIZA
U-SÓFI
**ÚTSÖLUVERÐ
178.320**
VERÐ ÁÐUR
229.900

Tunga getur
verið beggja
vegna.

RUBEN svefnsófi m/tungu



RUBEN
SVEFNSÓFI
**ÚTSÖLUVERÐ
109.900**
VERÐ ÁÐUR
139.900

Slitsterkt grátt áklæði.
Stærð: 240 x 160 x 90 cm H: 85 cm.
Rúmfatageymsla í tungu.
Svefnsvæði: 140x195 cm.

FLORIDA tungusófi



FLORIDA
TUNGUSÓFI
**ÚTSÖLUVERÐ
139.900**
VERÐ ÁÐUR
179.900

Stærð: 250 x 200 x 90 cm
H: 70 cm. Slitsterkt dökk-
og ljósgrátt áklæði.



EASY
hægindastóll
með skemli

EASY
hægindastóll
**ÚTSÖLUVERÐ
54.900**
VERÐ ÁÐUR
89.900



**AFSLÁTTUR
20-50%**
AF ÖLLUM VÖRUM

DORMA

– býður góða nótt

QOD
DÚNSÆNG



QOD
dúnsæng
**ÚTSÖLUVERÐ
14.900**
VERÐ ÁÐUR
19.900

60%, 600 gr. Stærð: 135x200 cm.

DORMA Holtagörðum, Reykjavík ☎ 512 6800 Opíð: Virka daga 10⁰⁰-18⁰⁰, laugardaga 11⁰⁰-16⁰⁰ og sunnudaga 13⁰⁰-16⁰⁰
Dalsbraut 1, Akureyri ☎ 558 1100 og Húsgagnahöllinni, Reykjavík ☎ 558 1100

Lofar grískri endurreisn

Vinstriflokkurinn SYRIZA virðist nokkuð öruggur um stórsigur í þingkosningunum í Grikklandi á morgun. Alexis Tsipras, leiðtogi flokksins, boðar róttækar breytingar og heitir því að niðurlægningartímabil Grikklands sé brátt á enda.

Guðsteinn Bjarnason

gudsteinn@frettabladid.is



Leiðtogar Evrópusambandsins hafa margir hverjir verið uggandi vegna þingkosninganna í Grikklandi á morgun. Sigurstrangleasti flokkurinn hefur stutt og stöðugt heitið grísku þjóðinni því að sætta sig ekki lengur við þrýsting frá Evrópusambandinu, heldur knýja fram niðurfellingu ríkisskulda og hverfa af braut hinna ströngu aðhaldsaðgerða.

„Aðhaldsaðgerðirnar í Grikklandi hafa mistekist,“ sagði Alexis Tsipras, leiðtogi SYRIZA, í blaðgrein nú í vikunni. „Þær hafa lamað efnahagslífið og skilið stóran hluta vinnuafslisins eftir án atvinnu. Þetta er mannúðarvandi.“

Hann segir óhjákvæmilegt að breyta þessu, semja upp á nýtt um hinar íþyngjandi skuldir gríska ríkissjóðsins og fá að minnsta kosti þriðjung þeirra felldan niður.

Dræm viðbrögð

Viðbrögðin frá Evrópusambandinu hafa verið dræm. Skilaboðin þaðan hafa öll verið á eina lund: skuldir séu skuldir og því verði ekki breytt.

„Það verður erfitt fyrir okkur að gefa eftir skuldir eða bjóða skuldabreytingar á þessu stigi,“ sagði til dæmis Alexander Stubb, forsætisráðherra Finnlands, fyrir fáum dögum.

Angela Merkel Þýskalandskanslari hefur meira að segja léð máls á því, sem hún áður hefur sagt óhugsandi, að Grikklandi verði vísað úr evrusamstarfinu komist SYRIZA til valda og reyni að standa við kosningaloforðin. Aðstoðarmaður hennar ítrekaði þó strax eftir að þessi ummæli féllu að þýska stjórnin hefði alls ekki skipt um stefnu: Enn væri stefnt að því að Grikkland yrði áfram meðal evruríkja.

Þá hefur núverandi stjórn Nýs lýðræðis og PASOK sagt loforð SYRIZA-flokksins fráleit og innstæðulaus með öllu. Grikkir geti ekki komist hjá því að greiða skuldir sínar og það verði bara til þess að auka á tjónið að fara að róta í því, sem þegar er búið að semja um.

Evangelos Venizelos aðstoðarforsætisráðherra hefur sagt Tsipras lofa fólki töfrabrögðum: „Tsipras lofar paradís á jörðu án fórna, afturhvarfi til velmegunar með einhverjum töfrabrögðum, eins og hann væri Harry Potter.“

Vill halda í evruna

Þess ber þó að geta að Tsipras hefur þrátt fyrir allt vilja halda í evruna, rétt eins og langflestir Grikkir. Samkvæmt skoðanakönnunum segjast nærri 75 prósent Grikkja vilja hafa evruna áfram.

Hann vill hins vegar fá leiðtoga Evrópusambandsins í lið með sér við að gera breytingar. „Þar sem aðhaldsaðgerðirnar hafa valdið ofurskuldum í Evrópuríkjum, þá viljum við nú efna til evrópskrar skuldarástefnu, sem mun efla hagvöxt í Evrópu til muna,“ sagði Tsipras til dæmis í blaðgrein sinni í vikunni.

Eitt af því sem Tsipras hefur kallað eftir er að Seðlabanki Evrópusambandsins hefji stórfellda innspýtingu fjármagns til aðildarríkjanna. Þessi ósk hans rættist nú á fimmtudaginn, þegar Mario Draghi, seðlabankastjóri ESB, skýrði frá því að milljarðatugum evra yrði varið til þess mánaðarlega að kaupa ríkisskuldabréf og önnur áhættusamari verðbréf í aðildarríkjunum.

Fær fimmtíu þingsæti aukreitiss

Samkvæmt skoðanakönnunum getur SYRIZA reiknað með því að



Aðhaldsaðgerðirnar í Grikklandi hafa mistekist. Þær hafa lamað efnahagslífið og skilið stóran hluta vinnuafslisins eftir án atvinnu. Þetta er mannúðarvandi.

Alexis Tsipras

ALEXIS TSIPRAS Á FJÖLMENNEM KOSNINGAFUNDI Leiðtogi SYRIZA þykir eiga góða möguleika á því að verða næsti forsætisráðherra Grikklands.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

ANDSTÆÐIR PÓLAR LE PEN SEGIST FAGNA SIGRI TSIPRAS, ÞÓTT HANN SÉ VINSTRA MEGIN

Í evrópskum fjölmiðlum hefur SYRIZA einatt verið kallaður popúlístaflokkur, flokkur sem stundar lýðskrum eða lýðdekur, og þar settur í hóp með mismunandi öfgakenndum þjóðernisflokkum sem flestir eru á hægri vængnum frekar en þeim vinstri.

Þetta eru flokkar á borð við Þjóðernisfylkingu Le Pen í Frakklandi, Svíþjóðardemókrata í Svíþjóð, Flokk sannra Finna í Finnlandi, Frelsisflokkinn í Hollandi, Norðurbandalagið á Ítalíu og Danska þjóðarflokkinn í Danmörku, svo nokkrir séu nefndir.

Í Frakklandi hefur Marine Le Pen lýst yfir eindregnum stuðningi við SYRIZA, jafnvel þótt sjálf sé hún langt til hægri á hinu pólitíska litrófi: „Þetta gerir mig ekkert að herskákum öfgavinstri,“ sagði hún í viðtali við franska dagblaðið Le Monde nú í vikunni. „Við erum ekki sammála allri stefnuskrá þeirra, sérstaklega ekki því sem lýtur að innflytjendamálu, en við yrðum himinlifandi ef þeir sigra.“

Það sem hún segist eiga sameiginlegt með SYRIZA er andstaðan við Evrópusambandið, eða það sem hún kallar

„alræðishyggju Evrópusambandsins og bandamanna þess á fjármálamörkuðunum.“

SYRIZA horfir samt öðruvísi á málið. Leiðtogi flokksins, Alexis Tsipras, hefur tekið skýrt fram að hann vilji alls ekki að Grikkland hætti að nota evruna. Hann segir hins vegar að aðhaldsaðgerðirnar séu að ganga af lýðræðinu í Evrópu dauðu: „Ef öflum framfara og lýðræðis tekst ekki að breyta Evrópu, þá verða það Marine Le Pen og bandamenn hennar yst á hægri vængnum sem breyta henni fyrir okkur.“



MARINE LE PEN Lítur á SYRIZA sem bandamann sinn í andstöðu við Evrópusambandið.

NORDICPHOTOS/AFP



FORYSTULAUSIR Kosningafundur Gullinnar dögunar hafa verið harla fjölmennir, þrátt fyrir að forystusveit flokksins sitji að stórum hluta í fangelsi.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

GULLIN DÖGUN LIFIR ENN

Í síðustu þingkosningum í Grikklandi vann Gullin dögur, flokkur þjóðernissinna yst til hægri, mikinn sigur og kom í fyrsta sinn mönnum inn á þing. Sextán mönnum, og varð þar með fjórði stærsti flokkurinn á þinginu.

Heldur daufara hefur verið yfir flokknum nú í kosningabaráttunni, en það stafar ekki síst af því að meginhluti forystuliðs og þingflokks Gullinnar dögunar situr í fangelsi.

Flokknum er engu að síður spáð 5 til 7 prósentum atkvæða, og þar með allt upp í 20 þingmenn eða jafnvel rúmlega það. Fylgið hefur sem sagt aukist þrátt fyrir að forsprakarnir séu forfallaðir í kosningabaráttunni.

Leiðtogar flokksins neita því jafnan að Gullin dögur sé flokkur nýnasista, en það breytir því ekki að fjölmiðlar og stjórnmálaskýrendur kenna hann við nýnasisma, og hafa þar til marks bæði merki og fána flokksins, yfirlýsingar flokksmanna og ekki síst framferði þeirra, sem kom þeim beina leið í steininn.


fá 35 prósent atkvæða, eða jafnvel meira. Hægriflokkurinn Nýtt lýðræði, sem síðan 2012 hefur verið í forystu samsteyptustjórnar með gamla sósíalístaflokknum PASOK, nær ekki 30 prósentum atkvæða, ef talning upp úr kjörkössunum

verður á sömu nótum og skoðanakannanir benda til.


Kosningalög í Grikklandi eru þannig að sá flokkur, sem flest atkvæði fær, nýtur þess sérstaklega við úthlutun þingsæta. Eftir að búið er að úthluta 250 af 300 sætum á

SKULDAKLAFI GRÍSKA RÍKISINS

Gríska ríkið skuldar nú 317 milljarða evra. Sú fjárhæð nemur um það bil 175 prósentum af vergri landsframleiðslu Grikklands. SYRIZA vill að þriðjungur skuldanna hið minnsta verði afskrifaður.



Lækkun ríkisskuldanna** (hlutfall af vergri landsframleiðslu)



* Þríeykið svonefnda (evruríkin, Evrópski seðlabankinn og AGS) hefur heitið Grikkjum alls 282,6 milljörðum evra, fyrst 110 milljörðum árið 2010 og svo aftur 172,6 milljörðum árið 2012. Til þessa hafa Grikkir fengið 206,9 milljarða greidda út í 23 hlutgreiðslum.

** AGS reiknar með hagvexti upp á 4,9 prósent að meðaltali á ári. Gríska fjármálaráðuneytið spáir 2,9 prósentu hagvexti á þessu ári.

Heimildir: AGS, Societe Generale, Financial Times

© GRAPHIC NEWS

þinginu fær atkvæðaflesti flokkurinn þau 50 sem eftir standa til þess að tryggja að hann eigi auðveldara með að mynda meirihlutastjórn.

Þannig að jafnvel þótt ekki muni nema prósentubroti á SYRIZA og Nýju lýðræði þegar úrslitin liggja

fyrir, þá fær sá flokkur sem stendur betur ótvírætt forskot til stjórnarmyndunar. Þessi regla gerir það að verkum að 35 prósent atkvæða myndu skila SYRIZA 144 þingsætum á 300 manna þjóðþingi Grikklands.

ALLT AÐ 25% AFSLÁTTUR

LJÚFFENG & NÆRANDI MÁLTÍÐ Í SKYNDI



LÍF
RÆNT

MAMMA CHIA 6 TEG
289kr | 25% | **217kr**

BAI DRYKKIR 530ML
414kr | 25% | **311kr**



**BULGUR & KÍNÓA
M/ASPAS**



**BULGUR & KÍNÓA
M/TÓMÖTUM**



KÚSKÚS & LINSUR

LÍF
RÆNT

VEGAN

COCOFINA STYKKI
258kr | 25% | **194kr**



D-vítamín

“Er oft kallað **‘Sólarvítamínið’** hefur áhrif á geðheilsu okkar, ónæmiskerfi og bólgur, húð, styrk beina o.fl. og tekur þátt í mörgum efnaferlum í líkamanum. Allt of algengt er að fólk sé með lágt D-vítamín gildi í líkamanum og því mikilvægt að huga að inntöku á D vítamíni og þá mæli ég alltaf með D-vítamín í vökvaformi eða í belgjum í olíu upplausn svo að nýtingin sé eins og best verður á kosið. NOW er með þrjár tegundir af D3 vítamíni, vökvaform, 1000IU og 2000IU skammta.”

-Ásdís grasalæknir, www.grasalaeknir.is



NOW VÖRUR
25% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM NOW-VÖRUM

ADAM&EVE

“Eru sérstaklega hönnuð með þarfir kynjanna í huga og nýtast líkamanum einstaklega vel.”

-Ásdís grasalæknir, www.grasalaeknir.is



HIMNESK HOLLUSTA
KÓKOSÓLÍA LYKTAR- OG BRAGÐLAUS
1244kr | 25% | **933kr**



HIMNESK HOLLUSTA
KÓKOSÓLÍA KALÐPRESSUÐ
1378kr | 25% | **1034kr**



HIMNESK HOLLUSTA
HAFRAFLÖGUR GRÓFAR/FÍNAR1000G
570 | 25% | **428**



RAINFOREST
HRÁKAKÓ 250G
1296 | 25% | **972**



RAINFOREST
KAKÓNIBBUR 300G
1347 | 25% | **1010**

Tilboðin gilda 24. janúar –01. febrúar 2015

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

EF VÍNLAND HEFÐI EKKI VERIÐ AFNUMIÐ

FLÆKJUSAGA

Illugi Jökulsson setti sig í spor ungrar stúlku sem síðust norrænna manna yfirgaf byggð Grænlandinga



og Íslendinga á Vínlandi, og reyndi svo að ímynda sér hvað hefði gerst ef hún hefði fengið að ráða- og norrænir menn hvergi farið.

Hún var síðust frá landi. Karlarnir voru allir komnir um borð í bátinn sem ruggaði háskalega í fjöruborðinu og þá loksins arkaði hún út í sjóinn og var komin upp í mitti þegar stafnbúi kippti henni um borð. Svo tóku karlarnir til árana og reru sem hraðast út að knerrinum þar sem menn voru þegar farnir að búa sig undir að hifa upp segl og leggja af stað til Grænlands. Stúlkan leit af knerrinum og aftur til lands. Ósköp virtust búðirnar lítilfjörlegar svona utan frá sjó. En hún hafði hafst þarna við þrjú ár og unað sér vel. Landkostir voru svo allt öðruvísi en heima á Grænlandi, þarna var gróðursælt, óteljandi framandlegar jurtir og forvitnileg dýr á kreiki og tré, það sem hún var farin að unna trjánum. En trén voru líka varasöm, Skrælingjarnir földu sig milli þeirra og runnu næstum saman við þau, og þegar vont var á milli þeirra og Grænlandinga gátu þeir þegar minnst varði ráðist út á milli trjánna og á búðirnar þar sem stúlkan og hennar fólk bjó. Síðasti vetur hafði verið erfiður, stöðugar skærur og árásir. Því hafði foringi búðanna ákveðið að nú tækju þau sig upp í sumarlok og héldu heim til Grænlands aftur. Til frambúðar.

Stúlkan hafði orðið öskureið þegar hún frétti þetta. Henni fannst karlarnir ræflar að reyna ekki að semja um frið við Skrælingjana, nú, eða sigrá þá í bardaga, ef ekki vildi betur til. Það var lítilmótlegt að yfirgefa Vínland í eitt skipti fyrir öll, þetta víð-áttumikla landkostaland, og ætla heim til Grænlands á ný þar sem öllum bar saman um að væri farið að kólna og jökullarnir að skriða fram og fólkio yrði innilokað í núturlegum húsum sínum stóran hluta ársins. Karlarnir tuldruðu að vísu að eflaust kæmu þau aftur næsta sumar en stúlkan trúði því varlega. Þeir höfðu látið hirða allt steini léttara úr búðunum og brjóta dyr á hverju húsi svo það var augljóst að þangað gæti enginn leitað á næstunni.

Hún gnisti tönnum. Allur dugur virtist úr þessum körlum. Fyrsta sumarið hennar í búðunum hafði hún fengið að fljóta með í siglingu með knerrinum suður á bóginn þangað sem átti að leita loðdýra og hún hafði gapað yfir þeim lokkandi fögru ströndum sem þau sigldu meðfram og skógunum sem sífellt urðu hærri og þéttari og að lokum höfðu þau siglt upp fremur þröngan áros þar sem síðan opnaðist breiður flói og vítt langt og fagurt allt umhverfis og mjó eyja sem virtist beinlínis kalla á að þar yrðu settar upp búðir. En karlarnir þorðu varla í land, þeir bentu óttaslegnir á reyk sem steig upp frá byggðum Skrælingja kringum flóann, og eftir að hafa náð í örfá veiðidýr flýttu þeir sér aftur til skips og réru sem hraðast út flóann og sigldu norður til búða sinna. Og fóru ekki aftur slíka ferð þótt stúlkan væri sífellt að suða um að fá á ný að sjá eyjuna og tala nú ekki um slóðirnar ennþá sunnar, hún botnaði ekki í af hverju karlarnir þverskölluðust við að rannsaka þessar blómlegu slóðir, af hverju þeir vildu heldur lúpast með slóðir milli lappanna heim til Grænlands? Þung í hjarta horfði stúlkan á strendur Vínlands fjarlægjast og sá að tveir Skrælingjar voru komnir út úr skóginum og stefndu hikandi til búðanna að vita hvort allir væru virkilega að yfirgefa staðinn.

Lúpast frá allsnægtunum

Þessi uppdiktaða mynd af því þegar norrænir menn frá Grænlandi og Íslandi fóru í síðasta sinn frá búðum sínum á Vínlandi einhvern tíma snemma á elleftu öld, gæti hún staðist? Skriflegar frásagnir gefa til kynna að landvist norrænna manna hafi verið stutt og engar fornleifar hafa fundist í jörðu sem mæla því mót. Búðirnar við L'Anse aux Meadows á Nýfundnalandi voru til dæmis augljóslega ekki lengi í notkun. Sjálfum hefur mér alltaf þótt þetta í meira



lagi skrítið, og ansi mikil niðurlægning í raun og veru fyrir minningu víkinga. Okkur er kennt að þeir hafi verið djarfir og ódeigir og aldrei óttast sjóndeildarhringinn. Svo finna þeir heilt meginland, alveg óþekkt í þeirra heimshluta, augsýnilega gríðarstórt og landkostir frábærir, hlíðin frið og vínber og einhvers staðar í öllu flæmi hljóta að leynast gull og gimsteinar – en nei, þá snúa þessir afkomendur víkinganna frá, lúpast til baka frá allsnægtunum og kjósa heldur að hokra ... á Grænlandi! Þar sem þó kom svo átakanlega vel í ljós aðeins fjórum öldum síðar að þeir kunnu ekkert að búa, því þeir gufuðu upp eins og jörðin hefði gleypst þá en önnur þjóð kom í staðinn sem kunnir á staðhátta í landinu kalda.

Reyndar er vitað að Grænlandingar héldu áfram að sækja timbur til Marklands næstu aldir, en af hverju hættu þeir og Íslendingar við alvöru landnám í Ameríku, sem svo var seinna kölluð? Hræðsla við fáeina Skrælingja, var það allt og sumt? Norðausturhluti Kanada voru ekki þéttbyggðar slóðir um það leyti sem Grænlandingar stöldruðu við á Hellulandi, Marklandi og Vínlandi, sem þeir kölluðu. Eða höfðu þeir enga þörf á þeim landkostum sem Ameríka bauð upp á? Var svona blómlegt á Grænlandi þá? Já, vissulega var hlýrra þá en löngum seinna, en samt! Að snúa baki við Ameríku er skrítni ákvörðun hjá fólki sem um aldir höfðu verið mestu siglingamenn og landkönnuðir heimains, og djörfustu kaupahéðnar.

Járn og sóttkveikjur

En setjum nú svo að norrænir hefðu hvergi farið, heldur hefðu hafið alvöru landnám á nýju ströndinni, fyrst á Vínlandi og svo víðar? Hvernig hefði það getað endað? Það má setja fram nokkrar hugmyndir, sem allar eru auðvitað út í loftið – en hefðu þó kannski getað orðið að veruleika, ef fleiri norrænir menn hefðu verið jafn spældir yfir því að þurfa að yfirgefa Ameríku og stúlkan sem ég bjó til í upphafi greinarinnar.

Í fyrsta lagi. Jafnvel þó norrænir menn hefðu náð góðri fótfestu á nokkrum stöðum á ströndinni er ekki ástæða til að ætla að verulegt landnám frá öðrum hlutum Evrópu hefði hafist næstu aldirnar. Það var engin sérstök hvöt til brottflutninga hjá alþýðu og ríkin sjálf voru ekki öflug, miðað við það sem síðar varð. Því hefðu byggðir norrænna sjálfsagt vaxið hægt og rólega fyrstu aldirnar.

En ef þær hefðu náð að dafna að ráði, þá er líklegt að landnemarnir í Vínlandi (sem ég leyfi mér að kalla svo) hefðu fyrr en síðar náð undirtökunum á sínu svæði og undir-okað „Skrælingja“. Vínlandfólk voru engin tæknitröll en höfðu þó vopn úr járn og ýmislegt annað en heimamenn þekktu lítt til, og það sem afdrifaríkast var: Í farangri þeirra biðu sömu sóttkveikjurnar og áttu í alvörunni eftir að útrýma meira en helmingi allra Indíána eftir að Kólumbus lenti í Karibahafi 1492. Mannfallið eftir landnám- ið í Vínlandi hefði kannski ekki orðið jafn hratt og það sem gerðist í rauninni fjórum öldum seinna, en frumbyggjar í Norðaustur- Ameríku og síðan suður með austurströndinni hefðu áreiðanlega ekki haft þrek til að standa gegn vaxandi útrás Vínlandfólka vestur og suður. Og það má alveg reikna með að Vínlandfólk hefðu líka byggt borg í

árósunum sem stúlkan mín sá svo eftir (sú er heitir nú í rauninni New York) og stýrt þaðan frekari landvinningum.

Og svo má fastlega reikna með að þó norskur kóngur kynni að hafa viljað hafa stjórn á hinum vaxandi byggðum í vestri hefðu Vínlandfólk fljótlega skorið á þau tengsl, sameinað sínar byggðir og brátt stofnað traustlegt ríki. Og Grænland og Ísland fengið að fljóta með upp á gamlan kunningsskap.

Indíanaborgin Kahokía

En Vínlandfólk voru samt fámennir til að byrja með og nú vill svo til að inni á sléttum þessa nýja meginlands var einmitt furðu háþrúð menning sem hverfðist um borgina Kahokíu þar sem bjuggu allt að 40.000 manns um árið 1200. Sú borg var til í raun og veru, og sú menning, þó hún stæði ekki lengi. Ef vel skipulagðir járnbitandi Vínlandfólk hefðu verið komnir alla leið í útjaðar sléttunnar um þær mundir, er þá svo fráleitt að láta sér detta í hug að Indíanaættbálkarnir hefðu streist hressilega á móti, lært járn- vinnslu og hestamennsku af Vínlandfólki um og stofnað eigin ríki sem hefði vel staðist þeim norrænu snúningi? Og alltaf fleiri Indíanaættbálkar gengið til liðs við Kahokíu- menn og þá hefði ekki þurft að vera neinn sérstakur munur á tæknikunnáttu ríkjanna tveggja til frambúðar? Og ríkin tvö sífellt að reyna að stinga augun hvort úr öðru?

Ó, þær stýrjaldir sem háðar hefðu verið á sléttunum næstu aldirnar! Ó, allt það riddaralið!

Og enn sunnar: Forvitnir landkönnuðir frá Vínlandi sigldu fram á furðulega menningu við risastóran flóa í suðrinu og stallapír- amidar Maya vöktu mikla lukku þegar landkönnuðirnir settust gráskeggjaðir í helgan stein og sögðu börnum ævintýri sín í hinu gamla ættlandi Íslandi, sem nú var ekki annað en útkjálki hinnar öfluglu Vínlandi, byggð orðin strjál þar, enda kostur á öðru betra í vestri fyrir búana. Mayar hrundu náttúrlega líka niður í söttum og misstu ríki sitt í hendur grimmra aðkomumanna úr norðri, Azteka, en Aztekar voru svo fjarri Vínlandi og herrum þar – sem gerðust brátt helstil herskáir – að þeir höfðu tómt til að byggja ríki sitt í friði, en senda þó fólk til Evrópu að læra þar nauðsynlega stríðstækni svo enginn Cortéz mundi koma þeim á óvart og fella stórveldið á nokkrum misserum.

Nei, ef konkvistadorar reyndu að lenda myndi hið fræga fallbyssulið Azteka senda þá öfuga úti sjó.

Oxidanía og Inkasía

Enda var það náttúrlega svo að þegar Vestur-Evrópu-menn hófu siglingar yfir hafið voru öflug ríki alls staðar fyrir, frá Vínlandi í norðri til Aztekaríkis í suðri og Nýi Spánn varð aldrei annað en smá ríki á mótum heimsálfanna tveggja, Oxidanía (eða Vesturálfu) og Inkasía í suðri ...

Já, ég veit að þetta er fantasía. En hún er þó ekki eins vitlaus og hún lítur út fyrir að vera. Ef norrænir hefðu ekki lúpast burt, heldur komið sér til frambúðar fyrir á Vínlandi og úr hefði orðið alvöru byggð og síðar ríki, þá hefði svo ótal margt breyst. Og það sem ég hef lýst hefði til dæmis alveg getað orðið veruleikinn.

Ó, þær stýrjaldir sem háðar hefðu verið á sléttunum næstu aldirnar! Ó, allt það riddaralið!

Tækniþróunar- sjóður

Styrkir til nýsköpunar

Umsóknarfrestur 16. febrúar

Tækniþróunarsjóður styrkir nýsköpunarverkefni sem geta aukið samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs. Umsækjendur geta verið fyrirtæki, einstaklingar, rannsóknastofnanir og háskólar.

Nánari upplýsingar um sjóðinn eru á www.rannis.is



Tækniþróunarsjóður ATVINNUEGA- OG NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ www.rannis.is

ÚTSAULA

BÍLTÆKI ÚTVÖRÞ
MAGNARAR PRÁÐLAUSIR SÍMAR
FERÐATÆKI MP3 SPILARAR
SJÓNVÖRÞ MYNDAVÉLAR
BILMAGNARAR
HÁTALARAR DVD SPILARAR
BÍLHÁTALARAR
HEYRNARTÓL

HLJÓMBORÐ
REIKNIVÉLAR

MEIRA EN 2000 VÖRUTEGUNDIR MEÐ ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI
ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR
OG ENGIN VÖRUGJÖLD!

ELDAVÉLAR ÍSSKÁPAR HÁFAR
FRYSTIKISTUR SAMLOKUGRILL RAKVÉLAR
UPPPVOTTAVÉLAR
HELLUBORÐ OFNAR
HRÆRIVÉLAR ÖRBYLGJUOFNAR
KAFFIVÉLAR BLANDARAR PURRKARAR
VÖFFLUJÁRN STRAUJÁRN
RYKSUGUR

NOKKUR VERÐÆMI

- Myndavélar frá 4.995 – allt að 71% afsláttur
- Lítill heimilistæki á ótrúlegum verðum frá 995 kr.
- Gríðarlegt úrval af heyrnartólum með allt að 60% afslætti
- Heimabíókerfi með allt að 50% afslætti
- Sjónvörp með allt að 500.000 kr. afslætti
- Tvöfaldir kæliskápar með allt að 200.000 kr. afslætti
- Spansuðu helluborð með allt að 130.000 kr. afslætti
- 42" Philips snjallsjónvörp frá 99.995 kr.
- 50" Philips sjónvörp frá 109.995 kr.
- Blu-ray spilarar frá 12.995 kr.
- Whirlpool uppvottavélar með allt að 50.000kr afslætti.
- Whirlpool 1400sn þvottavélar frá 59.995 kr.
- Yfir 100 gerðir af ísskápum á lækkuðu verði

**Sjá allt
úrvalið
á ht.is**

TAKMARKAÐ MAGN
Fyrstur kemur – fyrstur fær!

 **Heimilistæki**
www.ht.is

SUÐURLANDSBRAUT 26 - REYKJAVÍK - SÍMI 569 1500

CASIO Lenco NAD KENWOOD PHILIPS LG Panasonic DENON UNITED BEKO scan domestic
wilfa Melissa Ariete elna VESTFRÖST exDO MEDISANA Whirlpool DeLonghi DAEWOO

7 VERSLANIR UM LAND ALLT: AKRANES • AKUREYRI • HÚSAVÍK • EGILSSTAÐIR • SELFOSS • REYKJANESBÆR • REYKJAVÍK

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS



898
kr. 700g

Bónus súkkulaðikaka
(Mömmudraumur) m/sultu 700g



2998
kr. kg

Íslandsnaut Piparsteik



79
kr. 500ml

Thule léttöl 500 ml



998
kr. 200g

Gullfiskur; rifinn harðfiskur 200g



459
kr. 575g

10 meðalstór egg frá hænum í lausagöngu.
Vistvæn Bónus egg



129
kr. 2 ltr.

Bónus vatn 2 ltr.



2498
kr. 1.35 kg

Slátufélagið Blandaður súrmatur
í fötu 1,35 kg



1598
kr. kg

Íslandsgrís Beikon/Bacon



2998
kr. kg

Súr hvalur - Langreyður



98
kr. 500ml

Egils kristall sítrónu 500 ml



2959
kr. kg

Slátufélagið: Súrir hrútspungar



2198
kr. kg

Kosta Lambasviðasulta



598
kr. 100g

Norðanfiskur Hákarl 100g



698
kr. 2 ltr.

Emmess Skafis 2 litrar / 3 þrjár teg.



498
kr. 500g

Weetos 500 gr (350+150)

Verð í þessari auglýsingu:
gildir a.m.k. til 25 jan 2015



BONUS EKKERT BRUÐL

Verð í þessari auglýsingu:
gildir a.m.k. til 25 jan 2015

Afgreiðslutími í Bónus: Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00 •

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS



259
kr. kg

Sítrónur Spánn



198
kr. kg

Appelsínur Spánn



398
kr. 1 ltr.

Cawston Rauðrófusafi 1 ltr.



1979
kr. kg

Bónus Kjúlingabringur ferskar

759
kr. kg

Bónus Kjúlingur heill ferskur



398
kr. 125g

Bónus Lambhagablanda 125g



398
kr. 200g

Bónus Spínat 200g



998
kr. kg

Ali Spareribs / Tilbúin þarf aðeins að hita



198
kr. 4 stk.

Bónus Kringlur mjúkar nýbakað 4 stk



259
kr. 770g

Bónus Heilkornabrauð 770g



EPLI Í LAUSU
Gul, rauð og græn
245 kr.kg



BONUS EKKERT BRUÐL

Verð í þessari auglýsingu:
gildir a.m.k. til 25 jan 2015

Afgreiðslutími í Bónus: Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00 •

Konráð og félagar á ferð og flugi 131

Bragi Halldórsson

„Jæja þá, sudoku gáta,” sagði Kata glottandi. „Nú er ég orðin svo góð í að leysa sudoku að við skulum koma í kapp um hver verður fyrstur til að leysa hana,” bætti hún við. Konráð horfði á gátuna. „Allt í lagi,” sagði hann. „Til er ég.” Lísaloppa var líka góð í að leysa sudoku gátur svo hún var alveg til í keppni. „Við glímum öll við hana og þá kemur í ljós hversu klár þú ert orðin,” sagði hún. „Allt í lagi,” sagði Kata. „En ég vara ykkur við, ég er orðin mjög klár,” sagði hún montin.

Heldur þú að þú getir leyst þessa sudoku gátu hraðar en Kata?

2		5	1	6			9	
8		9				2		6
		7	2	5	9	3		1
	2	6	8		5			3
		1	6	9		5	4	
5	4				1	9		
	7			8	6	1		
			5		7		3	4
1	5		4	3			7	



Brandarar

Þjónninn: Jæja, í dag er ég með reyktu tungu, steikta lifur, nýru í kássu og grísalappir.

Gestur: Ég var ekki að spyrja um heilsufar þitt.

Af hverju fer Lúlli laukur alltaf í ljós?
Svo hann verði ekki hvítlaukur.

Hvað er líkt með fil og gíraffa?

Þeir eru báðir gulir, nema fillinn.

Hvað sagði mjói fiskurinn við feita fiskinn?
Fiskibolla.

Allir sem halda að þeir séu vitleysingar standi á fætur, sagði kennarinn við bekkinn. Eftir nokkra stund stóð einn nemandi hægt og rólega upp. **Heldurðu að þú sért vitleysingur?** spurði kennarinn. **Nei, alls ekki.** Mér fannst bara leiðinlegt að þú skyldir þurfa að standa þarna einn.

TEIKNAR ÞÚ FLOTTAR MYNDIR?

Sendu okkur myndina þína í pósti til Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík eða með tölvupósti á krakkar@frettabladid.is

Myndin



Agla Elín Davíðsdóttir níu ára

teiknaði þessa flottu mynd af stórborg og sendi okkur.

BRÁ ROSALEGA ÞEGAR APINN STÖKK Á MIG

Hekla Gauksdóttir sem verður átta ára eftir nokkra daga fór í draugahús í tívolí í fyrrasumar en þegar hún sá fyrsta skrímslið þorði hún ekki lengra.

Hvað heitir þú fullu nafni og hvað ertu gömul?

Ég heiti Stuðfríður Krúttmundína Hekla Gauksdóttir en er samt alltaf kölluð Hekla. Ég á afmæli eftir nokkra daga og þá verð ég 8 ára.

Í hvaða skóla ertu og hver er eftirlætisnámsgreinin þín? Ég er í Háteigsskóla í öðrum bekk og finnst skemmtilegast að læra stærðfræði og lestur.

Varst þú ekki í auglýsingu fyrir Ícelandair?

„Jú, mamma mín var að vinna í auglýsingunni og spurði mig hvort ég vildi vera með í myndatöku. Það var skemmtilegt að taka þátt í auglýsingu og það sem var dálítið skrítið var að ég þurfti að eiga þykjustuforeldra í myndatökunni.“

Hefur þú farið í flugvél? „Já ég hef farið til Svíþjóðar og Englands nokkrum sinnum.“

Hvenær fórstu síðast og hvað upplifðir þú þá? „Ég fór síðast til Englands um áramótin með mömmu minni að heim-sækja vinkonu hennar. Það var skemmtileg ferð og gistum við í fallegu húsi í sveitinni sem líktist helst kastala. Við fórum líka í lest til London og í bíó að sjá Paddington.“

Hver eru helstu áhugamálín þín? „Myndlist, fótbolti, skautar, dans, æfa á fiðlu og að fara í ferðalög.“

Hefur þú lent í einhverjum ævintýrum? „Síðasta sumar fór ég með pabba mínum til Svíþjóðar í alvöru dýragarð. Þá var api sem stökk á hausinn á mér og mér brá rosalega mikið. Svo fórum við í alvöru draugahús í tívolíinu en þegar ég sá fyrsta skrímslið þorði ég ekki lengra og fór út aftur.“

Hvernig finnst þér skemmtilegast að leika þér? „Mér finnst gaman að leika mér í leik sem heitir

10, 20 við krakkana í skólanum mínum og svo á ég líka bestu vinkonur sem heita Embla og Bríet og þegar ég hitti þær þá finnst okkur gaman að leika í mömmó, monster high, í iPad, lita og teikna og margt margt fleira.“

Hvað langar þig helst að verða þegar þú verður stór? „Myndlistarkona, vísindamaður, læknir, leikona, söngkona og bakari.“

„Það var skemmtilegt að taka þátt í auglýsingu og það sem var dálítið skrítið var að ég þurfti að eiga þykjustunni foreldra í myndatökunni.“

ORKUBOLTI
„Ég heiti Stuðfríður Krúttmundína Hekla Gauksdóttir en er samt alltaf kölluð Hekla,” segir Hekla.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



HARPA 6. OG 7. MARS

BLUBBI OG DIMMA

UPPSELT
6. MARS!



UPPSELT 6. MARS! VIÐ BÆTUM VIÐ ÖÐRUM TÓNLEIKUM

7. MARS Í HÖRPU

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA!

EINSTÖK STUND Í ROKKSÖGUNNI ÞAR SEM FLUTT VERÐA LÖGIN AF PLÖTUNUM GEISLAVIRKIR / UTANGARÐSMENN OG LILY MARLENE / DAS KAPITAL

prime

midis.is



MIÐASALA Á WWW.HARPA.IS OG WWW.MIDI.IS



KROSSGÁTA

LÁRÉTT

- Birtist fljót mubla (7)
- Ruslaryður sneiddi Berlínarbolur (6)
- Ásar fara um allan heim, alstaðar er þeirra veröld (8)
- Skrúð skelfingar vísar á flúraða (7)
- Eilíflega hef ég augu á þeim sem heitari eru (6)
- Gamalmennsalat finn ég í fjöru (9)
- Útbið óðagot einkennir skítugan (7)
- Óðagot er öllu betra í transa og trefjapípur (14)
- Svelti hræ í minni sveit (8)
- Furðuveröld í Fossvoginum (9)
- Mjólkurafurðir í fári (4)
- Ráða við að vera fús þegar mest gengur á (8)
- Sé aðalsmann æða í ákveðna limi (7)
- Óværa fláði eyðimörk (7)
- Svona hjallahrygg kölluðum við nú bara fólksbil í denn (8)
- Væri þetta enskt orð mætti þýða það sem fenjalist að hluta (7)
- Dælir sóló fyrir Steina (7)
- Pappírspungur geymir gott og hylur haus (8)
- Af kvíðaþrungnum á felgunni (10)
- Ræmdar mjög og raddsterkar (9)
- Löng er meðal annars tuddi, ætli hún eigi treyjur? (11)
- Róar hernaðarandstæðinga (10)
- Kvöldkjöll í kvöldsólarýrð (11)
- Gamlingjar! segir Erlingur og þenur kassann (10)
- Samstaða um ritað mál: Þetta er setning (11)

LÓÐRÉTT

- Bytta gáskafullra bjóra (9)
- Nagdyr, óþægindi og æðibunugangur tryggja að löggin er lítil (9)
- Kverk bundin við ótryggt (9)
- Með góðgæti og greiðu við jökulhrygg (6)
- Húkka þú og hafmeyjar (8)
- Hóa lágt í litla menn (8)
- Fjötra fant svo ei fær losnað (9)
- Ánægð með ílát og sund drekka friðarfull (9)
- Uppskriftin segir að ég unni tarfi, sem er auðvitað rugl (9)
- Ég mun nasa af fiflinu (7)
- Gömul tugga milli Hvítar og Þjósar í ofvexti veldur kvilla sem hindrar skriftir (15)
- Skannar forna rannsókn í rugli (7)
- Nota hól er ég hægi á afkomanda, og gasið hjálpar (9)
- Hef vitneskju um pílu í leynilegum leiðangri (9)
- Klæðaklæði er gott klæði í klæði (7)
- Fornar mílur og freyðandi höf (6)
- Rót rænu felst í góðum svefni (7)
- Setjum kraft í klúður og kálum því svo (7)
- Svakajakar byggja kuldaleg fjölbýlishús (9)
- Proska suðrænan sjúss fyrir þýskan ref (6)
- Hvíldi slegin eftir högginn frá Ólðu og Ægi (7)
- Hin talandi harpa hitti litaðan mann (7)
- Príf rúm stæði (6)
- Hegg tól í stein (6)
- Rakst í óheilt djásn (5)
- Snæða dýrting sem mundi klárast hvort eð er (5)
- Það er í lagi að þetta gerist – held ég (5)
- Mamma mia! söng pabbi Jesúsar (4)



Lausnarorð síðustu viku var STURLUNGAÖLD



VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið er úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafi eintak af bókinni **Treflarpjón** eftir Guðrúnu S. Magnúsdóttur frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Guðný Ragnarsdóttir**, Reykjavík.



LAUSNARORÐ

Ef bókstöfunum í skygðu reitunum er raðað rétt saman birtist barnagull. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 28. janúar næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „24. janúar“.

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Fréttablaðið er mest lesna dagblaðið með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðallestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Hafðu fjölpóstinn þinn inni í Fréttablaðinu. Það er áhrifarík leið til að koma skilaboðum um vöru eða þjónustu beint inn á heimilin.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448 eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

*Prentmiðlakönnun Capacent október–desember 2012 – höfuðborgarsvæði 25-54 ára

LAUSN MYNDAGÁTU FRÉTTABLAÐSINS 2014

(R)AUÐ LEG

Ð

(S)OKKAR

(K)ER

UNGA(R)

KYN

SLÓÐ Í N

GREIÐA

VERÐUR

GÖTU(R)

H

ENN Á R

S VO(T)

ORKA

OG

SKÖPUN Á R

M ÁTTUR

HALD

ÍS

TÍ

PESS

U

LANDI

ÝSA

Vinningshafi myndagátunnar er **Stefanía Björnsdóttir** úr Kópavogi. Vinningurinn er gjafakort fyrir tvo á sýninguna Dúkkheimili í Borgarleikhúsinu

Auðlegð okkar er unga kynslóðin greiða verður götu hennar svo orka og sköpunarmáttur haldist í þessu landi ísa

Borgarleikhúsið

**BÆTUM
VIÐ VÖRUM
DAGLEGA!**

STÓRA ÚTSALAN

Nú má skoða
útsöluvörurnar líka
á byggtogbuid.is

VARÐ ENN STÆRRI

**YFIR 1500 VÖRUR
Á MÖGNUM TILBOÐI!**

**20-70%
afsláttur!**

**KAFFIVÉLAR,
ELDHÚSÁHÖLD,
POTTAR OG PÖNNUR,
VÖFFLUJÁRN, BLANDARAR,
DISKAR OG GLÖS, HEILSUGRILL,
BORÐBÚNAÐUR, SAFAPRESSUR,
BÖKUNARVÖRUR, RYKSUGUR, SUMAR-
OG GRILLVÖRUR, BRAUÐRISTAR,
HRÆÐSUÐUKÖNNUR, ELDFÖST MÓT,
HITAKÖNNUR OG BRÚSAR,
BAÐVOGIR OG MARGT
FLEIRA!**

KOMDU OG GERÐU FRÁBÆR KAUP!

Höfum bætt við hundruðum af vörum á útsöluna!

Dæmi: Allar Rosenthal vörur á **20-50%** – Villeroy & Boch matarstell á **25%** - Waltherglas glervara **25%**
- Sambonet hnífapör **20%** - Valdar pönnur á **50%** - Garmin leiðsögutæki **20%** og margt fleira.

Nú má skoða
útsöluvörurnar líka
á byggtogbuid.is

byggtogbúid

KRINGLUNNI • SÍMI 568 9400 • BYGGTOGBUID.IS

Likaðu
við okkur á
Facebook:
www.facebook.com/byggtogbuid

✝

KRISTINN PÁLMASSON
mjólkurfræðingur

lést á krabbameinsdeild Landspítalans miðvikudaginn 21. janúar sl. Útför Kristins verður gerð frá Selfosskirkju föstudaginn 30. janúar kl. 15.00.



Salóme Þorbjörg Guðmundsdóttir

Gabriel Kristinsson	Björgvin R. Valentínsson
Rebekka Kristinsdóttir	
Alexander Örn Björgvinsson	
Sigþóra Magnúsdóttir	
Helgi Páll Pálmaðsson	Sólveig Á. Ísafoldardóttir
Guðný F. Pálmadóttir	Guðbrandur Bjarnason
Skjöldur Pálmaðsson	María Ragnarsdóttir
og aðrir aðstandendur.	

✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

ARNFRÍÐUR KRISTÍN ARNÓRSDÓTTIR
(FRÍÐA)

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði sunnudaginn 18. desember. Útför hennar fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju þriðjudaginn 27. janúar kl. 13.00.



Valgerður M. Guðmundsdóttir	Ásgeir Sumarliðason
Ólafur G. Guðmundsson	Ingibjörg Halldórsdóttir
Arnór Kr. Guðmundsson	Helga Jónsdóttir
Magnús Guðmundsson	Hrefna Halldórsdóttir
Guðmundur Guðmundsson	Bergrún Bjarnadóttir
Sigurborg M. Guðmundsdóttir	Jón Kristinn Jenson
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.	

✝

Útför ástkærs sonar míns, bróður okkar og mágs,

STEFÁNS ÞÓRS JÓNSSONAR
Hamraborg 34,
Kópavogi,

fer fram frá Seltjarnarneskirkju mánudaginn 26. janúar kl. 13.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþökkuð en þeim sem vildu minnst hans er bent á Von, styrktarfélag gjörgæsludeilda LSH í Fossvogi. Kt.: 490807-1010. Banki: 0513-26-3147.



Inge Löwner Valentínsson

Guðlaug Jónsdóttir	Arnór Valdimarsson
Elísabet Jónsdóttir	Grétar Arnason
Auðunn Jónsson	María Nielsdóttir
Einar Arnason	Karen Hilmarsdóttir

✝

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,

SIGMUNDUR MAGNÚS JÓNSSON
læknir,

fæddur 29. desember 1917 á Ingjaldshóli, Snæfellsnesi, lést á sjúkrahúsi í Springfield, Massachusetts, laugardaginn 10. janúar 2015. Útförin fer fram í Holyoke, Massachusetts, laugardaginn 24. janúar. Jarðsett verður að Ingjaldshóli á komandi sumri.



Ingveldur Jónsson Potter	Clifford Mark Potter
Arndís Edda Jónsson	Bergþór N. Bergþórsson
Gunnar B. Jónsson	
Ásthildur H. Jónsson	Bjarni Jónsson
Ómar G. Jónsson	Rannveig H. Hermannsdóttir
Tryggvi S. Jónsson	Jennifer H. Jónsson
og barnabörn.	

Útfararþjónusta í 20 ár

FYLGD



Hinrik Valsson Svanhildur Eiríksdóttir Gísli G. Guðmundsson

Vistvænar íslenskar kistur, krossar og duftker
Þjónusta allan sólarhringinn

Hinrik: Sími 892 0748 / Gísli: Sími 482 4300
www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekku 1, Kópavogi ÚTFARARÞJÓNUSTA SÍÐAN 1996

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST

Áratuga reynsla



Vaktsími:
581 3300 & 896 8242

www.utfarin.is
Allan sólarhringinn



Kristín Ingólfssdóttir

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

PETTA GERÐIST: 24. JANÚAR 1985

Jón Páll sterkasti maður heims

Jón Páll Sigmarsson vann keppnina um sterkasta mann heims þennan mánaðardag árið 1985. Keppnin fór fram í Mora í Svíþjóð og Jón hlaut 57 stig af 60 möguleikum. Mótið stóð yfir í tvo daga. Keppt var í átta greinum og af þeim sigraði Jón Páll í þremur þrátt fyrir meiðsl.

Meðal keppnisgreina var sleðadráttur þar sem keppendur ýttu eða drógu 400 kílóa sleða

um 80 metra vegalengd en í þeirri grein varð Jón Páll fyrir því óhappi að tagna í baki. Einnig áttu keppendur að lyfta stórum trjástofnum og hlaða 80 kílóa þungum ísmolum á vörubíl.

Jón Páll sagði í viðtali á eftir að hann drykki mikið lýsi, vaknaði á nóttunni og drykki það af stút með tóman belginn. Það smyrði vel alla liði og gæfi honum mikinn kraft.



Á REYNIVÖLLUM „Mér finnst það bara góð tilfinning að vera að láta af störfum,“ segir séra Gunnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Okkur mun ekki skorta áhugaverð viðfangsefni

Séra Gunnar Kristjánsson prófastur ætlaði upphaflega að vera skamman tíma á Reynivöllum í Kjós en árin þar eru að verða 37. Nú eru starfslok og flutningar í vændum.

„Mér finnst það bara ágæt tilfinning að vera að láta af embætti. Ég er búinn að þjóna lengi sem prestur og hef verið prófastur í 17 ár. Svo hef ég næg verkefni fram undan,“ segir séra Gunnar Kristjánsson, prófastur á Reynivöllum í Kjós. Hann átti sjöttugsafmæli síðastliðinn sunnudag og þeim tímamótum fylgja óhjákvæmilega breytingar fyrir mann í hans stöðu. Hann verður þó prestur áfram til vors en lætur af embætti prófests nú 1. febrúar. Biskup skipar í það embætti að fengnum uppástungum prestanna í prófestsdæminu. Það fyrirkomulag hefur verið við lýði frá upphafi siðbótartímans árið 1541, að sögn séra Gunnars.

Séra Þórhildur Ólafs hefur verið skipuð prófastur í Kjalarnessprófestsdæmi frá og með 1. febrúar. Hún er prestur í Hafnarfirði og telur Gunnar embættinu vel komið í hennar höndum.

Gunnar og kona hans, Anna Margrét Höskuldsdóttir kennari, hafa

búið á prestssetrinu að Reynivöllum í Kjós frá árinu 1978 en færa sig um set með vorinu. „Reynivöllur var eina prestakallið sem var laust þegar við komum frá Þýskalandi haustið 1978 að afloknu doktorsprófi mínu, við ætluðum að vera hér til að byrja með, kannski eitt til tvö ár eða svo, en höfum kunnað vel við okkur í Kjósinni,“ segir Gunnar og upplýsir að nú ætli þau að flytjast í þéttbýlið.

„Við erum ekki enn búin að ákveða hvar við setjumst að en verðum vonandi búin að því með vorinu, búslóðin verður hafin til klakks á fardögum,“ segir hann glaðlega.

Gunnar hefur alla tíð sinnt fræðistörfum, haldið erindi og fyrirlestra út eftir hann bókina Marteinn Lúther – svipmyndir úr siðbótarsögu. Skyldi hann hafa safnað verkefnum í sarpinn til að sinna þegar um hægist? „Já,“ viðurkennir hann.

„Meðal annars hef ég lengi haft í huga að sinna séra Matthíasi Joch-

„Við erum ekki enn búin að ákveða hvert en verðum vonandi búin að því með vorinu, búslóðin verður hafin til klakks á fardögum.“

umssyni svoltið betur en áður, því hann var merkilegur brautryðjandi í guðfræði, bókmenntum og menningarmálum almennt og hefur átt hug og hjarta þjóðarinnar alla tíð. Fyrir nokkrum árum kom út ítarleg og góð ævisaga en mér finnst komið að guðfræðingi að rekja hugmyndir hans og hugsjónir í guðfræði, trúarheimspeki og skáldskaparfræðum. Auk fræðimennskunnar munum við Anna halda áfram að sinna því sem við höfum gert, ferðalögum innan lands og utan, hestamennsku og gönguferðum og mun ekki skorta áhugaverð viðfangsefni.“

gun@frettabladid.is

✝

Elskuleg eiginkona, móðir, tengdamóðir og amma,

BJÖRG PÁLSDÓTTIR

lést á heimili sínu miðvikudaginn 14. janúar. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Þökkum starfsfólki heimahlyningar Landspítalans og heimahjúkrunar Hafnarfjarðar frábæra umönnun.



Guðjón Bjarnason

Bjarni S. Guðjónsson	Ancharin Pechmanee
Halldór S. Guðjónsson	Hrafnhildur Björnsdóttir
Guðjón Frans Halldórsson	
Björn Breki Halldórsson	

✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar elskulegrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

STEFANÍU JÓNSDÓTTUR
Neskaupstað.



Ari Sigurjónsson

Sigurjón Arason	Margrét Sigurðardóttir
Jóna Katrín Aradóttir	Benedikt Sigurjónsson
Ingibjörg Aradóttir	Sigurður Friðjónsson
Eysteinn Arason	María Ásmundsdóttir
Hilmar Már Arason	Katrín A. Magnúsdóttir
Pjetur St. Arason	barnabörn og barnabarnabörn.

MERKISATBURÐIR

1588 Stuðningsmenn Maximilíans 3. eru sigraðir af stuðningsmönnum Sigmundar Vasa í orrustunni við Byczyna í Póllandi.

1679 Karl 2. Englandskonungur leysir kavaleráþingið upp.

1802 Napoléon Bonaparte er kjörinn forseti ítalska lýðveldisins á Norður-Ítalíu.

1855 Kirkjan á Hvanneyri í Siglufirði fýkur af grunninum og hafnar á hliðinni í kirkjugarðinum.

1908 Fjórar konur eru kjörnar í bæjar-

stjórn í Reykjavík. Þetta er í fyrsta sinn sem konur hafa almennan kosningarétt í sveitarstjórnarkosningum.

1924 Rússneska borgin Sankti Pétursborg er nefnd Leníngrad.

1962 Brian Epstein tekur að sér umboð Bítlanna.

1984 Fyrsta Apple Macintosh-tölvun kemur í verslanir.

2008 Ólafur F. Magnússon tekur við embætti borgarstjóra Reykjavíkur.



Fögnum nýju ári með söngaríum og freyðivíni

Slegið verður á léttu strengi á nýársgleði sveitarinnar Elektra Ensemble á morgun, sunnudag, á Kjarvalsstöðum. Hallveig Rúnarsdóttir sópran syngur vinsæl lög og óperttuarúr.

„Við munum flytja efnisskrá sem höfðar til fjölbreytts hóps áheyranda og fagna nýju ári á eftir með freyðivíni, kaffi og meðdí,“ segir Ástríður Alda Sigurðardóttir píanóleikari. Hún er í sveitinni Elektra Ensemble sem verður með nýárs-tónleika á Kjarvalsstöðum á morgun, sunnudag klukkan 20. Ástríður Alda segir þá orðna að föstum lið í byrjun árs. „Þetta eru alltaf vinsælustu tónleikarnir okkar,“ segir hún glaðlega.

Hallveig Rúnarsdóttir sópran-söngkona syngur með sveitinni að þessu sinni. Hún mun flytja vinsæl lög og aríur úr óperettum og söngleikjum eftir Johann Strauss, Luigi Arditi, George Gershwin, Kurt Weill og Leonard Bernstein.

„Þetta er í fyrsta skipti sem Hallveig syngur með okkur, hún er alveg stórkostleg í þessu prógrammi og við unnum það í samstarfi við hana,“ segir Ástríður Alda og kveðst lofa góðum tónleikum.

Elektra Ensemble var útnefndur Tónlistarhópur Reykjavíkurborgar árið 2009 og gekk í kjölfarið til samstarfs við Listasafn Reykjavíkur um tónleikaröð á Kjarvalsstöðum. „Elektra er orðin leikskólabarn og er alveg að detta í að verða grunn-skólabarn,“ segir Ástríður Alda hlæjandi.

Tónleikarnir hefjast klukkan 20



SVEITIN Elektra er orðin leikskólabarn og er alveg að detta í að verða grunnskólabarn,“ segir Ástríður Alda sem er lengst til hægri á myndinni. MYND/SPRESSI

annað kvöld. Flytjendur ásamt Hallveigu og Ástríði Öldu eru Emilía Rós Sigfúsdóttir flautuleikari, Rúnar Óskarsson klarinettuleikari, Helga Þóra Björgvinsdóttir fiðluleikari og Margrét Árnadóttir sellóleikari. Almennt miðaverð er 2.500, en 2.000 krónur fyrir námsmenn, eldri borgara og öryrkja. gun@frettabladid.is

“Við munum flytja efnisskrá sem höfðar til fjölbreytts hóps áheyranda og fagna nýju ári á eftir með freyðivíni, kaffi og meðdí.”

Ástríður Alda Sigurðardóttir, píanóleikari

Bjarnakvöld í Reykholtskirkju

Bjarni Guðræðsson í Nesi rekur sögu tónlistar og hljóðfæra í Reykholtskirkju í Borgarfirði á þriðjudag. Hann starfaði þar lengi sem organisti og söngstjóri.

Löng og farsæl saga hljóðfæra og tónlistar í Reykholtskirkju í Borgarnesi verður rakin í fyrirlestri sem Bjarni Guðræðsson heldur í Reykholtskirkju á þriðjudagskvöld og hefst klukkan 20.30.

Bjarni starfaði lengi sem organisti og söngstjóri í kirkjunni, auk þess að starfa ötulllega að uppbyggingu í Reykholti síðustu áratugi. Þar ber hæst bygging Reykholtskirkju-Snorrastofu sem fært hefur staðnum virðuleik og reyn og verið viðspyrna á tímum erfiðra breytinga eftir að skólahaldi lauk í Reykholtsskóla.

Bjarni er dóttursonur Bjarna Bjarnasonar á Skáney (1884-1979), sem gerði garðinn frægan við orgel-

→ Bjarni er dóttursonur Bjarna Bjarnasonar á Skáney (1884-1979), sem gerði garðinn frægan við orgelleik og söngstjórn.

leik og söngstjórn. Því starfi sinnti hann í Reykholtskirkju og víðar um Borgarfjarðarhérað frá unga aldri fram undir níuætt.

Þess má vænta að afkomandi hans, Bjarni í Nesi, hafi frá ýmsu að segja.

Á dögunum varð Bjarni átræður og af því tilefni bjóða Snorrastofa og Reykholtskirkja gestum á Bjarnakvöldi til kaffiveitinga í safnaðar- og sýningar-sal Reykholtskirkju-Snorrastofu. - gun



SÖNGSTJÓRINN Bjarni Guðræðsson hefur ugglaustr frá ýmsu að segja.

Okkar ástkæri eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,
PORSTEINN EGILSSON
fyrirverandi aðalendurskoðandi
Landsbanka Íslands,
Fróðengi 9, Reykjavík,
áður til heimilis að Stóragarði 28,
Reykjavík,

verður jarðsungið frá Grafarvogskirkju föstudaginn 30. janúar klukkan 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnst hans er bent á Hollvíni Grensásdeildar.

Sigurðis Alda Jónsdóttir
Helga Þorsteinsdóttir
Egill Þorsteinsson
Perla Ösp Ásgeirsdóttir
Þorsteinn Ýmir Ásgeirsson
Agathe Egilsdóttir Burlin
Árora Glóð Sverrisdóttir

Ásgeir Ásgeirsson
Béatrice Burlin
Sverrir Arnar Baldursson
Álfheiður Sigmarsdóttir
Stella Egilsdóttir Burlin
Aþena Ósk Sverrisdóttir

†
Elskuleg móðir okkar,
tengdamóðir og amma,
PETREA KRISTÍN LÍNDAL
KARLSDÓTTIR
Suðurgötu 43, Akranesi,

andaðist 20. janúar á Sjúkrahúsi Akraness. Útförin fer fram frá Akranes Kirkju miðvikudaginn 28. janúar kl. 14.

Emilía Línal Gísladóttir
Kristrún Línal Gísladóttir
Lilja Línal Gísladóttir

Þjóðbjörn Hannesson
Hjörtur Mátur Sveinsson
og fjölskyldur.

†
BERGUR ÞORVALDSSON
frá Holti á Barðaströnd

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði þann 21. desember 2014. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

Fyrir hönd ættingja og vina,
Halldór Ó. Bergsson og Lilja S. Mósesdóttir

†
Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar elskulegs eiginmanns míns, föður, tengdafaðir, afa og langafa,
TRYGGVA ÞÓRHALLSSONAR
rafverktaka,
Ystabæ 13.

Þeim sem vildu minnst Tryggva er bent á MND félagið.

Kristín Ólöf Björgvinsdóttir
Helga Lilja Tryggvadóttir
Magnús Björgvin Tryggvason
Þórhallur Tryggvason
Hanna Tryggvadóttir

Sigurjón Magnússon
Elsa María Alexandrè
Þórhalla Guðmundsdóttir
Torfi Vestmann
barnabörn og barnabarnabörn.

†
Eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir, afi og bróðir,
JÓN ÞÓR JÓNSSON
Álfhólsvegi 32,

lést á líknardeild Landspítalans 21. janúar. Útför hans verður auglýst síðar.

Guðmundur Ingi Guðnason
Þórir E. Jónsson
Hörður Jónsson Oddfríðarson
Margrét Ásta Jónsdóttir
Jón Benjamín Jónsson

Marianne B. Jonsson
Guðrún Björk Birgisdóttir
Sigurður Finnur Kristjánsson
Andrea Þ. Guðnadóttir
barnabörn og systkini hins látna.

†
Móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langlangamma,
BJARGHILDUR SIGURDARDÓTTIR
áður til heimilis
í Kelduskógum 1, Egilsstöðum,

sem andaðist á Hrafnistu í Reykjavík þriðjudaginn 13. janúar verður jarðsungið frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 28. janúar kl. 13.00.

Gerður, Sigurður, Björn, Bergljót, Ingibjörg og Guðný Arabörn og fjölskyldur.

†
Ástkær faðir okkar, fósturfaðir og afi,
LEÓ ÞÓRHALLSSON
fæddur 1938,

lést að kvöldi 20. janúar á Hjúkrunarheimilinu Fellsenda í Dalabyggð. Útför hans mun fara fram í kyrrþey. Þökkum auðsýnda samúð.

Marta Leósdóttir
Þórhallur Leósson
Bjartmar Leósson
Bjarni Tómasson
og Sanna Magdalena Mörtudóttir

†
Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, vináttu og hlýhug við andlát og útför föður okkar, tengdafaðir, afa og langafa,
GUÐMUNDAR GUNNARSSONAR
frá Steinsstöðum,
Espigrund 9, Akranesi.

Sérstakar þakkir sendum við starfsfólki lyflækningadeilda Heilbrigðisstofnunar Vesturlands á Akranesi fyrir hlýlegt viðmót og góða umönnun.

Guðriður Guðmundsdóttir
Gunnar Guðmundsson

Þórir Bergmundsson
Sesselja Ingimundardóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



NÝTT!

KL. 19:45

Ísland Got Talent

Glæsilegur íslenskur sjónvarpsþáttur þar sem leitað er að hæfileikaríkustu einstaklingum landsins.

Meiriháttar sunnudagur



KL. 19:10

Sjálfstætt fólk

Einn flottasti þáttur vetrarins þar sem fjallað er um Þorstein Baldur Friðriksson, forstjóra og stofnanda Plain Vanilla tölvufyrirtækisins sem sló í gegn með smáforritið QuizUp sem hefur sigrað heiminn svo um munar með um 30 milljón notendum. Sagan öll í þessum þætti.

KL. 20:45

Rizzoli & Isles

Jane Rizzoli og réttarlæknirinn Maura Isles eru afar ólíkar en góðar vinkonur sem leysa glæpi Bostonborgar í sameiningu.



KL. 21:30

Broadchurch

Önnur þáttaröðin af þessum mögnuðu spennuþáttum þar sem fylgst er með störfum rannsóknarlögreglufulltrúanna Alec og Ellie.



KL. 22:00

The Normal Heart

Áhrifamikil mynd um ungan mann sem reynir að vekja athygli á AIDS og hættum þess. Í aðalhlutverkum eru, Alec Baldwin og Julia Roberts.



SUDOKU

									7
7		3	6		2				4
	2		5		9				3
6	3	2	8					4	5
		1	4	6			8	7	
	8				5				
	4	6	3			7			9
			9	4	1				
5									

LÉTT

9	2		7			4			
		3	6			1			
				2		9	7		
					6				
2		8					3		
	9		3	7		2		1	
7	1		5					4	
5	8				4		1		
6	4	9							5

MIDLUNGS

1	4								
			9		3				8
			8				2	6	
			2		5			3	
				1	2	9			
7								8	
5	1	3						6	
6			1	5	8				
9			4						

PUNG

5	9	2	3	6	8	4	7	1	
6	8	3	1	7	4	5	9	2	
1	4	7	2	5	9	6	8	3	
4	1	9	5	8	6	2	3	7	
2	3	6	4	1	7	9	5	8	
7	5	8	9	2	3	1	6	4	
8	7	4	6	9	2	3	1	5	
9	2	1	7	3	5	8	4	6	
3	6	5	8	4	1	7	2	9	

LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU

Prautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Myndasögur

PONDUS

Eftir Frode Øverli



GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



BARNALÁN

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



SPAKMÆLI DAGSINS

„Það er áhættusamt að stofna til fjölskyldu vegna þess að því meiri sem ástin er því meiri verður sorgin ... þannig gerast kaupin á eyrinni. En ég tek þessu öllu.“

Brad Pitt.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

KROSSGÁTA

LÁRÉTT
2. hreinsiefni, 6. í röð, 8. gogg, 9. Lærir, 11. í röð, 12. smáu, 14. rófa, 16. karlkyn, 17. af, 18. drulla, 20. persónufornafn, 21. fullnægja.

LÓÐRÉTT
1. sleipur, 3. Utan, 4. ávaxtatré, 5. þakbrún, 7. gramur, 10. stykki, 13. mærd, 15. rótartauga, 16. kóf, 19. kyrrð.

LAUSN

16. kaf, 19. ró. 1. úfs, 2. beiskur, 10. stik, 13. íof, 15. tæga, 17. íf, 18. aur, 20. ég, 21. frða. LÓÐRÉTT: 1. háll, 3. án, 4. þerutré, 5. LÁRÉTT: 2. sápu, 6. áb, 8. nef, 9. les, 11. rs, 12. lítlu, 14. skott, 16. kk, 17. LÁRÉTT: 2. sápu, 6. áb, 8. nef, 9. les,

SKÁK

Gunnar Björnsson

Ágúst Sindri Karlsson (2281), Skákdeild Hauka, hafði hvítt gegn Sören Bech Hansen (2260), Skákdeild KR, á Íslandsmóti skákfélaga.

Hvítur á leik



25. Hxe6! Dxe6 26. Hc7+ Kh8 27. Hxb7 Had8 28. Dc3+ Df6 29. Dc7! og svartur gafst upp. Jón Þór Bergþórs-son er í Skákdeild KR en ekki í Taflfélagi Garðabæjar eins og fram kom ranglega í skákdálinum í fyrradag. www.skak.is Próstur er efstur á Gestamóti Hugins.



Beltone **First**[™]



Ókeypis
heyrnarmæling
síðan 2004

Snjallara heyrnartæki

Nýja Beltone **First**[™] heyrnartækið tengist þráðlaust beint í **iPhone**, **iPad** og **iPod touch**.
Komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánað til reynslu.

Framleitt fyrir
iPod iPhone iPad

Kringlunni • Sími 568 7777 • heyrnarstodin.is

HEYRNARSTÖÐIN



MENNING

Verkefnastyrkir

Nefnd um 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna 2015 auglýsir styrki til verkefna árið 2015. Verkefnin þurfa að tengjast meginilgangi nefndarinnar, sem er:

- að minnast afmælisins
- að auka jafnréttis- og lýðræðisvitund þjóðarinnar
- að blása til nýrrar sóknar í jafnréttis- og mannréttindamálum

Við það skal miðað að styrkirnir verði ekki til þess að lækka önnur opinber framlög við verkefni eða draga úr stuðningi annarra við þau. Þetta er síðari úthlutun.

Umsóknir þurfa að berast fyrir **15. febrúar** til að hljóta afgreiðslu. Umsóknareyðublöð fást rafrænt á vefsíðu afmælisnefndarinnar, www.kosningarettur100ara.is frá og með 1. febrúar nk.

Frekari upplýsingar veitir Ásta R. Jóhannesdóttir, framkvæmdastjóri nefndarinnar í síma: 5630100 á skrifstofutíma, póstfang: arj@kosningarettur100ara.is

100 ÁRA | KOSNINGARÉTTUR KVENNA Á ÍSLANDI



SAMRÝMDAR SYSTUR „Þótt við séum ólíkar þá förum við í sama takt þegar við erum að mála.“

FRETTABLAÐID/GVA

Lífið er kraftaverk

Hættuleg veikindi urðu systrunum Söru og Svanhildi Vilbergsdætrum innblástur að myndlistarsýningunni Stund milli stríða sem verður opnuð í dag í Gerðubergi.

„Við systurnar lentum í hremmingum með stuttu millibili. Svanhildur fékk krabbamein og fór í uppskurð og geislameðferð árið 2009 og ég í hjartastopp árið 2012, dó og var endurlífuguð. Á milli þessara áfalla förum við til Tenerife, sem má segja að hafi verið eins konar stund milli stríða.“

Á sýningunni eru málverk sem eru innblásin af þeirri ferð og þar má sjá okkur ásamt fleiri persónum úr listasögunni á sólarströnd að njóta augnabliksins,“ segir Svanhildur Vilbergsdóttir myndlistar-

kona sem í dag opnar sýningu í Gerðubergi með systur sinni Söru.

Þær systur vinna náið saman í myndlistinni. „Við vinnum allar myndirnar í sameiningu frá A til Ö og þótt við séum ólíkar förum við í sama takt þegar við erum að mála.“

Þrátt fyrir að dramatíkin fái að vera með á þessari sýningu er fókusinn ekki síður á bjartari hliðar tilverunnar. „Lífið er kraftaverk og við ætlum að reyna að njóta þess eins og við best getum,“ segir Sara. Meira um þær systur á duosisters.com.

gun@frettabladid.is



EIN MYNDANNA Sólarströnd og gleði.

Hryllingur á sinfóníutónleikum

TÓNLIST ★★★★★

Verk eftir Richard Strauss og Jean Sibelius

Sinfóníuhljómsveit Íslands
Hörpu fimmtudaginn 22. janúar

STJÓRNANDI: PETRI SAKARI
EINSÖNGVARAR: ÞÓRA EINARSDÓTTIR OG JORMA HYNNINEN
EINNIG KOMU FRAM KARLAKÓRINN FÓSTBRÆÐUR OG KARLAKÓR REYKJAVÍKUR

Tónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands á fimmtudagskvöldið voru hryllilegir. Þó var ekkert að flutningnum. Nei, hryllingurinn réð ríkjum í sjálfri tónlistinni.

Tvö tónaljód voru á dagskránni, Macbeth eftir Richard Strauss og Kullervo eftir Jean Sibelius. Fyrir þá sem ekki vita er tónaljód verk þar sem fjallað er um eitthvert ákveðið efni. Það er ólíkt sönötu eða sinfóníu sem eru oftast meira afstrakt. Hér var tónlistin annars vegar um hinn valdagraðuga hershöfðingja Macbeth, sem verður að ofsóknarbrjál-uðum og blóðþyrstum konungi. Hins vegar var sögð saga um ógæfusaman náunga, Kullervo að nafni, sem nauðgar konu og kemst svo að því að hún er systir hans. Hann fremur sjálfsmorð nokkru síðar og hún líka.

Þessi drungalega dagskrá var nánast eins og timburmenn eftir Vínartónleikana skömmu áður. Í þeirri veröld er fólk alltaf í vímu yfir því hve lífið er rómantískt, fyndið og dásamlegt. Menn taka dansspor af minnsta tilefni. Samt voru tónleikarnir núna ekkert leiðinlegir, öðru nær.

Macbeth eftir Strauss er mögnuð



STJÓRNANDINN „Tónlistin streymir í gegnum hann og egóíð er ekkert að þvælast fyrir,“ segir Jónas Sen um Petri Sakari.

tónlist. Framvindan í henni kemur stöðugt á óvart, krafturinn í frásögninni er gífurlegur. Petri Sakari stjórnaði hljómsveitinni, sá hinn sami og var aðalstjórnandi hennar um árabíl. Hann hefur nokkuð látlausan stjórnunarstíl. Tónlistin streymir í gegnum um hann og egóíð er ekkert að þvælast fyrir. Fyrir bragðið verður músíkin ennþá magnaðri, hún fær að njóta sín alveg óheft. Enda kom Macbeth gríðarlega vel út á tónleikumunum. Hljómsveitin spilaði af yfirburðum, málmblásararnir voru glæsilegir og strengirnir þykkir. Stígandinn í túlkuninni var sérlega flott byggð upp. Endirinn var afar áhrifamikill.

Hitt verk dagskrárinnar, Kullervo, var eftir Sibelius eins og áður segir. Innblásturinn sótti hann í Kalevala-sagnabálkinn, sem er eins konar Edda Finnlands. Kullervo er ekki eins skemmtilegt og Macbeth; vissulega eru þar hrifandi kaflar en það er dálítið langt á milli þeirra. Þessir löngu hlutar eru býsna sundurlausir og ómarkvissir. Sibelius sjálfur var ekki heldur ánægður með tónsmíðina. Eftir að hafa stjórnað henni nokkrum sinnum harðbannaði hann flutning á henni. Það var ekki fyrir en eftir dauða hans að hún fór að hljóma á ný.

Kullervo er ekki bara fyrir hljómsveit, heldur einnig risastóran karlakór og tvo einsöngvara. Kórinn er í hlutverki sögumannsins, en einsöngvararnir leika Kullervo sjálfan og systur hans. Hér samanstóð kórinn af Fóstbræðrum og Karlakór Reykjavíkur. Einsöngvararnir voru Þóra Einarsdóttir sópran og Jorma Hynninen bassarítón. Flutningurinn var glæsilegur. Kórinn var svo glimrandi að maður fékk gæsaá. Hljómsveitin var líka þétt og örugg á sínu og einsöngvararnir voru frábærir. Raddir Hynninen og Þóru voru tærar og kraftmiklar. Söngstíllinn var eins dramatískur og hlutverkin kröfðust. Þrátt fyrir gallaða tónlist var því ekki annað hægt en að hrífast með.

Jónas Sen

NIÐURSTADA: Glæstur flutningur á verkum eftir Strauss og Sibelius, hljómsveitin var fantagöð, kórinn yfirgengilegur, einsöngvararnir framúrskarandi.

KOGAN
ACADEMY
OF
DRAMATIC
ARTS

Apply now for the BA (Hons)
in Acting course in London

Acting auditions in Reykjavik
14 Mars 2015

email info@scienceofacting.com
for more information



www.scienceofacting.com
+44 (0) 20 72720027

BAC FINANCIAL
Finances available through LÍN

Ábendingahnappinn má
finna á www.barnaheill.is



SAFT



NÓATÚN

Við gerum meira fyrir þig

Súrmeti - Nýmeti - Ljúfmeti

Þjóðlegt
á borranum

Þorra-
veisla



Þorrinn er kominn í verslanir Nóatúns

Við gerum tilboð fyrir stærri þorrablót (40 manns eða fleiri) pantaðu á www.noatun.is

Egils Pilsner,
0,5l

99 kr./stk.
~~118~~ kr./stk.



Ungnautalund
frá Nýja Sjálandi

3999 kr./kg
~~6222~~ kr./kg



Lambahryggur

1999 kr./kg
~~2384~~ kr./kg



Ungnauta-
hamborgari, 90 g

169 kr./stk.



Fjölskyldu-
þorrabakki

3199 kr./bakkinn
~~3598~~ kr./kg



Súrir
hrútsþungar

2699 kr./kg



Ora
þorrasíld, 580 g

680 kr./stk.

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/edá myndabrengl.

Opið til
miðnættis
alla daga

8·24

NÓATÚN

Hamraborg - Nóatún 17 - Austurvegur - Grafarholt

Öll verkin á sýningunni smáverk

Pétur Arason og Ragna Róbertsdóttir sýna verk úr safni sínu á sýningunni < alin I.

Í dag verður listaverkasýningin < alin I opnuð í Safni, samtímalistasafni að Bergstaðastræti 52. Þar sýna Pétur Arason kaupmaður og Ragna Róbertsdóttir myndlistarmaður verk í sinni eigu.

Öll verkin á sýningunni eru undir einni alin (48 cm) að stærð og eru valin úr fjölda listaverka í safneign þeirra, sem telur um tvö þúsund verk. Verkin hafa þau kallað smáverk og hefur þau lengi langað til að ganga út frá stærð sem útgangspunkti sýningar. Það tengist þó enn

fremur því að í safneign þeirra eru mörg verk sem fjalla um mælieiningar tíma, rýmis og rúms og eru hugsuð í samtali við rýmið sem þau eru staðsett í. Því þótti áhugavert að líta á og leika með smáverkin á sýningunni og kanna, með nokkuð þéttu upphengi, hvers konar og hversu mikið rými þau skapa, og þurfa.

Pétur og Ragna ráku áður sýningarrýmið Önnur hæð, ásamt Ingólfi Arnarssyni myndlistarmanni í fimm ár. Árið 2003 opnuðu þau Safn, samtímalistasafn, þar var

sýndur stór hluti myndlistarsafns þeirra, auk sýninga bæði íslenskra og erlendra listamanna. Árið 2014 opnuðu þau tvö sýningarými; að Bergstaðastræti 52 og að Lewet-zowstrasse 16 í Berlín og bjóða þau gestum að upplifa valin verk úr safneign sinni á báðum stöðum.

Á sýningunni má finna verk eftir um 70 listamenn, sem eiga það sameiginlegt að tengjast Pétri og Rögnu sterkum kollega- og vinaböndum. Sýningarstjóri er Birta Guðjónsdóttir.

- asi



SAFN Pétur Arason stillir sér upp fyrir utan samtímalistasafnið Safn.

Nýsköpunarsjóður námsmanna
Sumarvinna við
sjálfstæðar rannsóknir

Umsóknarfrestur er til 4. mars kl. 16:00

Markmið sjóðsins er að gefa háskólum, rannsóknarstofnunum og fyrirtækjum tækifæri til að ráða háskólanema í grunn- og meistaranámi í sumarvinnu við rannsóknar- og þróunarverkefni.

- Styrkir verða veittir til rannsóknar- og þróunarverkefna sem líkleg þykja til að stuðla að nýsköpun og auknum tengslum háskóla, stofnana og fyrirtækja
- Umsóknir um styrki eru metnar með hliðsjón af möguleikum til hagnýtingar í atvinnulífi og nýnæmi fyrir þekkingu í viðkomandi fræðigrein
- Verkefni skulu leyst af hendi með sjálfstæðri og faglegri vinnu námsmanns undir leiðsögn ábyrgðarmanna
- Styrkir eru ekki veittir til lokaverkefna námsmanna
- Úthlutun mun liggja fyrir í apríl 2015

Hverjir geta sótt um?

- Háskólanemar í grunn- og meistaranámi
- Sérfræðingar innan fyrirtækja, stofnana og háskóla sem óska að ráða háskólanema í sumarvinnu við rannsóknir

Umsóknir eru rafrænar og skal sækja um á www.rannis.is.

Þar er jafnframt að finna reglur og leiðbeiningar varðandi sjóðinn.

Nánari upplýsingar veitir Hulda Proppé, hulda.proppe@rannis.is, sími 515 5825.



NÝSKÖPUNARSJÓÐUR
NÁMSMANNA



HNÓTSKÓUR grafík hönnun

LAUGARDAGUR



HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

24. JANÚAR 2015

Tónleikar

22.00 Andrea Gylfa og Bíóbandið halda tónleika á Café Rosenberg í kvöld. Miðaverð 2.000 krónur.

22.00 Indie rokk sveitin Rythmatik á Dillon í kvöld.

22.30 Stuðæfingar og veisluhald á Gauknum. Fram koma Hellvar, Börn, Saktmóðigur og Hemúllinn. Húsið opnað 22.00 og aðgangur ókeypis.

23.00 Hljómsveitin Bláfugl og Hljómsveit Ingvars Grétarssonar skemmta á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8. Aðgangur ókeypis.

23.00 Gus Gus tónleikar í Gamla bíói í kvöld. DJ Yamahó hitar mannskapinn upp. Húsið opnar klukkan 22.00. Miðasala á Midi.is og miðaverð 5.900 krónur.

Opnanir

18.00 Opnun sýningarinnar < alin I í kvöld í Safn Reykjavík. Sýnd verða valin smáverk í eigu Péturs Arasonar og Rögnu Róbertsdóttur, Bergstaðastræti 52. Sýningarstjóri er Birta Guðjónsdóttir.

20.00 Opnun internet ljóðgallerísins 2015ergildra í Ekkisens, Bergstaðastræti 25B. Ljóðaupplestur og léttar veigar.

Uppákomur

14.00 Skapandi samverustund fyrir fjölskyldur í Gerðarsafni í dag undir handleiðslu Guðrúnar Benónýsdóttur, myndlistarmanns.

Tónlist

21.00 DJ Egill Cali þeytir skífum á Prikinu í kvöld.

22.00 DJ MAD HOUSE þeytir skífum á Bravó í kvöld.

22.00 Árslistakvöld dansþáttarins Party Zone á Kaffibarnum í kvöld. KIASMOS, HOUSEKELL ásamt gestum. Einnig verður hinn árlegi Dansannáll og árslisti

verður fluttur á Xinu 97,7 í löngum og veglegum þætti sem hefst klukkan átta.



SAFT

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



Spinnur lágstemmda tóna

Tónlistarkonan Kristín Anna Valtýsdóttir, eða Kría Brekkan, heldur tónleika á Húrra.

Tónlistarkonan Kristín Anna Valtýsdóttir, eða Kría Brekkan, heldur tónleika á Húrra á sunnudagskvöld. Kristín var áður meðlimur hljómsveitarinnar Múm og var harmóníkuleikari stórsveitar Nix Noltes, á meðan hún var og hét. Árið 2006 bað víóluleikarinn Eyvind Kang hana að spila píanótónlist sína á The Stone í New York og alla tíð síðan hefur hún fengist við tónlistarsköpun og -gjörninga undir listamannsnafninu Kría Brekkan. Hún hefur samið tónlist fyrir skúlptúra, útvarp, leikhús og kvikmyndir og komið fram í verkum ýmissa listamanna, svo sem Shoplifter, Guy Maddin og Ragnars Kjartanssonar. Á tónleikunum ætlar hún að spinna lágstemmda tóna með ýmsum hljóðfærum.



SPINNUR TÓNA Kría Brekkan heldur lágstemmda tónleika á sunnudag.

SUNNUDAGUR

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

25. JANÚAR 2015

Tónleikar

17.00 Barbörurkórinn heldur tónleika í Hafnarfjarðarkirkju í tilefni aldarafmælis hennar. Miðaverð 1.500 krónur.

20.00 Nýársgleði tónleikahópsins Elektra Ensemble ásamt sópransöngkonunni Hallveigu Rúnarsdóttur á Kjarvalsstöðum. Miðaverð 2.500 krónur

21.30 Kría Brekkan á Húrra í kvöld.

Opnanir

14.00 Sýningin Petta vilja börnin sjá opnuð í Borgarbókasafninu, Menningarhúsi Gerðubergi.

Síðustu forvöð

11.00 Síðustu forvöð að sjá sýningar Sirru Sigrúnar Sigurðardóttur, Flatland, og austurríska listamannsins Gunters Damisch, Veraldir og vegir, í Hafnarhúsinu.

Uppákomur

13.00 Koddur að leika LEIKLIST! á heimilislegum sunnudögum á Kexi Hosteli. Umsjónarmenn eru Agnar Jón Egilsson, leikstjóri og stofnandi Leynileikhússins, og María Heba Porkelsdóttir, leikkona og leiklistarkennari. Allir velkomnir og aðgangseyrir enginn.

Dansleikir

20.00 Dansað verður í Félagshemili eldri borgara í Reykjavík í Stangarhyl 4. Hljómsveit hússins leikur fyrir dansi. Aðgangseyrir er 2.000 krónur en 1.600 krónur gegn framvísun félagsskráteis.

Tónlist

21.00 DJ Krystal Carma þeytir skífum á Kaffibarnum í kvöld.

Leiðsögn

15.00 Ólöf K. Sigurðardóttir forstöðumaður Hafnarborgar leiðir fólk um sýninguna Neisti sem nú stendur yfir í Sverrissal safnsins. Á sýningunni eru verk eftir Hönnu Davíðsson.

15.00 Stefán Bogi Stefánsson gullsmiður verður með leiðsögn í Hönnunarsafni Íslands í dag á síðasta sýningardegnum sýningarinnar PRÝÐI.

Listamannspjall

15.00 Birgir Snæbjörn Birgisson, Kristín Reynisdóttir og Þorbjörg Þorvaldsdóttir ræða við gesti um verk sín á sýningunni A posteriori: Hús, höggmynd sem nú stendur yfir í Ásmundarsafni.

15.00 Einar Hákonarson og Ingiberg Magnússon ræða við gesti um sýninguna Púls tímans, yfirlitssýningu á verkum Einars sem nú stendur yfir á Kjarvalsstöðum.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is

Hjálp mín kemur frá Drottni, skapara himins og jarðar.



ÁRSKORT Á 37.990.- Í LÍKAMSRÆKT OG SUND

SÍÐASTI TILBOÐS DAGUR ER 26 JAN







Sundlaug Kópavogs / sími 570 0470
Íþróttamiðstöð Versalir / sími 570 0480
www.gymheilsa.is

Fasteignagjöld 2015



Borgarstjórnin í Reykjavík, 24. janúar 2015.

Álagningarseðlar fasteignagjalda í Reykjavík 2015 verða sendir til íbúa á næstu dögum. Fasteignagjöldin verða innheimt í gegnum heimabanka þar sem jafnframt er hægt að prenta út greiðsluseðil. Greiðsluseðlar verða ekki sendir út en hægt er að óska eftir heimsendum greiðsluseðlum á mínum síðum á www.reykjavik.is eða í gegnum þjónustuver Reykjavíkurborgar í síma 411 1111.

Fjármálaskrifstofa Reykjavíkurborgar annast álagningu og innheimtu á fasteignaskatti, lóðaleigu og sorphirðugjaldi.

Peir sem fengu lækkun á fasteignaskatti og fráveitugjaldi á liðnu ári, fá einnig lækkun á árinu 2015. Við álagningu fasteignagjalda nú í janúar verður afsláttur elli- og örorkulífeyrisþega til bráðabirgða miðaður við tekjur ársins 2013. Þegar álagning vegna tekna ársins 2014 liggur fyrir næsta haust, verður afslátturinn endanlega ákvarðaður og verða þá allar breytingar tilkynntar bréflaga.

Fjármálaskrifstofa Reykjavíkurborgar framkvæmir breytingar á fasteignaskatti og fráveitugjaldi elli- og örorkulífeyrisþega og þarf því ekki að sækja sérstaklega um lækkun eða niðurfellingu þessara gjalda.

Skilyrði lækkunar eru að viðkomandi elli- eða örorkulífeyrisþegi eigi lögheimili í Reykjavík og sé þinglýstur eigandi viðkomandi fasteignar og/eða geti átt rétt á vaxtabótum vegna hennar skv. B-lið 68. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt og eignaskatt.

Einungis er veitt lækkun vegna íbúðarhúsnæðis til eigin nota.

Borgarráð hefur ákveðið að tekjumörk elli- og örorkulífeyrisþega vegna niðurfellingar/lækkunar fasteignaskatts á árinu 2015 verði eftirfarandi:

100% lækkun:	Einstaklingar með tekjur allt að 2.750.000 kr. Hjón með tekjur allt að 3.830.000 kr.
80% lækkun:	Einstaklingar með tekjur á bilinu 2.750.000 til 3.150.000 kr. Hjón með tekjur á bilinu 3.830.000 til 4.270.000 kr.
50% lækkun:	Einstaklingar með tekjur á bilinu 3.150.000 til 3.670.000 kr. Hjón með tekjur á bilinu 4.270.000 til 5.100.000 kr.

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14, veitir allar upplýsingar varðandi álagningu og breytingar á gjaldi fyrir meðhöndlun úrgangs í síma 411 1111. Einnig má leita upplýsinga með tölvupósti á netfangið sorphirda@reykjavik.is.

Orkuveita Reykjavíkur, Bæjarhálsi 1, annast álagningu og innheimtu vatnsgjalds og fráveitugjalds og veitir upplýsingar í síma 516 6000. Einnig má leita upplýsinga með tölvupósti á netfangið or@or.is.

Fjármálaskrifstofa Reykjavíkurborgar, Höfðatorgi, Borgartúni 12-14, veitir upplýsingar varðandi álagningu fasteignaskatts og lóðarleigu og breytingar á þeim í síma 411 1111. Einnig má leita upplýsinga með tölvupósti á netfangið fasteignagjold@reykjavik.is.

Hægt er að leita upplýsinga um ofangreind atriði á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is



Reykjavíkurborg

www.reykjavik.is

Brandararnir fá fólk til þess að hugsa

Frakkarnir Noom Diawara og Medi Sadoun leika í myndinni Ömurlegt brúðkaup sem sýnd er á Frönsku kvikmyndahátíðinni. Þeir eru staddir hér á landi og stefna á að smakka hákarl. Í myndinni er gert stólpagrín að fordómum enda kjósa þeir grín fram yfir predikun.

Gyða Lóa Ólafsdóttir
gydaloo@frettabladid.is

Opnunarmynd Frönsku kvikmyndahátíðarinnar er myndin Qu'est-ce qu'on a fait au Bon Dieu? eða Ömurlegt brúðkaup sem Philippe de Chauveron leikstýrði. Tveir af aðalleikurum myndarinnar, Noom Diawara og Medi Sadoun, eru staddir hér á landi í tilefni af hátíðinni.

„Maður vaknar klukkan tíu og það er enn þá dimmt úti, það er yndislegt. En það er bara af því að mér finnst gott að sofa,“ segir Sadoun hlæjandi þegar hann er spurður hinnar klassísku spurningar um hvernig þeim félögum lítist á landið.

„Við komum bara hingað í fyrradag, en við munum prufa hákarlinn,“ bætir Diawara spenntur við.

Ömurlegt brúðkaup hefur átt gífurlegum vinsældum að fagna í heimalandi sínu og um tólf milljónir hafa séð myndina sem fjallar um Verneuli-hjónin, fjórar dætur þeirra og jafnmarga tengdasyni.

Hjónin eru vel stæð, vel menntuð og kaþólsk. Þeirra heitasti draumur er að dætur þeirra giftist kaþólikkum en þrjár þeirra eru þegar giftar mönnum af ólíkum uppruna og með ólíkar trúarskoðanir. Þau binda því allar sínar vonir við yngstu dótturina. Þegar hún tilkynnir þeim að hún sé trúlofuð kaþólikka eru hjónin í skýjunum en þurfa fljótlega að horfast í augu við og takast á við fordóma sína.

Í myndinni er gert stólpagrín að fordómum og skilaboðin eru skýr. „Raunverulegt viðfangsefni myndarinnar er að burtséð frá því hversu ólík við erum þá getum við öll lifað saman í sátt og samlyndi. En það verða að vera einhverjir brandarar, sérstaklega af því að fólk vill ekki láta sér líða eins og það sé verið að predika yfir því. Ef þú segir það í gegnum brandara þá skilur fólk það. Og þá sér fólk hvað það getur verið vitlaust stundum,“



GÓÐIR FÉLAGAR Noom Diawara og Medi Sadoun eru góðir félagar og skemmtu sér vel við tókur myndarinnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

segir Diawara hlæjandi og bætir við: „Og hugsar með sér: ég geri líka svona vitleysu, kannski þarf ég að breytast? Og svo breytist það kannski eitthvað smá.“

Tökur myndarinnar stóðu yfir í um tvo mánuði og þeir segja það hafa verið skemmtilegan tíma sem einkenndist af hlátri. „Við þekktumst aðeins fyrir og þetta voru tveir mánuðir af tókum, hlátri og vinskapi,“ segir

Diawara og bætir við að eftir að tókum lauk séu þeir í miklu sambandi, hringist á og hittist oft. Sadoun tekur í sama streng og segir að þegar svo góð orka og vinátta verði til skili það sér í gæðum myndarinnar. Í næsta mánuði hefur hann tókur á nýrri mynd en mótleikari hans er enginn annar er franskur stórleikarinn Gerard Depardieu.

Diawara, sem er einnig uppi-

standari, hefur nýlega lokið við að skrifa nýtt uppistand og er einnig með gamanmynd í bígerð. „Fólk þarf að hlæja. Ég held að það sé mjög mikilvægt. Fara aðeins frá veruleikanum. Þú kemur í bíó og í einn og hálfan tíma gleymir þú öllum vandamálum þínum og ferð heim léttur og frjálst,“ segi Diawara og Sadoun bætir við: „Hláturinn er besta meðalið.“

Franska kvikmyndahátíðin fer

“Fólk þarf að hlæja. Ég held að það sé mjög mikilvægt. Fara aðeins frá veruleikanum.”

Noom Diawara

nú fram í fimmtánda sinn hérlendis og stendur yfir til 2. febrúar. Dagskrá hennar er hægt að nálgast á vefsíðunni Fff-is.com.

Dualit. HARÐSNÚINN • blandari •



Nýr öflugur 1000 vatta blandari frá Dualit sem hentar vel fyrir heimili sem og smærri fyrirtæki. Ný tækni, svokölluð VortecS tryggir að ekkert botnfall myndast og því blandast hráefnið betur saman. Dualit blandarinn er með sérstaka ísmulningsstillingu sem mylur jafnt ísmola sem og frosna ávexti.

- 2ja lítra harðplastkanna - sterk og höggþolin
- Auðvelt að losa könnu - létt og þægileg
- Má fara í uppþvottavél

Verð kr. 41.224,- m.vsk.



Veit á vandaða lausn

Verið velkomin í verslun okkar að Síðumúla 16. Opíð mán - fös 8.30 - 17.00

Síðumúli 16 • 108 Reykjavík • Sími 580 3900 • www.fastus.is



SKYTTA Jennifer Lawrence ætti að geta lagt bogann á hilluna von bráðar.

Hermiskaðinn hæstur

Hungurleikarnir orðin tekjuhæsta kvikmynd ársins.

Þriðja kvikmyndin um Hungurleikana, The Mockingjay – Part 1, var sú kvikmynd sem skilaði mestu í kassann í ár. Tekjur af myndinni námu alls rúmum 333 milljónum dollara. Talningin tekur aðeins til Bandaríkjanna.

Hungurleikarnir er eins og stendur örlítið ofar en mynd James Gunn, Guardians of the Galaxy. Aðeins munar nú um 8.000 dollurum á myndunum. Það bil gæti breikkað en fyrrnefnda myndin er enn í sýningu í nokkrum kvikmyndahúsum.

Í næstu þrjú sæti röðuðu sér

Captain America: The Winter Soldier, The LEGO Movie og síðasta myndin í þrileiknum um svaðilför Hobbitans Bilbo Bagga. Allar skiluðu þær um 250 milljónum dollara í tekjur.

Fyrri tvær myndirnar í flokknum skiluðu öllu meiri tekjum eða ríflega 400 milljónum dollara.

Áætlað er að fjórða og síðasta myndin í myndaflokknum muni koma út í nóvember á þessu ári. Gert er ráð fyrir að hún muni koma til með að skila viðlíka upphæðum til framleiðanda síns.

-j6e

ÚTSÖLUBRJÁLÆÐI

BORGAR 6.000 KR.

FÆRÐ 12.000 KR.

TÍVOLÍKORT



SMÁRA
TÍVOLI

SKEMMTUN FYRIR ALLA!

www.smarativoli.is / Sími 534 1900 / Smáralind

OPNUNARTÍMI

Mán. - Fim. 14:00 til 22:00
Föstudaga 14:00 til 23:00
Laugardaga 12:00 til 23:00
Sunnudaga 13:00 til 22:00

SMÁRA BÍÓ
HÁSKÓLA BÍÓ

SMÁRA BÍÓ	HÁSKÓLA BÍÓ
MORTDECAI KL. 8 - 10:25	WEDDING RINGER KL. 8 - 10:20
MORTDECAI LÚXUS KL. 10:25	PADDINGTON - ISL. TAL KL. 3 - 5:30
THE WEDDING RINGER KL. 2 - 5:40 - 8 - 11	TAKEN 3 KL. 8 - 10:25
BLACKHAT KL. 10:20	NIGHT AT THE MUSEUM 3 KL. 3
TAKEN 3 KL. 8 - 10:25	MOKINGJAY KL. 5:15
TAKEN 3 LÚXUS KL. 8	LULLU NAKIN KL. 6 / ENSK. TEXTI
PADDINGTON - ISL. TAL KL. 1 - 3:30 - 5:45	ÖMURLEG BRÚDKAUP KL. 8 / ISL. TEXTI
THE HOBBIT 3 3D 48R KL. 4:30 - 8	LYKTIN AF OKKUR KL. 10 / ENSK. TEXTI
THE HOBBIT 3 LÚXUS 3D 48R KL. 1 - 4:30	BÉLER FJÓLSKYLDAN KL. 8 / ENSK. TEXTI
NIGHT AT THE MUSEUM 3 KL. 1 - 3:30 - 5:45	AF ÖLLUM KRÖFTUM - BARA LAUG KL. 6 / ENSK. TEXTI
MÖRGÆSIR ISL. TAL 2D KL. 1 - 3:30	KONUNGURINN OG HERMIKRAKAN KL. 4 / ENSK. TEXTI
	AYA FRÁ BORGinni KL. 4 / ENSK. TEXTI
	LAURENCE HVERNIG SEM ER KL. 10 / ENSK. TEXTI
	HEIMILSLÍÐ - BARA SUNN KL. 6 / ENSK. TEXTI

FJÓLSKYLDUPAKKINN Barnafjóluskýldur fá alla miða á barnaverði Midasala á: eMiði

Skelfingin að sakna smóksins

BAKPANKAR Eyjólfssonar

Nokkur ár eru liðin frá því ég lagði herra Jóns Sigurðar Nikótín að velli. Ég spurði mig fyrir stystu hvort ég saknaði kauða og var svarið satt að segja svo óhuggulegt að ég svaf vart næstu dægur.

Ég komst nefnilega að því að ég sakna þess ekki í raun að sjúga í mig kosmiska krafta. Hins vegar sakna ég, þótt ótrúlegt megi virðast, smóksins og þá á ég við þessu andstyggilegu skúmasket sem okkur reykinga-fólki voru ætluð.



Í Fjölbrotaskólanum í Garðabæ gátum við, til að byrja með, reykt í anddyrinu og þar hitti ég skólaskáld gott, sem reyndar er nú á meðal okkar bestu rithöfundu. Hann var þá nýkominn af miðilsfundi þar sem hann atti kappi við sjálfan Bólu-Hjálmar, þar bitu aldeilis vopnin hans Braga.

SÍÐAN vorum við rekin í gám nokkurn, hrollkaldan, illa lyktandi og dimman. Þar reykti ég oft með mælskumanni miklum sem þuldi utanbókar heilu kaflana úr Íslands-klukkunni enda var aðbúnaðurinn engu betri en sá sem Jón Hreggviðs-

son varð að gera sér að góðu á sinni ævintýralegu ævi.

MED félögum mínum í blaðamennskunni hef ég margar retturnar reykt í hrollköldum skýlum í bleytu og fnyk. Þaðan á ég hins vegar alveg dásamlegar minningar. Oft gafst mér þá færi að ræða einslega við gamlan sjóara sem sagði mér af slagsmálum í erlendum höfnum. Eitt sinn treysti ég þessum vini mínum fyrir því að ég væri með bólu í klofi og hefði ég mikla áhyggjur af gangi mála. Það ég hann síðan að hafa ekki orð á þessu við nokkurn mann. Hann var við því en reyndar kallaði hann mig Hjálmar í nokkra daga á eftir en varðist fimlega þegar hann var inntur eftir ástæðunni.

SÖKNUÐURINN eftir þessum hræðilegu fylgnum veldur mér mikilli vanlíðan. Á maður kannski eftir að sakna alls þess versta þegar yfir lýkur? Hugsum okkur að Lykla-Pétur komi að mér í himnaríki og segi: „Æ, Jón minn, voðalega ertu daufur, þú saknar væntanlega fólksins á jörðinni og lífsins lystisemda?“ Miðað við smók-reynsluna þá er ég viss með að svara: „Nei, ég sakna bara svo rosalega mánudagsmorgnanna.“

Sheeran ætlaði að hætta í tónlist

Einn vinsælasti tónlistarmaður Bretlands var næstum búinn að gefast upp.

Einn vinsælasti tónlistarmaður Bretlands, Ed Sheeran, íhugaði að hætta í tónlistinni árið 2010 þegar hann var fátækur og heimilislaus, þrátt fyrir að hafa spilað á tónleikum fyrir fullu húsi í London.

„Mig langaði að hætta á tímabili. Þegar ég hugsaði: „Þetta er hræðilegt. Þetta er ekki að fara að ganga upp“,“ sagði hann 23 ára söngvari í nýrri bók sinni. „Í desember 2010 var uppselt á tónleika mína í Cargo í Shoreditch, stærstu tónleikana sem ég hafði spilað á. Það voru 500

manns þarna... og meira að segja pabbi mætti.“

Þrátt fyrir að tónleikarnir hafi gengið vel var hann óviss um hvort hann gæti spjarað sig. „Ég hafði unnið eins og brjálæðingur og spilað stanslaust í þrjú ár. Ég hafði gefið út fjórar EP-plötur. Ég var nýbúinn að spila á uppseldum tónleikum. Ég átti engan pening og ekkert heimili. Ég endaði á að fara heim til vinar míns og hágrét. „Gaur, ég get þetta ekki lengur,“ sagði ég.“



ED SHEERAN íhugaði að hætta í tónlistinni fyrir fimm árum.

LAUGARÁS BÍÓ
mid.is
Coca-Cola

Midasala og nánari upplýsingar

Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu.

LAUGARÁSBÍÓ	Sýningartímar
MORTDECAI	8, 10:15
PADDINGTON ISL. TAL	1:50, 4, 6
PADDINGTON ENS. TAL	1:50, 4, 6
BLACKHAT	8
TAKEN 3	10:35
HOBBIT 3 3D (48R)	6, 9
HOBBIT 3 3D	2

SMÁRA BÍÓ
HÁSKÓLA BÍÓ

TILNEFND TIL 8 ÓSKARSVERÐLAUNA
M.A. BESTA MYNDIN - BESTI LEIKARI - AÐALHÚTVERKI
BESTA LEIKONA Í AUKAHÚTVERKI - BESTI LEIKSTJÓRI

6 ÓSKARSTILNEFNINGAR
m.a. BESTA MYND ÁRSINS
Besti Leikari í aðalhlutverki - Bradley Cooper

AMERICAN SNIPER

SEARCH PARTY

THE IMITATION GAME

SMÁRA BÍÓ	HÁSKÓLA BÍÓ
THE IMITATION GAME KL. 3 - 5:30 - 8 - 10:30	THE IMITATION GAME KL. 3:30 - 5:30 - 8 - 10:30
SEARCH PARTY KL. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 - 10:30	AMERICAN SNIPER KL. 2:50 - 5 - 8 - 9 - 10:45
AMERICAN SNIPER KL. 5 - 8 - 10:10 - 10:45	BLACKHAT KL. 6 - 10:20
AMERICAN SNIPER VIP KL. 2 - 5 - 8 - 10:45	LOVE, ROSIE KL. 3:20
UNBROKEN KL. 8	HORRIBLE BOSSES 2 KL. 5:40 - 8
LOVE, ROSIE KL. 5:40 - 8	BIG HERO 6 ISL. TAL 2D KL. 2:50
HORRIBLE BOSSES 2 KL. 3:20 - 10:50	KÁTA EKKJAN OPERA ENDRÁÐLUT KL. 3
BIG HERO 6 ISL. TAL 2D KL. 1 - 2 - 3:20 - 5:40	THE IMITATION GAME KL. 3 - 5:30 - 8 - 10:10
ALGJÖR SVEPPI KL. 1	SEARCH PARTY KL. 5:50 - 8 - 10:30
SMÁRA BÍÓ KEFLAVÍK	AMERICAN SNIPER KL. 3 - 6:15 - 9
THE IMITATION GAME KL. 8 - 10:20	SMÁRA BÍÓ AKUREYRI
SEARCH PARTY KL. 8	THE IMITATION GAME KL. 10
AMERICAN SNIPER KL. 10:10	SEARCH PARTY KL. 3 - 8
PADDINGTON ISL. TAL KL. 1:30 - 3:40	AMERICAN SNIPER KL. 5:10 - 8 - 10:45
PADDINGTON ENSK. TAL KL. 5:50	BLACKHAT KL. 5:10
BIG HERO 6 ISL. TAL 2D KL. 1:30 - 3:40 - 5:50	BIG HERO 6 ISL. TAL 2D KL. 3

SPARBÍÓ MERKTAR MEÐ APPELSÍNUGULU KR. 750

Simi: 553 2075
Ódýrt í bíó

- bara lúxus

PADDINGTON ISLENSKT OG ENSKT TAL
TILBOÐ KL. 1:50

THE HOBBIT
TILBOÐ KL. 2

LAUGARÁS BÍÓ TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS

SPARBÍÓ
SEARCH PARTY

MERKTAR MEÐ APPELSÍNUGULU Í BÍOAUGLÝSINGUM SAMBÍÓANNA, KR. 750

FJÓLSKYLDUPAKKINN
Allir borga barnaverð

MINNST 4 MIÐAR. A.M.K. 2 BÖRN Á ALDRINUM 2-11 ÁRA

NÁNAR Á WWW.SMARBIO.IS/BYLTING

DAGSKRÁ OG MIDASALA ER Á EMÍÐI.IS

HÁSKÓLA BÍÓ **SMÁRA BÍÓ**

GIRLHOOD
BÍÓ PARADÍS

HAPPY HOUR Á BARNUM 17-20

Whiplash	16.00	Winter sleep	20.00
Believe	16.00	Of mice and men	20.00
Andri og Edda	16.00	A most wanted man	20.00
Girlhood	18.00	Mommy	22.30
Hross í oss ENG. SUB	18.00		

Nýr og ótrúlega fjölhæfur Vito

Þér er boðið á sýningu í dag kl. 12-16

Vito er í boði sem sendibíll, fjölnotabíll og sem fólksbíll. Hann fæst framhjóla-, afturhjóla- og fjórhjóladrifinn. Þrjár lengdir og fimm vélaútfærslur í boði. Framúrskarandi aksturseginnleikar, sparneytni, þægindi og tæknileg fullkomnun.

Við bjóðum þér að koma og kynna þér Vito. Hlökkum til að sjá þig.

Einnig verða til sýnis Citan, Sprinter og nýr V-Class.



Mercedes-Benz

Sigur á Egyptum eða treysta á Alsír

HANDBOLTI Möguleikar Íslands í að komast áfram í 16-liða úrslit HM í handbolta liggja í tveimur þáttum. Annaðhvort að vinna Egyptaland í dag eða treysta á að strákarnir nái betri úrslitum í sínum leik en Tékkar gera gegn Alsír. Alsíringar virðast vera með langlakasta lið riðilsins í Doha og teljast því ólíklegir til afreka gegn Tékklandi sem eru að spila upp á líf og dauða í dag.

Strákarnir þurfa því allra helst að vinna lið Egyptaland sem hefur bæði spilað vel gegn sterkum liðum í mótinu til þessa og fær þar að auki gríðarlega góðan stuðning fjölmargra landa sinna í stúkuni. Viðbúid er að lætin í Al Sadd-höllinni verði mikil í kvöld.

Ísland hafnar í þriðja sæti riðilsins með sigri á Egyptalandi og mætir þá að öllum líkindum annaðhvort Danmörku eða Póllandi í 16-liða úrslitum. Dönnum dugir jafntefli í leik liðanna í kvöld til að tryggja sér annað sæti síns riðils.



- esá

Líkamsárásin á Aron Pálmarsson var mögulega örlagavaldur

HANDBOLTI Aron Pálmarsson spilar ekki með Íslenka landsliðinu gegn Egyptalandi á HM í Katar í dag. Þetta staðfesti Örnólfur Valdimarsson, læknir Íslenka liðsins, í gærmorgun.

„Aron fékk höfuðhögg undir kjálkann [gegn Tékklandi] og líklega er ástæðan fyrir [heilahristingnum] að hann fékk höfuðhögg fyrir nokkrum vikum. Þá var hann orðinn veikur fyrir. Það er ekki víst en líklegt,“ sagði Örnólfur en Aron varð fyrir líkamsárás í miðbæ Reykjavíkur á milli jóla og nýárs. Örnólfur sagði engu að síður að það hefði ekki verið áhættusamt að láta Aron spila í Katar.

Örnólfur sagði að líklega væri en ekki að Aron spilaði ekki meira á heimsmeistaramótinu en það kæmi þó ekki í ljós strax.

„Hvað heilahristing varðar verður maður að fara eftir einkennum. Hann verður að vera einkennalaus áður en hann byrjar að hreyfa sig á ný,“ sagði Örnólfur. „Ef hann verður svo í lagi við áreynslu má hann spila en ef hann verður áfram með einkenni verður hann að hvíla á ný.“ Aron hefur verið lykilmáður í Íslenka liðinu á mótinu til þessa og ljóst að hann verður saknað þegar strákarnir leika gegn Egyptalandi klukkan 16.00 í dag.



PUNGT HÖGG Aron Pálmarsson fékk að finna fyrir því. FRÉTTABLAÐIÐ/EVA BJÖRK

HM Í HANDBOLTA Katar 2015

ÚRSLIT

A RIÐILL

Brasilía - Síle	30 - 22 (12-13)
Spánn - Slóvenía	30 - 26 (14-10)
Katar - Hvíta-Rússland	26 - 22 (7-12)

LOKASTADAN

Spánn	5	5	0	0	162-127	10
Katar	5	4	0	1	137-122	8
Slóvenía	5	3	0	2	160-145	6
Brasilía	5	2	0	3	146-143	4
Hvíta-Rússl.	5	1	0	4	147-155	2
Síle	5	0	0	5	104-164	0

B RIÐILL

Túnis - Íran	30 - 23 (12-12)
Makedónía - Austurríki	36 - 31 (16-16)
Krótía - Bosnía	28 - 21 (17-8)

LOKASTADAN

Krótía	5	5	0	0	158-124	10
Makedónía	5	4	0	1	153-138	8
Austurríki	5	2	1	2	147-140	5
Túnis	5	2	1	2	132-133	5
Bosnía	5	1	0	4	118-128	2
Íran	5	0	0	5	127-172	0

SEXTÁN LIDA ÚRSLITIN Á SUN.

Spánn - Túnis	Krótía - Brasilía
Austurríki - Katar	Slóvenía - Makedónía

LEIKIR DAGSINS

C: Ísland - Egyptaland	kl. 16:00	SPORT
